



30

Með ilmandi umslög í farteskinu

24

Skógfræðidúx með áform

24

Unir glöð og býr að sínu

28

Biobóndinn í Litlu-Hildisey

# Bændablaðið

2. tölublað 2024 • Fimmtudagur 25. janúar • Blað nr. 649 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

## Verðlækkun á áburði

Veruleg verðlækkun er á köfnunarefnisáburði á milli ára og talsverð lækkun á tví- og þrígildum tegundum, eftir miklar hækkunir á undanföllum árum.

Þrjú áburðarsalar hafa gefið út verðskrá fyrir þetta ár, Lífland, Skeljungur og Sláturfélag Suðurlands.

Elías Hartmann Hreinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands segir að köfnunarefnisáburður hafi lækkað langmest af hefðbundnum áburðartegundum.

„Við gáfum okkar verðskrá fyrst út í desember og síðan hefur verð lækkað enn frekar. Nú er ljóst að 31 prósent lækkun er á köfnunarefnisáburðinum hjá okkur frá því í fyrra. Kalksalpeteráburðurinn lækkar reyndar meira, eða um 42 prósent, en hann er hentugur þegar þörf er á köfnunarefni og kalki. Tví- og þrígildar tegundir lækka um 22 prósent,“ segir Elías.

Ánægjulegt að geta lækkað verð til bænda

Lúðvík Bergmann hjá Skeljungu, segir að það sé afar ánægjulegt að geta lækkað áburðarverð til íslenskra bænda eftir þær miklu hækkunir sem þeir hafa þurft að takast á við á undanföllum árum.

„Köfnunarefnisáburðurinn lækkar um 30 prósent, tvígildar tegundir um 25 prósent og þrígildar tegundir um 21 prósent,“ segir Lúðvík.

Verðskrá Líflands birt í gær

Áburðarverðskrá Líflands fór í almenna birtingu í gær. Jóhannes Baldvin Jónsson segir að verðbreytingar á milli ára í algengum tegundum séu í grófum dráttum þannig að eingildur köfnunarefnisáburður lækki um rúm 29 prósent milli ára, tvígildur NP LÍF 24-5+Se lækki um rúm 25 prósent og flestar þrígildar áburðartegundir lækki um 20–22 prósent milli ára.

lsmh



Kúabúið Stóra-Mörk 1 í Rangárþingi eystra var með hæstu meðalafurðir á landinu í fyrra með 8.903 kílógrömm mjólkur eftir árskú. Eyvindur Ágústsson og Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, bændur í Stóru-Mörk, rekja árangurinn til vandaðs fódurs og góðs aðbúnaðar í fjósinu. – Sjá nánar á síðum 32–33. Mynd / Ástvaldur Lárusson




## Bóndinn horfir fram á veginn

Ísak Jökulsson rekur búið Ósabakka ehf. í samvinnu við föður sinn, Jökul Helgason, auk þess að vera í stjórn Samtaka ungra bænda. – 55 –

## Merkjalýsing landeigenda

Reglugerðardrög gera ráð fyrir að landeigendum verði skylt að láta gera merkjalýsingar um fasteignir sínar. Verklagi við hnitsetningu og skráningu jarða verður þannig breytt með afgerandi hætti. – 16 –



Íslandi skipt í svæði eftir frávikum.

## Sjálfbær landnýting

Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hafa verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Um er að ræða meginreglur og viðmið fyrir þá landnýtingarflokka sem reglugerðin nær yfir; beit búfjár, akuryrkju, framkvæmdir og umferð og ökutæki. – 14 –

## Mjólkurkvótaviðskipti:

# Lánafyrirgreiðsla lýtur ekki fjármálaeftirliti

Fjármálastarfsemi samvinnufélaga lýtur ekki sama eftirliti og lánastarfsemi fjármálafyrirtækja.

Þrátt fyrir að veita bændum fyrirgreiðslur og langtímalán hafa hvorki Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa né menningar- og viðskiptaráðuneytið eftirlitsskyldu gagnvart slíkri starfsemi. Kúabóndi sem gagnrýndi aðkomu Kaupfélags Skagfirðinga að

viðskiptum með greiðslumark mjólkur í síðasta tölublaði Bændablaðsins telur að bændur og ríkisvaldið þurfi að varða leið út úr því sem hann kallar öngstræti í átt að farsælla fyrirkomulagi mjólkurframleiðslunnar.

Tilgangur samvinnufélagsins KS er meðal annars að efla atvinnulíf á starfssvæði sínu með beinni og óbeinni þátttöku félagsins. Það gerir félagið meðal annars með því að aðstoða

félagsmenn sína við kaup á mjólkurkvóta, enda er framleiðslugeta fjósa á svæðinu orðin umfram þann framleiðslurétt sem margir eiga.

Í reynd er þetta staðan víðar um land. Snorri Sigurðsson, sérfræðingur í nautgriparækt, telur að tæknileg framleiðslugeta fjósa landsins sé afar vannýtt, ekki eingöngu í Skagafirði. Nýting á Íslandi sé ekki nema rétt um þriðjungur þess sem tæknin og

búnaðurinn sem fjárfest hefur verið í ræður í raun og veru við.

Við þá heildarendurskoðun á styrkjakerfi í landbúnaði sem nú er í farvatninu gefst stjórnvöldum tækifæri til að skoða þennan aðstöðumun og gagnsemi þeirrar framleiðslustýringar sem nú er við lýði í mjólkurframleiðslu.

Sjá nánar á síðum 20–23.



Skjóða frá Hnjúki.

Mynd / Marianna Gestsdóttir

## Skjóða slær Íslandsmet

Nythæsta kýr landsins árið 2023 var Skjóða frá Hnjúki í Vatnsdal. Hún skilaði 14.762 lítrum mjólkur á liðnu ári, sem eru mestu ársafurðir sem mælst hafa úr íslenskri kú.

Á Hnjúki eru Marianna Gestsdóttir og Sigurður Rúnar Magnússon bændur. Marianna segist ekki hafa einhlíta skýringu á þessum árangri, en Skjóða hefur fengið sama fóður og meðferð og aðrar kýr á bænum. Hún sé stór og mikill gripur og af ætt nythárra kúa.

Marianna minnst sérstaklega á langömmu Skjóðu sem hafi mjólkað heilt ofboð fyrir fimmtán árum. Þá er móðuramma Skjóðu undan fyrsta kynbótanautinu sem Sigurður og Marianna sendu á nautastöð.

„Ég myndi ekki segja að hún sé frek, en hún gerir það sem hún ætlar sér,“ segir Marianna aðspurð um hvaða karakter Skjóða hafi

að geyma. Þá sé hún brussa þótt Marianna bæti við að hún sé almennt þæg. Skjóða er fimm ára og er á sínu þriðja mjaltaskeiði.

Marianna segir hana vera heilbrigða og býst ekki við öðru en hún eigi mikið inni. Þrátt fyrir þá miklu nyt sem hún var með þá missti hún aldrei hold.

Nokkur heppni spili inn í að Skjóða hafi orðið nythæsta kýr landsins, en hún bar í kringum jólin 2022 og var því ekki í geldstöðu neinn hluta síðasta árs. Skjóða náði yfir fimmtíu lítra dagsnyt í fjóra mánuði, sem Marianna segir óvenju langan tíma, og mætti kýrin fjórum sinnum í mjaltþjóninn á dag þegar mest var.

Nánar er fjallað um niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum á síðum 44–45. /al

### Riðutilfelli:

# Arfgerðagreiningar unnar á Eiðsstöðum

Riðusmit var staðfest 9. janúar í kind frá bænum Eiðsstöðum í Blöndudal í Húna- og Skagahólfi.

Um sýnatöku úr sláturfé var að ræða og reyndist smitið vera úr þriggja vetra á. Búrekstur er sameiginlegur með nágrannabænum Guðlaugsstöðum og er heildarfjöldi um 700 fjár á bæjunum tveimur.

Ekki hefur áður greinst riða á Eiðsstöðum en síðast greindist riða á Guðlaugsstöðum árið 1993.

### Arfgerðagreiningar og faraldsfræðilegar upplýsingar

Stefnt er að því að lokið verði við arfgerðagreiningar á hjörðinni í janúar og faraldsfræðilegum upplýsingum safnað. Guðmundur Halldór Sigurðarson er eigandi hjarðarinnar og segir hann að staðan sé óbreytt frá því að smitið var staðfest. „Við höfum reyndar haldið fund með Matvælastofnun þar sem farið var yfir málin og möguleikana í stöðunni. Það er unnið að sýnatökum til arfgerðagreiningar en ekkert enn komið út úr þeim.“

Við höfum unnið að því á undanförunum tveimur árum að innleiða verndandi og mögulega verndandi arfgerðir í hjörðina og eigum von á lömbum í vor með slíkar arfgerðir. Það er til skoðunar og til umræðu hvernig eigi að taka á þeirri stöðu með tilliti til nýju reglugerðarinnar um viðbrögð við riðusmitum, að möguleikar séu á að gripum með þessar arfgerðir sé hlíf við niðurskurði. Við vitum að við erum með bæði hrúta og lömb sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, eftir að tekin voru sýni með slembiúrtaki.“

Að sögn Guðmundar er það nú til skoðunar hvort halda eigi sauðfjárbúskapnum áfram – en



Eiðsstaðir og Guðlaugsstaðir eru í Blönduhlíð.

Mynd / ghp



Þorvaldur H. Þórðarson.

ekkert enn verið ákveðið. Búrekstur hefur verið sameiginlegur á Eiðsstöðum og Guðlaugsstöðum í um sjö ár og tengjast bændurnir fjölskylduböndum.

### MAST stendur straum af kostnaði

Þorvaldur H. Þórðarson, starfandi yfirdýralæknir Matvælastofnunar, segir að ákvörðun um sýnatöku liggi alltaf hjá eigendum hjarðarinnar, en sé háð samþykki Matvælastofnunar.

Segir hann að eigendur beri jafnframt ábyrgð á sýnatökunni. Væri arfgerðagreining ekki framkvæmd, eða ekki lægi fyrir vitneskja um verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir, þyrfti að fara í fullan niðurskurð samkvæmt reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. „Ef ákveðið er að taka sýni og greina arfgerð þurfa niðurstöður að liggja fyrir áður en ákveðið er hvernig staðið verður að niðurskurði.“

Þess skal getið að í þessu tilfelli hefur matvælaráðuneytið boðist til að standa straum af kostnaði við greiningu sýna,“ segir Þorvaldur.

Vardandi viðbrögð stofnunarinnar við mögulegum ófæddum lömbum með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir, segir hann að það verði skoðað nánar þegar niðurstöður arfgerðagreiningar liggi fyrir. Þá verður jafnframt skoðað hvort reglugerðir nái til slíkra tilvika. /smh

## Trausti býður sig fram gegn Gunnari

Í aðsendri grein hér í blaðinu lýsir Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, yfir framboði til formanns samtakanna.

Á aukabúnaðarþingi 14. nóvember síðastliðinn tilkynnti Gunnar Þorgeirsson, formaður samtakanna, um að hann hygðist gefa kost á sér til endurkjörs á Búnaðarþingi í byrjun marsmánaðar.

Gunnar var kjörinn formaður þann 3. mars árið 2020, en hann er garðyrkjubóndi á Ártanga í Grímsnesi. Trausti er sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum. Samkvæmt samþykktum BÍ er formaður kosinn á tveggja ára fresti, til tveggja ára í senn, með rafrænni kosningu allra félagsmanna. Framboðsfrestur til formannskjörs er til 22. febrúar. /smh



Trausti Hjálmarsson.

### Matvælaráðuneyti:

# Forsætisráðherra stýrir í fjarveru Svandísar

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra er farin í tímabundið veikindaleyfi. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun stýra ráðuneytinu á meðan veikindaleyfi Svandísar stendur.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra birti tilkynningu um að hún væri komin í veikindaleyfi á Facebook-síðu sinni 22. janúar og kom tilkynningin flestum mjög á óvart. Hún hafði upplýst fjölskyldu sína og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra um veikindin áður en færslan var birt.

Hinn sama dag mælti Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fyrir tillögu til þingsályktunar um vantraust á Svandísi. Byggði vantrauststillagan á þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis að ákvörðun Svandísar um að stöðva hvalveiðar tímabundið sl. sumar hefði ekki átt sér nægjanlega stöð í lögum.

Inga dró vantrauststillöguna samdægurs til baka eftir að ljóst var að matvælaráðherra væri komin í veikindaleyfi. Flutningsmenn tillögunnar, auk Ingu, voru allir úr Flokki fólksins, þau Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob



Katrín Jakobsdóttir.



Svandís Svavarsdóttir.

Frimann Magnússon og Tómas Tómasson.

### Forsætisráðherra hleypur í skarðið

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun gegna störfum matvælaráðherra á meðan veikindaleyfinu stendur, að því er fram kemur hjá Stjórnarráðinu. Hún lét hafa eftir sér að verkefnum ráðuneytisins yrði forgangsraðað og að hún myndi sinna því sem nauðsyn bæri til meðan línur skýrist.

Á annan tug þingmála, frumvörp og tillögur til þingsályktana eru á borði matvælaráðherra fyrir vorþingið, sbr. útgefna þingmálaskrá. Þar á meðal varðandi breytingu á opinberu eftirliti með matvælum og breytingu á lögum um velferð dýra

hvað eftirlit varðar. Flest beinast þingmálin þó að sjávarútvegi.

### Ekki tilefni til aðgerða

Að morgni 22. janúar birti Svandís einnig færslu á Facebook þar sem hún ræðir álit umboðsmanns Alþingis vegna stöðvunar hennar á hvalveiðum sl. sumar. Þar kemur m.a. fram að ekki sé tilefni til sérstakra aðgerða vegna álitsins samkvæmt lögfræðiálitinu úr matvælaráðuneytinu. Hún hyggist engu að síður gera tvennt:

Annars vegar að „fela óháðum aðila að fara yfir stjórnslu og lagaumgjörð hvalveiða, þ.m.t. alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins, og valdheimildir stjórnvalda á þeim grundvelli. Álitsgjafi verði jafnframt beðinn um að gera tillögur að úrbótum eftir því sem við á, og eftir atvikum tillögur að breytingum á lögum.“

Hins vegar að „fela ríkislögmanni að leggja mat á framkommið erindi Hvals hf. þar sem félagið óskar eftir viðræðum við ríkið um mögulegt uppgjör vegna álitsins.“ Þetta geri hún til að undirstrika mikilvægt eftirlitshlutverk umboðsmanns Alþingis. /sá



## FÁÐU LÍF Í TÚN OG AKRA

**Áburðarverðskráin er komin út!**  
15 tegundir af fjölkorna gæðaáburði





Skannaðu kóðann með símanum til að skoðaverð og nánari upplýsingar



# FÖRUM LENGRA Á NÝJU ÁRI

Komdu og spjallaðu við söluráðgjafana okkar  
og keyrðu inn í nýtt ár á góðum kjörum



TOYOTA **HILUX** - Þjarkur búinn þægindum

Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



2018  
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum.

# Nýskilgreind skeiðgen

Nýlega voru skilgreind tvö ný gen í íslenska hestinum sem hafa mikil áhrif á skeiðgæði þeirra.



Heiðrún Sigurðardóttir.

Þessi nýja uppgötvun gæti bætt markvissari ræktun á fjórgangs-, fimmgangs- eða skeiðhrossum. Heiðrún Sigurðardóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Sænska landbúnaðarháskólann í Uppsölum, hefur á síðustu árum unnið að doktorsverkefni um erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins.

Í aðsenni grein eftir Heiðrúna, sem lesa má á bls. 38, segir hún frá verkefni sínu sem er langt komið.

Í því fjallar hún meðal annars um tvö ný gen, RELN og STAU2, sem virðast hafa áhrif á skeiðgætu hestsins í samvinnu við áður uppgötvað skeiðgen, DMRT3. /ghp



Um 56 prósent losunar gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði er vegna sauðfjár- og nautgriparæktar. Mynd / smh



Diljá Helgadóttir. Mynd / Aðsend

Gróðurhúsalofttegundir:

# Losun minnkar frá landbúnaði í takti við fækkun sauðfjár

## SKE skoðar útboð á tollum

Samkeppniseftirlitið (SKE) ætlar að kynna sér niðurstöður útboðs á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu.

Niðurstöður síðasta útboðs sýna fram á hrun í eftirspurn og mikla lækkun á jafnvægisverði í nokkrum tollflokkum, öfugt við þróun markaða og fyrri útboð. Munurinn var áberandi í nautakjöti en þar reyndist jafnvægisverð 1 króna fyrir hvert innflutt kíló en var 550 og 690 kr/kg í fyrra.

Um fjöllun um niðurstöður útboðsins gaf Samkeppniseftirlitinu tilefni til að skoða málið í samræmi við málsmeðferðarreglur stofnunarinnar. Samkvæmt svari frá stofnuninni mun hún kynna sér málið en ekki liggja fyrir neinar ákvarðanir um athuganir á þeim atvikum sem vakin var athygli á í umfjöllun Bændablaðsins.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnu rekenda, sagði í hádegisfréttum RÚV að töluverðar birgðir hafi verið til staðar í landinu fyrir útboðið. Félagið heldur þó engar skrár um birgðastöðu.

Aðspurður segist Ólafur hafa orð innflytjenda fyrir því að í lok árs hafi talsverðar birgðir verið til vegna minni eftirspurnar á markaðnum. /ghp


Í nýlegum niðurstöðum Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði árið 2022 kemur fram að hún dróst saman um 2,5 prósent frá árinu á undan.

Er talið að samdráttinn megi að mestu leyti rekja til fækkunar sauðfjár á milli árunna, en gripum fækkaði þá um 17 þúsund, eða 4,4 prósent, samkvæmt gögnum stofnunarinnar.


### Nautgripir losa mest

Losun frá landbúnaði taldist vera um 22 prósent af þeirri losun sem fellur undir beina ábyrgð Íslands árið 2022. Til samanburðar var losun vegna vegasamgangna um 33 prósent af losun á beinni ábyrgð Íslands það ár. Heildarlosun frá landbúnaði er skipt niður í sex undirflokkar; mest losa nautgripir, eða 30,6 prósent, sauðfé síðan með 24,6 prósent og áburðarnotkun með 22,4 prósent. Framræst ræktarland er með 12,4 prósent af heildarlosun, hestar með 6,4 prósent og önnur losun flokkast með 3,6 prósent.

Losun frá vinnuvélum í landbúnaði er ekki flokkuð með losun í landbúnaði, heldur fellur hún undir losun frá orkugeiranum. Sú losun er metin um fjögur prósent af heildarlosun frá landbúnaði.



Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði á Íslandi 2022 skipt eftir undirflokkum. Mynd / Umhverfisstofnun



Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði á Íslandi 1990-2022 og áætlun til 2030, skipt eftir losunarflokkum. Mynd / Umhverfisstofnun

### Einungis hláturgas frá framræstu ræktarlandi

Í undirflokknum „framræst ræktarland“ er í losunartölum fyrir landbúnað eingöngu um að ræða mælingar á losun gróðurhúsalofttegundarinnar hláturgass (N<sub>2</sub>O), sem er mjög áhrifamikil. Mest er losun frá framræstum ræktarlöndum á koldíoxíð (CO<sub>2</sub>) en sú losun er talin fram í landnotkunar- og skógræktarhluta loftslagsbókhaldsins, sem ekki er á beinni ábyrgð stjórnvalda.

Diljá Helgadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að í þeirri útreikningum sé tilmæltum Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) fylgt, spurð um ástæður þess að losun frá framræstu ræktarlandi sé flokkuð með tvenns konar hætti.

„Þessi flokkun er aðeins öðruvísi en í flestum tilvikum þar sem mismunandi lofttegundir falla undir mismunandi flokka. Ef umfang losunar þessara tveggja lofttegunda frá framræstu ræktarlandi er borið saman í CO<sub>2</sub>-ígildum sést að koldíoxíð-losunin er mun meiri en hláturgas-losunin, eða 1.637 tonn CO<sub>2</sub>, en 68 tonn CO<sub>2</sub>-ígildi af hláturgasi. Vissulega getur verið snúið að setja þetta fram á skýran hátt þar sem losun frá sömu uppsprettu

fellur undir tvo mismunandi skuldbindingaflokka, en við erum einfaldlega háð takmörkum þessara tilmæla sem IPCC gefur út og okkur ber að starfa samkvæmt,“ segir Diljá.

### Byggt á innlendum og erlendum losunarstuðlum

Spurð um forsendur útreikninganna á losun frá undirflokkunum, segir Diljá að bæði sé notast við losunarstuðla frá IPCC og losunarstuðla sem byggja á innlendum rannsóknnum og gögnum. „Stuðlar frá IPCC eru notaðir við útreikninga á losun frá áburðarnotkun í landbúnaði, hestum og öðrum uppsprettum. Innlendir stuðlar eru notaðir við útreikninga á losun frá nautgripum, sauðfé og framræstu ræktarlandi.

Í þeim tilvikum sem við notum losunarstuðla frá IPCC reynum við ef hægt er að velja stuðla sem eiga við um aðstæður sem eru sem líkastar þeim sem finnast hérlandis. Til dæmis notum við losunarstuðulinn fyrir Vestur-Evrópu við útreikninga á losun áburðarnotkunar í landbúnaði þar sem aðstæður á Íslandi eru hvað líkastar aðstæðum í þessum heimshluta.

Í þeim tilvikum þar sem innlendir losunarstuðlar eru notaðir þá taka þeir mið af íslenskum aðstæðum og gögnum. Til dæmis, við útreikninga

á losun vegna nautgripa og sauðfjár, hafa innlendir losunarstuðlar verið hannaðir út frá rannsóknum á meðalstærð gripa hérlandis, fæðuringntöku, lengd fæðurtímabils, fæðingarþyngd og meðgönguhlutföll. Innlendir losunarstuðlar eru því yfirleitt nákvæmari en stuðlar sem fengnir eru frá IPCC. Stöðug vinna er í gangi við að bæta gæði okkar útreikninga og sem felst meðal annars í því að búa til fleiri innlenda losunarstuðla,“ útskýrir Diljá.

### Ekki mikill samdráttur fram undan

Í framreikningum Umhverfisstofnunar frá síðasta ári, sem eru byggðir á nógildandi aðgerðaráætlun í loftslagsmálum frá 2020, er ekki gert ráð fyrir miklum samdrætti í losun frá landbúnaði til ársins 2030. Diljá segir að líklegt sé að útreikningar taki breytingum í samræmi við uppfærða aðgerðaráætlun sem sé í vinnslu.

Þegar Diljá er spurð um möguleika bænda til kolefnisjöfnunar, til að leggja inn í bókhaldið, segir hún að það sé eitthvað sem falli ekki undir það losunarbókhald Íslands sem Umhverfisstofnun heldur utan um. „Það eru miklir möguleikar hér og erlendis til að kolefnisjafna hvers kyns rekstur með landgræðslu og skógræktaraðgerðum. Ef bændur fara til að mynda í skógræktarverkefni hér á landi til þess að gera upp, eða kolefnisjafna sinn rekstur, þá birtist sú binding sem til verður í LULUCF hluta losunarbókhalds Íslands. Hins vegar er það ekki svo að það dragi úr losun eða kolefnisjafni losun frá landbúnaði í losunarbókhaldi Íslands þar sem bókhaldið er fyrst og fremst framtal en ekki uppgjör.“ /smh

## Gæði fyrir dýrin og þig!

**FB Reykjavík**  
Korngarðar 12  
570 9800

**FB Selfoss**  
Austurvegur 64 a  
570 9840

**FB Hvolsvállur**  
Duftþakabraut 1  
570 9850

www.fodur.is  
fodur@fodur.is



Knowledge grows



## Einkorna Yara áburður Hin fullkomna pakkalausn

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.



Sláturfélag Suðurlands  
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070  
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2024

Upplýsingar á yara.is  
og hjá sölumönnum.







Rakel Rut Valdimarsdóttir segir mestu máli skipta að matvaran sé ódýr. Myndir / ál.

# Íslensk framleiðsla eða ekki?

„Skiptir það þig máli, þegar þú verstar í matinn, hvort framleiðslan sé íslensk og þá af hverju?“ var spurning sem Bændablaðið spurði nokkra neytendur á förnunum vegi. Þó þetta sé ekki vísindaleg könnun virtust flestir neytendur vera sammála um að uppruni matvörunnar skipti máli.

/ál



Kristjana Elínborg Óskarsdóttir (t.v.) vill styðja íslenska framleiðslu. „Ég er Íslendingur og ég vil að okkur gangi sem allra best,“ segir hún. Klara Rún Kjartansdóttir tekur undir þau orð. Minna sé notað af meindýræitri við framleiðslu á íslenskum matvælum en erlendum.



„Já, maður veit ekkert hvað er í þessu innflutta,“ segir Guðjón Sigvaldason.



Sigvaldi Jónasson vill styðja íslenskan landbúnað og segir að innlendir vörur séu mikið betri.



„Já, algjörlega,“ segir María Vilborg. Hún nefnir í því samhengi að lægra vistspor sé á innlandri framleiðslu og að hægt sé að treysta vatninu. Þá sé hægt að stóla á að farið sé eftir stöðlum hvað varðar eitrefni en hún myndi þó vilja sjá meira lífrænt.



„Já, þú vilt fá íslenskt grænmeti og skyr,“ segir Dagbjört Eri Baldursdóttir (t.v.). „Ég verla ekki mikið í matinn,“ segir Asdís Rún Hrafnhildardóttir.



„Algjörlega. Vegna þess að hún er betri,“ segir Guðrún Bjarnadóttir. „Ég hætti að kaupa papriku á veturna ef ég fæ ekki íslenska. Ég er ekki mikil kjötæta en ef ég borða kjöt þá vel ég íslenskt og helst lamb. Það er allt annað bragð, ferskara og ég treysti því að það sé minna notað af eitrefnum.“



„Alveg númer eitt,“ segir Guðlaugur Valur Brynjólfsson með áherslu. „Ég vil að við borðum það sem við framleiðum hérna í landinu.“



„Hundrað prósent,“ segir Sylvía Dögg Halldórsdóttir. „Ég vil styðja íslenskan landbúnað og íslenska framleiðslu í einu og öllu.“

## Vísnaðhornið

Sennilega hafa fáir orðað listina að yrkja betur en Húnavetningurinn Óskar í Meðalheimi:

*Að meitla rím og móta brag  
margur gat og vildi:  
Aldagamalt íslenskt fag  
enn í fullu gildi.*

Óskar orti í hlédrægni, kannski uppperðar:

*Löngum smá ég ljóðin á  
lítið áberandi  
eins og fáein ýlustrá  
upp úr gráum sandi.*

Óskar orti upp úr blaðafréttum, þegar lögreglumenn og hjálparsvéit skáta fengu samliggjandi sali til veisluhalds.

Um nóttina opnaðist hurð milli sala og urðu hrindingar milli hópa, lögreglumaður beit hjálparsvéitarmann.

*Lögreglan okkar er löngum  
í fréttum  
líðið í Nesbúð að fögnuði sat.  
Peir höfðu þar veislu með  
hefðbundnum réttum  
og hjálparsvéit skáta í  
eftirmat.*

Um alþekktan matarsmekk orti Óskar:

*Met ég ket á mínum disk  
meðan hér ég lafi,  
þó aðrir séu að elta fisk  
úti í Ballarhafi.*

Heiðrekur frá Sandi orti svohljóðandi vísu:

*Það sem skilur okkur að  
er í raun og veru,  
að Húnavetningar þykjast það  
sem Þingeyingar eru.*

Óskar mun hafa svarað:

*Þingeyinga mesta mein  
er montið opinbera.  
Það er betra í þeirri grein  
að þykjast en að vera.*

Hjálmar Freysteinnsson lækni var fæddur í Vagnbrekku, Mývatnssveit.

Trúlega var Hjálmar ekkert montinn, en allavega fyndnastur þingeyskra hagyrðinga, að mínu viti. Hann orti um nútímavænju:

*Heiman að sem best sig bjó  
í hjörtu veðri og svölu.  
Hafði nesti, nýja skó  
og nýja kennitölu.*

Hjálmar orti um sína stétt:

*Heimilislækna þú heiðra skalt  
þeir hafa flestir það orð á sér  
að vera lagnir að lækna allt  
sem lagast af sjálfu sér hvort  
eð er.*

Hjálmar sendi Péttri Péturssyni þessa einhvern tímann, báðir lækna og snilldar hagyrðingar:

*Í vísu dýrum vandi býr;  
vitið flýr en rímið dafnar.  
Efnisrýr og ekki skýr,  
út í mýri stakan hafnar.*

Fremstur allra í heiminum var Hjálmar við limrusmiði, eins þó víðar væri leitað:

*Þorfinnur þögli frá Mó  
af þögninni loksins fékk nóg  
Þá sagði 'ann: Jæja!  
Það lét hann nægja  
og þagði svo þar til hann dó.*

Umsjón: Magnús Halldórsson  
mhalldorsson0610@gmail.com



Jón Örn Ólafsson, bóndi á Nýjabæ, heldur á arfhreinni Angus-kvígu. Mynd / Edda Ævarsdóttir

## Hraðvöxnustu nautin í Nýjabæ

Mikill daglegur vöxtur var á ungneytum í Nýjabæ undir Eyjafjöllum í fyrra samkvæmt niðurstöðum skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni.

Á listanum yfir tíu hraðvöxnustu nautin á landinu voru sex frá Nýjabæ. Þaðan kom naut 1382, undan Erpi, sem bar höfuð og herðar yfir önnur með 795,5 gramma vöxt á dag. Þungi þess var 412,2 kílógrömm þegar því var slátrað 16,4 mánaða gömlu. Jón Örn Ólafsson og Edda Ævarsdóttir eru bændur í Nýjabæ og segir hann þau hafa unnið að þessu í nokkurn tíma með uppbyggingu á stofni með nýju erfðaeftni úr holdanautum af Angus-kyni.

### Skammur eldistími

Jón Örn segir þau miða að því að láta allar kýrnar bera í maí og júní og að kálfarnir gangi úti fram í miðjan október. Þá séu þeir teknir inn í hús þar sem þeir klári eldið fram á næsta haust. Holdagripirnir séu flestir fimmtán til sextán mánaða gamlir þegar þeir fari í sláturhús og markmiðið sé að hafa eldistímann skamman. Jón Örn bendir á að þegar nautin séu komin í mikla þyngd séu þau orðin dýr á föðrum þar sem stöðugt meira af orkunni fari í viðhald en vöxt hjá nautunum.

Með þessu náist jafnframt betri nýting á húsunum þar sem gripirnir eru bara einn vetur inni og flestir

sláturgripirnir séu farnir áður en næsti hópur kemur inn. Jón Örn segir aðstöðu og velferð gripanna skipta miklu máli. Allar stúrnar séu með mjúku yfirborði og gott pláss fyrir hvern einstakling. Þá leggi þau sig fram við að vera með gott fóður, með kröftugu heyi og heimaræktuðu byggi, sem fari í gegnum heilfóðurblandara.

### Hundrað og tuttugu kýr

Um hundrað og tuttugu kýr báru í Nýjabæ síðasta sumar. Jón Örn segir þær allar holdablendinga og eiga þau núna þrjár hreinræktaðar Angus-kvígur.

Þá verði allir kálfar næsta sumars undan arfhreinum Angus-nautum. Á Nýjabæ er mikið notast við sæðingar og hafa bændurnir komið sér upp svokölluðum beiðslisgreini til að geta fylgst með hvenær kýrnar eru yxna. Þær sem festi ekki fang eftir tvær sæðingar og smá tíma með þarfanauti séu sendar í sláturhús.

Nokkuð hafi aukist að nautgripir frá Nýjabæ séu seldir á fæti sem ræktunargripir. Það séu þá bæði naut og kvígur. Jón Örn segir að með því fái tekjur fyrir inn og þeir gripir sem eru eftir hafi meira rými sem skili sér í betri vexti. Nánar má lesa um niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni á síðum 42-43. /ál

Árnes:

## Undirbúningur gengur vel fyrir risagarðyrkjustöð

Undirbúningsvinna gengur vel fyrir verkefni Landnýtingar, sem felst í því að reisa risagarðyrkjustöð á iðnaðarsvæði í Árnesi, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Frá þessum áformum var greint hér í blaðinu í byrjun september, þar sem fram kom að fyrsta fasa ætti að vera lokið strax á næsta ári og að heildarframleiðslan yrði þá um 13 tonn af tómötum á dag en gert var ráð fyrir að stöðin stæði þá á sex hektara landi. Fullbúin myndi stöðin ná yfir 26 hektara og skila 56 tonna tómataframleiðslu dag hvern sem vonir standa til að verði árið 2027.

### Samkomulag um 30 ha land

Að sögn Óttars Makuch, framkvæmdastjóra Landnýtingar, miðar verkefninu vel áfram og fjármögnun gengur vel. Hann segir að þegar fjármögnun verði lokið, hefjist framkvæmdir.

Í upphaflegum áformum var gert ráð fyrir að framkvæmdir myndu hefjast strax á þessu ári, ef allt gengi samkvæmt áætlun.

Samkomulag var undirritað í lok ágúst við Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp um uppbyggingu á garðyrkjustöðinni, en í því er Landnýtingu tryggðir 30 hektara lands á svæðinu og gildir það í 12 mánuði. Á því tímabili skuldbindur



Áformað er að dagsframleiðsla á tómötum verði 13 tonn árið 2025. Mynd / ghp

sveitarfélagið sig til að úthluta lóðinni eða svæðinu ekki til annarra aðila. Stefnt er að því að á þessum tíma verði undirritaður skuldbindandi samningur um skipulagsvinnuna fram undan, úthlutun lóða og verkefnið í heild til framtíðar.

### Engin ljósmengun

Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri segir að samkvæmt hans upplýsingum gangi vinna við að tryggja fjármögnun verkefnisins vel.

„Ég fór með forvarsmönnum

Landnýtingar til Hollands í nóvember að skoða hús og framleiðslu eins og stefnt er að að reisa hjá okkur og var ferðin mjög áhugaverð.

Búnaðurinn í gróðurhúsunum kemur algjörlega í veg fyrir ljósmengun frá húsunum sem er eini þátturinn sem við höfðum áhyggjur af," segir sveitarstjórnin.

Hann telur ljóst að allar forsendur séu fyrir því að byggja upp slíka framleiðslu á Íslandi á stórum skala og hefur fulla trú á að verkefnið raungerist og uppbyggingin hefjist á þessu eða næsta ári. /smh

Mjólkuriðnaður:

## Grafist fyrir um ólöglegt Íseyjar-skyr í Rússlandi

Áhöld eru um hvort bann, sem Ísey útflutningur ehf. setti á framleiðslu Íseyjar-skyrs í Rússlandi árið 2022, hefur verið virt.

Svo virðist sem skyr sé enn í framleiðslu og sölu undir vörumerkinu Ísey (ISEY) í Rússlandi en líklega inniheldur það ekki gerilinn sem notaður er við framleiðslu ekta Íseyjar-skyrs.

Greint hefur verið frá því að á allnokkrum stöðum í Rússlandi megi enn fá Ísey-skyr, svo sem í borgunum Moskvu, Sochi, Kislovodsk og V.Novgorod. Skyrið hefur verið auglýst til sölu á vef verslanakeðjunnar Vkusville og er þar sagt framleitt í V.Novgorod af fyrirtækinu Lactis JSC. Skv. frétt Mannlífs fyrir í mánuðinum mátti skömmu fyrir síðustu áramót sjá Ísey skyr í hillum verslunarkeðjunnar Perekrestok í Kislovodsk-borg.

### Samningi rift vegna stríðsreksturs

Ísey útflutningur ehf. rifti í vetrarlok árið 2022 leyfissamningi við rússneska félagið IcePro um framleiðslu og dreifingu á skyri undir merkinu ISEY-skyr fyrir Rússlandsmarkað. Var það gert vegna innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Samhliða ákvörðun um að rifta leyfissamningnum dró Kaupfélag Skagfirðinga sig út úr eignarhaldi á félaginu IcePro, sem hafði fengið annað fyrirtæki, Lactis (Glavnaja Laktika), til sjálftrar framleiðslunnar.

Í tilkynningu frá Ísey útflutningi ehf., sem er systurfyrirtæki Mjólkursamsöslunnar, 4. apríl 2022, kom fram að framleiðslu á skyri undir merkjum ISEY-skyrs í Rússlandi yrði hætt „og þar með er engin starfsemi á vegum þessara fyrirtækja í Rússlandi. Í ljósi umræðna um sölu á Ísey skyri í Rússlandi er vert að taka fram að



Ómar Geir Þorgeirsson.

aldrei hefur verið flutt út skyr frá Íslandi til Rússlands. Árið 2018 hóf framangreint rússneskt félag, í eigu þarlandra aðila og áður Kaupfélags Skagfirðinga, framleiðslu og dreifingu á Ísey skyri í Rússlandi samkvæmt umræddum leyfissamningi sem nú hefur verið rift," segir í tilkynningunni.

Nokkru síðar mun hafa verið lokað fyrir að Lactis hefði aðgang að gerlinum sem þarf í vöruna. Hann er geymdur í Danmörku.

### Verja eign MS og kúabænda

Ómar Geir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Ísey útflutnings ehf., þekkti að sögn ekki til málsins þegar það komst í hámmáli í byrjun janúar en lét þá hafa eftir sér að væri Ísey skyr enn framleitt í Rússlandi væri það í óþökk fyrirtækisins.

Erfitt væri þó að framfylgja því að ekki sé framleitt skyr undir þeirra merki en ef satt væri yrði reynt að koma í veg fyrir slíka framleiðslu. Ísey útflutningur myndi gripa til aðgerða til að vernda lögmeata eign MS og íslenskra kúabænda.

„Við höfum með aðstoð okkar lögfræðinga gengið í að afla



okkur upplýsinga um þetta mál. Það verkefni er í vinnslu og við biðum svara," segir Ómar.

Ekki hafi fengist staðfest að skyr undir merkjum Ísey skyrs væri selt í Rússlandi en verið sé að kanna það. Meðan ekki fái nægjanlegar upplýsingar sé ekki unnt að fara í lögbanasáðgerðir eða kröfur um greiðslur, en það eru þær tvær aðgerðir sem, að sögn Ómars, eru hugsanlegar í framhaldinu. Hann segir jafnframt útilokað að í rússnesku framleiðslunni sé verið að nota geril Ísey skyrs.

„Eins og komið hefur fram er mjög erfitt að vernda rétt okkar núna í Rússlandi af auðskiljanlegum ástæðum. Við munum því nýta okkur lögfræðileiðina og gerum ráð fyrir að við náum árangri með þeim aðgerðum," segir Ómar jafnframt og á von á að málið geti tekið talsverðan tíma.

Ísey skyr er nú selt í 14 löndum auk Íslands. /sá

#fruforseti

LÝÐRÆÐI  
TJÁNINGARFRELSI  
JAFNRÆÐI

[www.sigridurhrund.is](http://www.sigridurhrund.is)

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)



Talið er að skyr undir merki Íseyjar-skyrs sé framleitt í leyfisleysi í Rússlandi.



# FJÓRHJÓL 2024



- Nýtt Boddý
- Nýjir 500 og 700 Rotax mótórar
- Slagmeiri fjöðrun
- Fjölhæfara, kraftmeira og léttara

**can-am**

# SEXHJÓL 2024



- Nýtt lyklakerfi
- Reistari fjöðrun
- Sverari demparar
- Ný 26" ITP Terra Cross dekk
- Uppfærður 4Lok 100% framlás
- Ný LED framljós
- Stillanleg mótorbremsa



**ELLINGSEN**

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / [www.brp.is](http://www.brp.is) / [brp@ellingsen.is](mailto:brp@ellingsen.is)



# ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?



## Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa

Myglar ekki!



Stuttur afhendingartími

CE vottað



Einfalt  
Fljótlegt  
Endingargott  
Ódýrt



Íslensk hönnun, íslensk framleiðsla  
fyrir íslenskar aðstæður

Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth

Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggi á lager

Sjáumst á  
Verk og vit 2024  
18. - 21. apríl



A. Hallgrímsson 2024.

 polynorth.

Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - polynort@polynorth.is - www.polynorth.is

## Loftslagsráð:

## Fulltrúar uppfylli hæfnisviðmið

Drög að reglugerð um loftslagsráð hafa verið birt í Samráðsgátt. Breytingar á reglugerðinni felast meðal annars í því að tryggja að fulltrúar ráðsins uppfylli ákveðin hæfnisviðmið.

Loftslagsráði er ætlað að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Enn fremur að gæta óhlutdrægni og vera sjálfstætt í störfum sínum. Fulltrúar í loftslagsráði skulu þannig einungis bundnir af eigin dómgreind.

## Hæfnisviðmið við skipan fulltrúa

Samkvæmt drögnum skipar ráðherra formann og varaformann loftslagsráðs, en í loftslagsráði skulu eiga sæti að hámarki níu fulltrúar, að meðtöldum formanni og varaformanni. Ráðherra er heimilt að skipa aðra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti í ráðinu.

Við skipan fulltrúa í loftslagsráð skuli hafa til hliðsjónar hæfnisviðmið samkvæmt 5. grein reglugerðarinnar. Þar segir að mælt sé til að við skipan fulltrúa í loftslagsráð sé þess gætt að ráðið búi að fulltrúum sem hafi þekkingu á að minnsta kosti einum af eftirtöldum málaflokkum 1. loftslagsmála;

loftslagsrétti, stjórnsýslu og stefnumótun, 2. loftslagsvísindum, áhættugreiningum og náttúruvá, 3. skipulagi og landnýtingu, 4. hagrænum og samfélagslegum greiningum, 5. samfélagslegum breytingum og réttlátum umskiptum, 6. líffræðilegum fjölbreytileika, kolefnishringrás lands og vistkerfisþjónustu og 7. nýsköpun og tækniþróun.

Gert er ráð fyrir að loftslagsráð sé þannig samsett að ráðið fullskipað búi yfir þekkingu á öllum ofangreindum sviðum.

## Sérfræðiráð eins og í nágrannalöndum

Í tilkynningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis kemur fram að breytingarnar á reglugerðinni um ráðið sé tilkomnar í kjölfar málþings um stjórnun loftslagsmála og hlutverk loftslagsráða.

Þar var meðal annars fjallað um skipan loftslagsráða í alþjóðasamhengi og um skýrslu Ómars H. Kristmundssonar, Loftslagsráð: Greining og ábendingar. Þar kom fram að nauðsynlegt væri að meðlimir loftslagsráðs uppfylli ákveðin hæfnisviðmið og þannig verði ráðið fremur sérfræðiráð en fulltrúaráð, svipað því hvernig loftslagsráð nágrannalanda Íslands eru mönnuð. /smh



Kúabúíð og rjómabúíð á Erpsstöðum í Dölum hefur verið rekið sem tvær einingar.

Mynd / smh

## Erpsstaðir til sölu:

## Búreksturinn aldrei gengið eins vel en tímabært að hætta

## Kúa- og rjómabúíð á Erpsstöðum í Dölunum er til sölu.

„Það hefur ekkert áþreifanlegt komið út úr þessu söluferli enn þá, en við settum búíð formlega á sölu í nóvember,“ segir Helga Elinborg Guðmundsdóttir, sem rekur Erpsstaðabúíð ásamt manni sínum, Þorgrími Einari Guðbjartssyni.

## Rjómabúíð í sérstöku félagi

„Við höfum fengið talsvert af fyrirspurnum en það hefur ekkert komið út úr því. Við eigum von á því að salan taki tíma, þetta er kannski ekki alveg venjulegt kúabú, en við erum alveg opin fyrir ýmsum útfærslum á sölu – til dæmis að selja bara kúabúíð en undanskilja rjómabúíð. Þetta er alls ekkert stórt bú, en kannski er þetta aðeins flóknara en gengur og gerist. Rjómabúíð er þó rekið í sérstöku félagi,“ segir Helga.

Þorgrímur var um nokkurra ára skeið formaður Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila, og hefur verið framsækinn í vörupróun úr mjólkurvörum en hann er menntaður mjólkurfræðingur.

## Með 400 þúsund lítra kvóta

Stærð jarðar á Erpsstöðum er um 600 hektarar, þar af 100 hektarar ræktað land. Mjólkandi kýr á Erpsstöðum eru um 70 en nautgripir alls um 210. „Við erum með tæplega 400 þúsund lítra mjólkurkvóta en erum að framleiða allt að 500 þúsund lítra á ári. Við byggðum nýtt fjós árið 2008, þar sem gert var ráð fyrir mjólkurvinnslunni og móttöku ferðamanna. En vorum



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhendir Þorgrími og Helgu Landbúnaðarverðlaunin á Búnaðarþingi 2023.

Mynd / Sigurjón Ragnar

með lítinn kvóta til að byrja með og nýttum því húsin ekki að fullu. Lengi vel vorum við með um 300 þúsund lítra kvóta en í fyrra bættum við 50 þúsund lítrum við,“ útskýrir Helga.

„Við höfum rekið kúabúíð og rjómabúíð frá byrjun sem tvær einingar; kúabúíð er á minni kennitölu en rjómabúíð er einkahlutafélag. Þannig að ég leigi rjómabúíðinu aðstöðuna og sel því mjólkina. Vörusala hefur vaxið jafnt og þétt og vinnuástanda og tækjabúnaður orðinn mjög góður. Það er alveg óhætt að segja að það eru mikil tækifæri í slíkri vinnslu með auknum fjölda ferðamanna hér á landinu. Í sjálfsu sér hefðum við alveg getað gert meira varðandi ferðamennina og til dæmis á veturna höfum við aðeins opið samkvæmt samkomulagi. En þetta landsvæði er líka að verða vinsælla hjá ferðafólki,“ heldur Helga áfram.

## Gætu haldið áfram með rjómabúíð

Helga segir að reksturinn á einingunum tveimur hafi aldrei gengið eins vel og einmitt núna. „Við ætlum ekki að vera svona lengi í búskap, en erum búin að vera í þessu í 27 ár. Okkur finnst orðið tímabært að breyta til, viljum svo gjarnan sjá einhverja taka við boltanum hjá okkur og halda áfram að byggja upp herna á Erpsstöðum.

Ef einhverjir myndu eingöngu vilja kaupa kúabúíð í byrjun, þá gætum við alveg hugsað okkur að halda eitthvað áfram með rjómabúíð í einhver ári. Það eru tvö íbúðarhúsnæði herna og þá gætum við mögulega bara haldið öðru eftir fyrir okkur. Líklegast verðum við hér í sumar og erum farin að gera ráð fyrir því.“ /smh

## Landnámshólf ekki lengur riðusýkt svæði

Matvælastofnun aflétti um áramótin riðuhöftum í Landnámshólfi. Þá voru liðin 20 ár frá því að riðuveiki greindist þar síðast.

Sýkt svæði innan hólfins töldust vera sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði, Árborg og Grafningur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Næst verður höftum aflétt af Biskupstungnahólfi Samkvæmt upplýsingum á vef Matvælastofnunar markast varnarlinur hólfins í norðri af Hvalfjarðarlínu, sem liggur úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn að Kvígindisfelli að Brunnnum við

Uxahryggi í Hrúðurkarla við Þórisjökul. Að sunnan afmarkast hólfíð af Hvítarlínu, sem er Ölfusá, Hvítá að Jökulfalli og síðan Jökulfall og Jökulkvísl að Blágnjúkjökli.

Að austan afmarkast hólfíð af Sogs- og Bláskógalínu, sem er Sogið frá Ölfusá um Þingvallavatn og úr því um Ármannsfell í Hvalfjarðarlínu við Kvígindisfell.

Næst verður aflétt riðuhöftum af Biskupstungnahólfi. Ef ekki kemur upp staðfest tilfelli í hólfinu á þessu ári verður þeim aflétt um næstu áramót. /smh



Bjóðum fjarstýrða bjarghringi fyrir hafnir, skip og ferðamannastaði. Hentar vel við erfiðar aðstæður. Langdrægir og góður togkraftur.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður Sími 697-4900, Netfang: sala@svansson.is

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

## Mælir með nafninu Þjórsárbyggð

Samhliða forsetakosningunum 1. júní í sumar munu íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps kjósa um nýtt nafn á sveitarfélaginu.

Núverandi nafn þykir frekar langt og óþjálmt ásamt því að fáir íbúar landsins átta sig á því hvar sveitarfélagið er staðsett á landinu.

„Nú er mikil uppbygging fram undan hjá okkur og því finnst mér kominn tími á að nýtt nafn verði valið á sveitarfélagið sem hafi betri tengingu í landfræðilega staðsetningu okkar ásamt því að vera styttra og þjálpa. Þá myndum við líka fá nafn sem framtíðarkynslóðir geta sameinast um.

Umræðan er komin af stað í samfélaginu um nýtt nafn og verður haldinn íbúafundur í mars til að ræða málið betur. Vonandi leiðir það til þess að 2-3 nöfn standi upp



Haraldur Þór Jónsson.

úr sem við getum kosið um þann 1. júní,“ segir Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri.

Hann er á því að nafn Þjórsár eigi að vera hluti af nafni sveitarfélagsins enda liggur sveitarfélagið með fram Þjórsánni alveg upp að Hofsjökli ásamt því að Þjórsárdalurinn verður mikið aðdráttarafli í ferðaþjónustu á komandi árum með þeirri uppbyggingu sem er farin af stað þar.

„Flestir Íslendingar vita hvar Þjórsáin er og því myndi það auka vitund landsmanna um hvar sveitarfélagið er staðsett. Þjórsársveit, Þjórsárhreppur eða Þjórsárbyggð hafa oft verið nefnd.

Eftir að hafa hugsað þetta í langan tíma þá held ég að Þjórsárbyggð væri það nafn sem ég myndi kjósa, en umræðan næstu vikurnar mun vonandi leiða til þess að við sameinumst um nýtt nafn og það hljóti sterka kosningu,“ segir Haraldur. /mhh



# EYLÍF

## Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á [eylif.is](http://eylif.is) ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



ÓLAFÍA INGÓLFSSDÓTTIR  
Ég mæli 100% með Active JOINTS, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR  
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með Active JOINTS



HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR  
Finn mikinn mun á liðleika mínum



ÁRNI PÉTUR AÐALSTEINSSON  
Ég er sannfærður um að Active JOINTS er að gera mikið gagn fyrir mig



HARTMANN K. GUÐMUNDSSON  
Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun




MÁR GUÐNASON  
Betri lílfsgæði með Active JOINTS



SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR  
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel





Eitt af fylgiskjöllum draga um reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er þetta Íslandskort, sem er mynd úr vefsíju. Á meðfylgjandi mynd má sjá Ísland, skipt í landsvæði eftir frávikum frá viðmiði. Grænn litur táknar A-flokk, gróíð land í góðu ástandi, blár litur B-flokk, land á leið í gott ástand, appelsínugult C-flokk, tekur langan tíma að koma í gott ástand, og svartur D-flokk, land sem er náttúrulega ógróíð. Mynd / matvælaráðuneytið

## Landnýting:

# Markmið um sjálfbærni í nýrri reglugerð

### Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hafa verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Um er að ræða meginreglur og viðmið fyrir þá landnýtingarflokka sem reglugerðin nær yfir.

Útskýringar á viðmiðum og leiðbeiningar fyrir landnýtingarflokkana eru settar fram í fjórum viðaukum draganna; í viðauka eitt er fjallað um beit búfjár, í viðauka tvö er akuryrkja, í þriðja viðauka er fjallað um framkvæmdir og loks um umferð og ökutæki í þeim fjórða.

#### Land og skógur metur ástand lands

Í greinargerð með drögnum í Samráðsgáttinni segir að Land og

skógur geti staðfest að landnýting sé sjálfbær. Þar sem niðurstaða á slíku mati er sú að tiltekið land uppfyllir ekki viðmið um sjálfbæra landnýtingu, þá er gert ráð fyrir að unnin sé landbótaáætlun þar sem úrbætur eru skilgreindar.

Í viðauka eitt, þar sem aðferðarfræði fyrir mat á ástandi beitarlanda er kynnt, er gert ráð fyrir að landi sé skipt í fjóra flokka eftir frávikum frá viðmiðunarsvæði eða vistgetu.

#### Fjórir flokkar með tilliti til vistgetu

Í viðaukanum kemur fram að mat á beitarlandi vegna sjálfbærrar landnýtingar felist annars vegar í flokkun lands í tilliti sjálfbærrar

beitarnýtingar út frá vistgetu og mati á fráviki frá viðmiðunarsvæði og hins vegar vöktun á ástandi beitarlands.

Land sem flokka skal með þessum hætti eru svæði sem séu markvisst nýtt til beitar búfjár. Mat á sjálfbærni landnýtingar taki eingöngu til þess beitarlands sem viðkomandi landnotandi hefur heimild til að nýta.

#### Takmarkanir á beit

Enn fremur kemur fram í viðaukanum að landsvæði með minna en 20 prósentu æðplöntuþekju [hópur plantna með æðastrengi – eins og fræplöntur og birkingar] ætti ekki að nýta til beitar. Þá ætti að takmarka eins og kostur er að nýta land til beitar ofan 600 metra hæðar yfir sjávarmáli eða í yfir 30 gráðu halla.

Miða skuli við að koma í veg fyrir, eða takmarka eins og kostur er, búfjárbeit á landi sem ekki uppfyllir ofangreint og skal gerð grein fyrir því í landbótaáætlun.

#### Viðmiðunarsvæðið endurspeglar æskilegt ástand

Til að meta hvort beitiland standist sjálfbærni viðmið er því, sem áður segir, skipt upp í fjóra flokka, eftir frávikum þess frá viðmiðunarsvæði.

Viðmiðunarsvæðið endurspeglar hvert ástand svæðisins ætti að vera miðað við loftslag, landslag og þann jarðveg sem þar ætti að vera ef engin hnignun væri, sem er þá vistgeta svæðisins. Allt land skal flokka í eftirfarandi fjóra flokka, óháð því hvort það uppfyllir skilyrði skilgreiningar beitarlanda eða ekki. Í flokki A er gróíð land í góðu ástandi í samanburði við viðmiðunarsvæði. Í flokki B er land á leið í gott ástand



Drögin gera ráð fyrir að landbótaáætlanir fyrir beitarlandi sem unnar voru á grundvelli reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu gildi til ársloka 2026. Mynd / smh

í samanburði við viðmiðunarsvæði. Í flokki C er land sem tekur langan tíma að koma í gott ástand í samanburði við viðmiðunarsvæði. Í flokki D er land sem er náttúrulega ógróíð.

#### Ýmsir möguleikar á úrbótum

Í greinargerðinni kemur fram að í landbótaráætlunum komi ýmsar úrbætur til greina. Skilgreina megi landsvæði í slæmu ástandi sem ekki eru nýtt markvisst til beitar og sem búfé sækir ekki inn á að jafnaði utan beitilanda.

Samhliða því verði skilgreindar aðgerðir um meðferð búfjár sem finnst á þessum svæðum.

Einnig komi landbætur til greina, sem geti falist í uppgræðslu lands innan beitarlands eða á öðru landi sem getur þá tekið við sem beitarland enda sé fyrirsjáanlegt að með því náist markmið um sjálfbæra landnýtingu. Við gerð landbótaáætlunar þarf meðal annars að leggja mat á beitarálag og árangur fyrri aðgerða.

Drögin gera ráð fyrir að landbótaáætlanir fyrir beitarlandi sem unnar voru á grundvelli reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu gildi til ársloka 2026.

#### Viðmið og leiðbeiningar vegna akuryrkju

Sérstaklega er nefnt í greinargerðinni að í drögnum séu sett fram viðmið og leiðbeiningar vegna akuryrkju, en það eru talin vera nýmæli í slíkrri reglugerð þó settar hafi verið starfsreglur um góða búskaparhætti árið 2002.

Í viðaukanum fyrir akuryrkju er markmiðið sagt vera að tryggja nýtingu lands í tengslum við akuryrkju fari fram með sjálfbærum hætti, þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er.

#### Fyrstu drög frá 2021

Tildrög þessarar reglugerðar má rekja til ársins 2021 þegar fyrstu drög hennar voru birt í Samráðsgátt. Þau voru unnin af Landgræðslunni og samhliða tekið saman upplýsingaskjal sem skýrir bakgrunn þeirrar nálgunar varðandi beit sem kynnt var í reglugerðinni, sem og nokkur ný hugtök.

Reglugerðin var svo tekin til endurskoðunar eftir að fjölmargar ábendingar höfðu borist.

Drögin verða í Samráðsgátt til 8. febrúar. /smh

**TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR**

**VHE**

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



# EITT AF MATARUNDRUM VERALDAR

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ER FYRSTA ÍSLENSKA MATVARAN SEM FÆR PDO-MERKINGU

Íslenskt lambakjöt hefur öðlast PDO-merkingu, sem er hæsta stig upprunatilvísunar í Evrópu. Íslenska lambakjötið er þar með komið í hóp með mörgum þekktustu og eftirsóttustu gæðavörum heims.



## Merki fasteigna:

## Landeigendum gert að láta gera merkjalýsingu

– Talin vera íþyngjandi reglugerð í umsögnum

Í Samráðsgátt stjórnvalda hafa á undanförunum vikum legið drög að reglugerð um merki fasteigna, sem fela í sér annars vegar skyldu eigenda fasteigna til þess að láta gera merkjalýsingu um fasteignir sínar og hins vegar hvernig staðið skuli að þeim.

Með reglugerðinni verður með afgerandi hætti breytt verklagi við hnitsetningu og skráningu jarða.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að merki fasteigna séu hnitsett, glögg og skýr þannig að hægt sé með auðveldum hætti að átta sig á afmörkun þeirra. Gert er ráð fyrir að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annist skráningu eignarmarkna og tengdra upplýsinga í gagnagrunn landeignaskrár. Umsagnarfrestur rann út 8. janúar.

## Eigendum ber að gera merkjalýsingu

Í kröfunni um gerð merkjalýsingar um fasteignir felst, að sé ekki til staðar þinglýst og glögg merki eða skýr afmörkun í samræmi við gildandi lög, er afmörkun fór fram, þá beri eigendum að gera merkjalýsingu um fasteignir sínar. Þá ber eigendum að viðhalda merkjum fasteigna sinna og láta gera nýja merkjalýsingu í hvert sinn sem ný fasteign er stofnuð eða þegar breytingar verða á merkjum fasteignar, svo sem með uppskiptingu eða þegar hún er sameinuð annarri.

Í drögunum segir að einungis „merkjalýsendur“ megi gera merkjalýsingar, sem fengið hafi leyfi ráðherra og staðist próf. Þeir sem hafa starfað við stofnun og skráningu fasteigna og þeir sem starfað hafa við að gera landamerkjalyýsingar geta sótt um bráðabirgðaleyfi til þess að gera merkjalýsingar, geri þeir það fyrir 1. febrúar, þar til þeir hafa sótt námskeið og fengið útgefið leyfi sem merkjalýsendur. Sú undanþága gildir til 1. janúar 2025.

## Miklar kvaðir á þúsundir landeigenda

Alls bárust 13 umsagnir um drögin. Í umsögn Bændasamtaka Íslands segir að þau telji óljóst hverju raunverulega sé verið að ná fram með reglugerðardrögunum, en ljóst megi vera að um miklar kvaðir sé að ræða sem lagðar séu á þúsundir landeigenda. Óvíst sé hins vegar með ávinninginn af þeim.

Alit Bændasamtakanna er að fasteignaeigendur muni ekki sjá hag sinn í því að fara í kostnaðarsamar aðgerðir til þess að lúta lögum



Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að merki fasteigna séu hnitsett, glögg og skýr þannig að hægt sé með auðveldum hætti að átta sig á afmörkun þeirra.

og reglum ef það hefur enga lögformlega merkingu eða skapi þeim nein réttindi.

## Æskilegt að ákvæði væru um tímamörk

Ekki er kveðið á um nein viðurlög í drögunum, ef landeigendur uppfylla ekki skyldu sína um að láta gera merkjalýsingu fyrir fasteign sína. Bændasamtök Íslands tiltaka þó í sinni umsögn að gert sé ráð fyrir í 37. grein laga um skráningu og mat fasteigna að brot á þeim varði sektum. Í umsögn Snæfellsbæjar segir að jákvætt sé að hvatt sé

til hnitsetningar landamerkja, en æskilegt hefði verið að tiltaka að landeigendur beri ábyrgð á að láta skrá landamerki sín fyrir ákveðinn tíma, til dæmis innan þriggja ára.

## Nokkrum ólíkum störfum skeytt saman í eitt

Í umsögn Hafnarfjarðar er bent á að verið sé að skeyta saman nokkrum ólíkum störfum með því að búa til starf merkjalýsanda. Einum og sama aðila sé ætlað að takast á við verkefni sem nú sé innt af hendi nokkurra aðila. Nauðsynlegt sé að brjóta þetta betur upp þannig að hægt sé að hafa

sérfræðinga í ákveðnum þáttum.

Axel Helgason á Þórisstöðum, Hvalfjarðarsveit, spyr í sinni umsögn hvort líklegt sé til árangurs við hnitsetningu jarða, að ókunnugur aðili verði settur í það hlutverk að kanna staðhætti og samræma lýsingar í landamerkjabréfum sem stangist á. Hann segir að þessar lýsingar miði oft við örnefni sem ekki hafa verið sett á kort og oft eru deilur um staðsetningu á.

## Landeigendur muni forðast að hnitsetja jarðir sínar

Axel segir enn fremur að bæta þyrfti

við ákvæði sem gerir landeigendum kleift að útbúa merkjalýsingu og framkvæma mælingar sjálfir eins og nú sé heimilt, enda séu þeir best til þess fallnir að tryggja að öll gögn og upplýsingar liggi fyrir.

Eins væri farsælast að eigendur jarða ræði sig saman um niðurstöðu á legu landamerkja án þess að merkjalýsandi hafi þar hlutverk eins og skilja megi af reglugerðinni.

Að setja utanaðkomandi ókunnugan aðila í það hlutverk er líklegt til að gera ferlið það umfangsmikið í kostnaði, að aðilar munu forðast að fara í það ferli að hnitsetja jarðir sínar. /smh

## Noregur:

## Yfirvofandi mjólkurskortur

Mjólkursamlagið Tine í Noregi hefur boðað innflutning á mjólk. Allt stefnir í að innlend framleiðsla verði fimmtán milljón lítrum undir áætlaðri neyslu fyrstu þrjú mánuði ársins.

Ástæðan fyrir skortinum er minni mjólkurframleiðsla en spár gerðu ráð fyrir. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að greiðslumark í landinu hafi verið aukid. Nokkrar deilur hafa kviknað vegna málsins í Noregi og er mjólkursamlagið gagnrýnt fyrir ónóga upplýsingagjöf. Hefði fyrir verið ljóst í hvað stefndi telja bændur að þeir hefðu getað brugðist við með aukinni framleiðslu.

Landbúnaðarráðuneytið í Noregi hefur skorist í leikinn með því að lækka innflutningstolla á mjólkurduft tímabundið til þess að halda verði á



mjólkurvörum óbreyttu. Með því á að anna eftirspurn og verður duftinu blandað út í framleiðsluvörur í allt að þrjú prósent hlutföllum. Þegar kemur að mjólkurskortu hefur framleiðsla á fljóttandi vörum og ostum forgang,

á meðan framleiðsla á mjólkurdufti fyrir iðnað verður látin mæta afgangi.

Tine hefur sent út fréttatilkynningu þar sem mjólkursamlagið segist munu halda neytendum upplýstum um hvaða mjólkurvörur geti innihaldið innflutt mjólkurduft. Undanþága hefur fengist til að selja vörur í umbúðum með Nyt Norge merkið, sem er sambærilegt Íslenskt staðfest vottuninni, þrátt fyrir að varan innihaldi að hluta erlenda mjólk.

Ekki verði hægt að merkja hvert einasta ílát, en mjólkursamlagið mun leitast eftir að upplýsingarnar verði sjáanlegar í verslunum. Tine telur upp nokkrar mismunandi tegundir af jóguorti sem verða fyrir áhrifum. Að auki við mjólkurskort stefnir allt í að norsk eggjaframleiðsla nái ekki að anna eftirspurn. /ál

## Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



www.kaupland.is  
sími 8449484



## Tilboð í janúar og febrúar

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.  
Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



### TILBOÐ 1 (ljósmynd)

Svargrár litur

Sett eins og á mynd - 565.000  
án blómaramma - 465.000

### TILBOÐ 2

Demantur - passar líka á duftleiði  
149.000 (199.000 með lukt)



**Svartur**



**Paradiso**



**Blár**



**Grár**

### TILBOÐ

Viðhaldsfrír bekkur úr granít  
Svartur, grár eða paradiso.

Sjá heimasíðu.

150cm - 160kg

frí sending með LF

Afhending í mai. 160.000 kr

### TILBOÐ 3

Drangi 70cm hár frá sökkli  
410.000



**Rúmar vel tvö nöfn**



Matvæli:

## Kryddjurtir sem rotvörn

Leitað er leiða til að nota rotvörn unna úr jurtum í stað hefðbundinna rotvarnarefna og koma þannig til móts við óskir neytenda.

Gróðrarstöðin Ártangi er í samstarfi við Matis um ráðgjöf, mælingar og vörupróun í sambandi við kryddjurtir.

Segir í lýsingu verkefnisins að stefnt sé að framleiðslu markaðsvara úr kryddjurtum til hagnýtingar í matvælaíðnaði, í þeim tilgangi að ná fram ásættanlegu geymsluþoli án hefðbundinna rotvarnarefna. Reiknað sé með að matvælaíðnaðurinn sjái tækifæri í því að nota rotvörn unna úr jurtum í stað hefðbundinna rotvarnarefna og komi þannig til móts við óskir neytenda.

### Nýta virkni kryddjurtanna

„Algengar kryddjurtir eru basilíka, mynta, kóríander, steinselja og timjan,“ segir Ólafur Reykdal, verkefnastjóri hjá Matis. Kryddjurtir séu ekki aðeins eftirsóttar til að gefa matnum bragð, heldur veiti þær einnig ýmis hollustuefni eins og vítamín og steinefni.

Athyglisvert sé að meðal hollustuefnanna eru andoxunarefni sem skipti máli fyrir varnarkerfi líkamans. Þá sporni andoxunarefni gegn myndun skaðlegra radikala og dragi úr oxun í líkamanum.

Hann segir að huga þurfi sérstaklega að geymslu kryddjurtanna þar sem þær þoli illa kælingu og kryddjurtir í pottum þurfi vökvun.

„Hjá Gróðrarstöðinni Ártanga eru nú ræktaðar kryddjurtir allan ársins hring og eru jurtirnar seldar í pottum í verslunum. Hugað er að því að nýta umframframleiðslu til vinnslu á matvörum eins og pestói, kryddsmjöri og olíum til kryddlagningar.“

Jafnframt er leitað nýrra tækifæra, meðal annars er stefnt að því að framleiða nýjar vörur sem nýta virkni kryddjurtanna til að auka geymsluþol matvæla. Þessar hugmyndir eru studdar af erlendum rannsóknum og því var sótt um stuðning til Matvælasjóds til að vinna þróunarvinnu og var



Basilíkuræktun. Garðyrkjastöðin Ártangi hugar að möguleikum á að nýta umframframleiðslu kryddjurtanna m.a. til að auka geymsluþol matvæla.

Mynd / Matis

styrkur veittur,“ segir Ólafur. Stefnt sé að framleiðslu markaðsvara úr kryddjurtum til hagnýtingar í matvælaíðnaði, í þeim tilgangi að ná fram ásættanlegu geymsluþoli án hefðbundinna rotvarnarefna (E-efna).

### Matvælaíðnaðurinn sýni áhuga

„Neytendur hafa vaxandi áhuga á matvælum með náttúrulegum efnum í stað tilbúinna aukefna.“

Reiknað er með að matvælaíðnaðurinn sjái tækifæri í því að nota rotvarnir unna úr jurtum í stað hefðbundinna rotvarnarefna og komi þannig til móts við óskir neytenda.

Jafnframt væri verið að auka hollustugildi (andoxunarefni, vítamín) matvaranna,“ segir Ólafur og bætir við að gert sé ráð fyrir að hægt væri að auka framboð á matvörum án aukefna til muna ef náttúruleg rotvörn úr kryddjurtum yrði nýtt.

Reiknað er með að kryddjurtaverkefni Ártanga í samstarfi við Matis ljúki seint á árinu. /sá



Í Búrfellslandi er gert ráð fyrir allt að 30 vindmyllum, hverri með 4-5 MW uppsett afli og samanlagðri orkugetu um 440 GWst á ári. Landsvirkjun hefur ákveðið að fara í útboð á vindmyllunum.

Mynd / Landsvirkjun


# Útboði Búrfellslandar harðlega mótmælt

Landsvirkjun hefur ákveðið að fara í útboð á vindmyllum fyrir Búrfellsland, vindorkuver við Vaðöldu. Skeiða- og Gnúpverjahreppur mótmælir útboðinu.

Landsvirkjun kynnti fyrr í mánuðinum að ráðist yrði í útboð fyrir Búrfellsland en þar er gert ráð fyrir allt að 30 vindmyllum, hverri með 4-5 MW uppsett afli og samanlagðri orkugetu um 440 GWst á ári. Rammaáætlun reiknar með allt að 120 MW uppsettu afli. Verkefnið er boðið út með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál. Áætlaður framkvæmdatími við uppsetningu vindmyllanna er tvö ár. Takmarkast uppsetningartími þeirra að mestu við sumartímann vegna veðurskilyrða.

### Samið við íslenska ríkið

Verkefnið hefur skv. Landsvirkjun verið í þróun í rúman áratug og



var samþykkt í nýtingarflokk rammaáætlunar í júní 2022. Sótt var um virkjunarleyfi í október sama ár, með fyrirvara um afgreiðslu skipulagsmála.

Vinna við aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags fyrir svæðið hefur staðið yfir frá desember 2022 með Rangárþingi ytra, en Búrfellslandur er innan sveitarfélagsins. Segir Landsvirkjun jafnframt unnið að samningum við íslenska ríkið sem landeiganda en landsvæðið er innan þjóðlendur.

Ráðist sé í útboðið nú til að auka líkur á því að koma orku inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026, en útboðsferli séu tímafrek og afhendingartími á búnaði langur.

### Óhefðbundið ferli

Útboðsferlið er talið geta orðið um átta mánaða langt og er samhlíða unnið að endanlegu skipulagi verkefnisins. Landsvirkjun segir vonir bundnar við að öll tilskilin leyfi og samningar verði í höfn á þeim tíma en heldur óvenjulegt er að ráðast í útboð án þess að leyfis- og skipulagsmál liggi fyrir.

„Að hefja útboð með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál er óhefðbundið ferli hjá Landsvirkjun og tekur fyrirtækið þarna nokkra áhættu þrátt fyrir fyrirvara í útboðum. Stjórn fyrirtækisins telur hana hins vegar viðunandi miðað við þá hagsmuni sem eru í húfi og samþykkti á fundi sínum 12. janúar sl. að fara þessa leið,“ segir í tilkynningu.

### Mótmæla harðlega

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendi í kjölfar fregnar um útboðið frá sér tilkynningu þar sem

mótmælt er harðlega vinnubrögðum Landsvirkjunar í undirbúningi að vindorkuverkinu í Búrfellslandi. Sveitarstjórnin telur að stjórnvöldum sé ekki heimilt að veita leyfi tengt Búrfellslandi samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Búrfellslandur hafi verið hannaður í mismunandi útfærslum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Í umhverfismatinu, sem liggja til grundvallar afgreiðslu rammaáætlunar og Alþingis, sé gert ráð fyrir að nýta núverandi raforkuinnviði svæðisins sem að megninu til séu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

„Virðjanakosturinn Búrfellslandur, sem samþykktur var í nýtingarflokk samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun 48/2011, er því háður samþykki bæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Þann 8. júní 2023 nýtti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sér 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og fór fram á frestun á virðjanakostinum.“

„Skýrt kemur fram í lögum að sé farið fram á frestunina skuli fara með virðjanakostinn eins og hann sé í biðflokki og því er stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengt virðjanakostinum,“ segir í tilkynningunni.

### Gríðarlegt inngríp

Jafnframt segir að Búrfellslandur muni takmarka möguleika sveitarfélagsins til uppbyggingar í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu og ljóst að ekkert sveitarfélag geti samþykkt að slík uppbyggingaráform séu keyrð áfram gegn vilja viðkomandi sveitarfélags.

/sá



## Bilbao & Baskaland

9. – 16. júní 2024

Fararstjórn: Aðalheiður Jónsdóttir

Verð 349.900 kr. á mann í tvíbýli

Í þessari glæsilegu ferð um Baskahéruð Spánar upplifum við í senn dásamlega náttúrufergurð, heillandi menningu og iðandi mannlíf. Ferðin hefst í Madrid en við njótum einnig nærveru Cantabria fjalla á leið til Burgos, einnar mikilvægustu borgar á hinum þekktu Jakobsvegi, og upplifum liflegu hafnarborgina Bilbao.

bænda  
FERÐIR

Bókaðu núna á [baendaferdir.is](http://baendaferdir.is)

Sími 570 2790 • [bokun@baendaferdir.is](mailto:bokun@baendaferdir.is) • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík





# Korando

## Elskar Íslenskar aðstæður!

**Nýtt!**

Fæst einnig með  
Dísel vél



## Fjór hjóladrifinn sportjeppi!

### Korando

Verð frá **5.790** þús.kr.

- Dísel eða bensín
- Sjálfskiptur
- Læstur millikassi

- Fjór hjóladrif
- Dráttargeta allt að 2 tonn
- 182 mm veghæð

- 551 / 1.248l farangursrými
- Mjög vel búinn
- 5 ára ábyrgð



Bílabúð Benna  
kolefnisjafnar selda bíla

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Bb, betri bílar  
Akureyri  
Njarðarnesi 12  
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna  
Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

**Bílabúð Benna**  
Sérfræðingar í bílum

## Mjólkurframleiðsla:

# Auður, kvóti, mjólk og skuld

Þegar tiltekinn hópur bænda hefur tök á að eignast mjólkurkvóta með því að vera í skuld sambandi við samvinnufélagið sitt veldur það ugg meðal þeirra sem ekki tilheyra hópnum. Staðan er sér í lagi athyglisverð þegar samvinnufélag þetta er gríðarlega fjársterkt veldi í atvinnulífinu.


Guðrún Hulda Pálsdóttir  
gudrunhulda@bondi.is

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins gagnrýndi Baldur Helgi Benjamínsson, kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, aðkomu samvinnufélagsins Kaupfélags Skagfirðinga að viðskiptum með greiðslumark mjólkur. Í aðsendri grein sagði hann afskiptin skapa hróplegan aðstöðumun sem stuðli að sundrung innan atvinnugreinarinnar.

Markaður með greiðslumark í mjólk var haldinn í nóvember sl. Þar fóru fram viðskipti á framleiðslurétti á 1.048.500 lítrum af mjólk. Niðurstöður viðskiptanna urðu þau að 92,5% af því greiðslumarki sem skipti um eigendur fóru á bú staðsett á Norðvesturlandi. Þessir 970.000 lítrar skiptust niður á 24 bæi. Jafnvægisverðið reyndist 300 kr/ltr. og námu heildarviðskiptin því nær 315 milljónum króna, þar af kom 291 milljón króna frá Norðvesturlandi. Fjórtnán búanna keyptu hámarks magn, 50.000 lítra, og greiddu framleiðendurnir fyrir það 15 milljónir króna hver.

Fjárhæðir sóttu bændur á svæðinu til Kaupfélags Skagfirðinga sem lánaði þeim fyrir kaupnum með vaxtalausrí, óverðtryggðri fyrirgreiðslu – sem samkvæmt heimildum Bændablaðsins eru þess eðlis að bændurnir þurfa jafnvel ekki að byrja að borga til baka fyrr en eftir nokkur ár.

Baldur segir í grein sinni að það sé ekki vafi að þessi fyrirgreiðsla KS hafi veruleg áhrif á verðmyndun og umfang viðskipta með greiðslumark á mjólk á tilboðsmarkaði. Hann mælir fyrir því að viðskipti með stuðningsgreiðslur hætti.



Teikning/ Hlynur Gauti

„Bændur og ríkisvaldið þurfa í sam- einingu að varða leiðina út úr núverandi öngstræti í átt að farsælla fyrirkomulagi mjólkurframleiðslunnar,“ segir Baldur Helgi meðal annars undir lok greinar sinnar.

## Umfang kaupfélagsins

Kaupfélag Skagfirðinga var stofnað árið 1889 og á því 135 ára starfsafmæli í ár. Félagsmenn voru 1.277 talsins árið 2022 samkvæmt ársreikningi og starfsmenn þess voru þá 233 talsins. Þórólfur Gíslason er kaupfélagsstjóri og hefur gegnt því starfi frá árinu 1988.

Tilgangur félagsins, samkvæmt samþykktum þess, er að annast á sem hagfelldastan hátt hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, að efla atvinnulíf í héraðinu með beinni og óbeinni þátttöku félagsins, að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess og að viðhalda og útbreiða þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum hennar við að leysa félagsleg viðfangsefni.

KS heldur úti mikilli atvinnu- starfsemi í Skagafirði. Helstu rekstrareiningar móðurfélagsins eru mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, bifreiðaverkstæði, vélaverkstæði, dagvöruverslun og byggingavöruverslun ásamt rekstrar- vöruverslun.

Eiginfjárstaða KS er mjög sterk og stóð í 49,6 milljörðum króna árið 2022 samkvæmt ársreikningi. Hagnaður félagsins hefur verið viðvarandi og náði hann t.a.m. sögulegum hæðum árið 2021 þegar hann nam rúmum 5,4 milljörðum króna. KS og styrkur þess fyrir félagsmenn og héraðið er óumdeilt. Félagið byggir á gömlum grunni og styrkum stöðum og hefur tekist að aðlagast breytingum í efnahags- umhverfinu gegnum árin, m.a. með ýmsum fjárfestingum. Enda nær umfang KS í íslensku atvinnulífi langt út fyrir héraðið.

Samvinnufélagið á eignarhluti í 23 dótturfélögum og eiga þessi dótturfélög einnig dótturfélög sem eiga svo mörg eignarhluti og hlutabréf á hinum ýmsu sviðum í atvinnulífinu.

KS á einnig eignarhluti í að minnsta kosti tuttugu hlutdeildar- félögum og hlutafélögum, sem eiga svo jafnvel hlutdeild í fleiri félögum á einn eða annan hátt. Á þessum lista eru félög með milljarðaveltu og umsvifamiklir einstaklingar í atvinnulífinu þeim tengd.

## Framleiðslugeta umfram kvóta

Kaupfélag Skagfirðinga hefur um árabíl aðstoðað félagsmenn sína við uppbyggingu og eflingu reksturs og atvinnulífs enda einn tilgangur samvinnufélagsins.

Stuðningurinn getur m.a. falist í því þegar bændur leggja í stórar fjárfestingar, til dæmis byggingu á fjósi. Þá geta þeir, samkvæmt heimildum Bændablaðsins, sótt ákveðinn stuðning til að brúa bil í fjármögnun til KS á góðum kjörum.

Stuðningurinn getur einnig falist í kjaragóðum fyrir- greiðslum fyrir kaupum á greiðslu- marki. Í ársreikningum búa í Skagafirði má finna þónokkur dæmi þess að skuldir við Kaupfélag Skagfirðinga séu skráðar sem óverðtryggð og vaxtalaus langtímalán.

Uppbygging á innviðum í mjólkuriðnaði hefur enda verið mikil á félagssvæði KS undan- farin ár. Samkvæmt tölum frá matvælaráðuneytinu nam fjárfestingastuðningur í nautgriparkerkt til Skagafjarðar um 418 milljónum króna fyrir fjárfestingar upp á 7,3 milljarða króna á árunum 2017–2023.

Það blásir við að vegna þessarar miklu uppbyggingar er framleiðslu-

## Mjólkurframleiðsla

Framleiðsla búvara á að vera í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggja ávallt nægjanlegt vöruframboð sam- kvæmt búvörulögum.

Í tilfelli mjólkurframleiðslu ákveður framkvæmdanefnd bú- vörusamninga hversu mikla mjólk á að framleiða með stuðnings- greiðslum ár hvert.

Forsenda þess að hljóta stuðningsgreiðslur fyrir fram- leiðslu á mjólk er að framleið- andinn eigi greiðslumark, sem er annað orð yfir mjólkurkvóta.

Heildargreiðslumarkið sem ákveðið er byggist á söluspám. Þannig á að koma í veg fyrir bæði skort á mjólk og óhóflegri umfram framleiðslu. Mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark er kölluð umframmjólk og getur bóndi ekki vænst fullra stuðningsgreiðslna fyrir slíka mjólk.

Þrisvar á ári fer fram tilboðs- markaður gegnum matvæla- ráðuneytið þar sem greiðslu- markshafar geta reynt að selja kvótann sinn og aðrir keypt hann samkvæmt þar til gerðum reglum.

Lilleseth  
Kjetting

Finndu fyrir öryggi á veginum í vetur



VÖRUBÍLAR



DRÁTTARVÉLAR 70 ára reynsla!

Lilleseth Kjetting býður upp á breiðasta úrvalið af snjókeðjum í Noregi og núna eru keðjurnar frá þeim að slá í gegn í íslensku vetrarfæri

Ert þú viðbúinn vetrinum?

SKRALLI  
INNFLUTNINGUR  
RÁÐGJÓF

Upplýsingar á Facebook  
eða í síma 862 4046

skralli.is

Næsta Bændablað  
kemur út  
8. febrúar

Langtímaskuldir					
Langtímalán greinast þannig:					
Lánveitandi:	Lánsform	Visitala	Vaxtakjör	Staða	
Landsbankinn hf.	Skuldabréf	Nvt	8,40%	180.666.667	
Kaupfélag Skagfirðinga	Skuldabréf	Övtr	-	8.900.000	
Langtímalán greinast þannig:					
Lánveitandi:	Lánsform	Visitala	Vaxtakjör	Staða	
Landsbankinn hf.	Skuldabréf	Övtr	9,10%	111.387.845	
Kaupfélag Skagfirðinga	Rekstrarlán	Övtr	-	23.031.000	
Langtímaskuldir					
Langtímalán greinast þannig:					
Langtímalán greinast þannig:	Visitala	Vaxtakjör	2022	Vaxtakjör	2021
Arion banki	NVT	3,74%	105.235.009	3,20%	99.579.302
Arion banki hf.	Övtr	8,63%	46.259.651	5,76%	46.759.973
Kaupfélag Skagfirðinga	NVT/Övtr	-	16.845.310	-	12.638.291
Ergó	Övtr	10,00%	11.096.539	6,90%	4.739.862
Lj Innheimtuskuldabréf	NVT	1,50%	8.645.148	1,50%	8.837.085
Langtímaskuldir					
Helstu skuldir félagsins skiptast þannig:					
Arionbanki				Staða í árslok	
Lánasjóður landbúnaðarins				-9.602.798.-	
KS				-7.078.954.-	
				10.071.709	
Skammtímaskuldir eru aðallega við Kaupfélag Skagfirðinga kr. 15.690.048 og aðrar skuldir					
Langtímaskuldir					
Langtímalán greinast þannig:					
Langtímalán greinast þannig:	Visitala	Vaxtakjör			
Íslandsbanki	Övtr	8,75%	435.541.517		
Arion banki hf.	Övtr	9,50%	9.791.667		
Landsbankinn	Övtr	9,32%	3.537.653		
Kaupfélag Skagfirðinga	NVT	-	3.401.049		
Kaupfélag Skagfirðinga	Övtr	5,09%	32.508.033		
Ergó	Övtr	9,25%	7.860.107		



Vegna mikillar innviðaupbyggingar er framleiðslugeta fjósa í Skagafirði orðin mun meiri en framleiðsluréttur innan svæðisins. Því kemur ekki á óvart að bændur með framleiðslugetu umfram kvóta sækist eftir kaupum á greiðslumark. Mynd / gbe

**Í ársreikningum búa í Skagafirði má finna þónokkur dæmi þess að skuldir við Kaupfélag Skagfirðinga séu skráðar sem óverðtryggð og vaxtalaus langtímalán.**

geta fjósa í Skagafirði orðin mun meiri en framleiðsluréttur innan svæðisins. Því kemur ekki á óvart að bændur með framleiðslugetu umfram kvóta sækist eftir kaupum á greiðslumark.

**Skuldasamband og tryggðabönd**

Heildarendurskoðun á styrkjakerfi í landbúnaði er í farvatninu og þegar er hafin vinnu við að skoða núverandi styrkjaumhverfi í samanburði við styrkjakerfi annarra landa.

Styrkjakerfi í mjólkurframleiðslu byggir á framleiðslustýringu með kvóta sem er framseljanlegur á miðlægum markaði.

Mjólkurframleiðendur sem eiga bakland í Kaupfélagi Skagfirðinga eru í góðri stöðu í núverandi kerfi.

Með myndarlegri uppbyggingu framleiðslueininga á þessu

rótgróna landbúnaðarsvæði er samvinnufélagið að gera það sem því er ætlað að gera; að efla atvinnulíf í héraðinu með því að aðstoða félagsmenn sína við að sækja framleiðsluréttinn.

Á meðan Skagfirðingar tala um öfund Eyfirðinga gagnvart hinni stöndugu aðstöðu sinni, er ekki nema von að spurt sé hvort ekki þurfi að skoða þann aðstöðumun sem liggur í því að framleiða mjólk utan eða innan hins svokallaða skagfirska efnahagssvæðis.

Enda er þessi söfnun framleiðsluréttar að verða til þess að afar fjársterkur aðili í atvinnulífinu, Kaupfélag Skagfirðinga, heldur á stórum hluta mjólkurkvóta landsins með lánum til félagsmanna sinna og þar með áskrift að opinberu stuðningsfé. Aðferðir og nálgun samvinnufélagsins eru að einhverju

leyti ágæt, að minnsta kosti fyrir þá bændur sem eru félagsmenn KS. En svo er stóra spurningin hvort það sé gott eða slæmt, rétt eða rangt í stærra samhengi.

Ógjarnan vildu menn tjá sig undir nafni þótt margir væru reiðubúnir að ræða málin við vinnslu þessarar greinar. Einn kúabóndi orðaði það svo að bændur hefðu litið val. Veruleiki þeirra lægi í því að ákveða hvort þeir vildu heldur skulda bankanum eða kaupfélaginu, og taka svo því sem fylgdi þeim samningum.

Því tengt nefndu sumir bændur að með því að vera í viðskiptasambandi við samvinnufélagið fylgdu ákveðin tryggðarbindandi skilyrði, sem gætu verið þess eðlis að KS hefði vald til að láta lán á tafarlausan uppgreiðslugjaldþaga af ýmsum orsökum. Því væri bóndi bundinn á klafa um leið og hann nýti fyrirgreiðslu félagsins.

Aðrir sögðu að svo væri alls ekki raunin. Menn hefðu frjálssar hendur í sínum búskap, enda þyrftu bændur að hafa alla anga úti til þess eins að láta reksturinn ganga upp.



Fjós í Skagafirði, hvar mikil uppbygging hefur átt sér stað á síðustu árum. Samkvæmt tölum frá matvælaráðuneytinu nam fjárfestingastuðningur í nautgripaækt til Skagafjarðar um 418 milljónum króna fyrir fjárfestingar upp á 7,3 milljarða króna á árunum 2017–2023. Mynd / epgk

**Samvinnufélög eru ekki fjármálafyrirtæki**

Kaupfélag Skagfirðinga starfar samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991 með síðari breytingum. Samkvæmt þeim getur starfssvið samvinnufélaga verið að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar þjónustu til eigin þarfa, að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri og að annast starfsemi er miðar á annan hátt að því að efla hag félagsmanna.

Eftirlit með fjármálastarfsemi samvinnufélaga virðist vera nokkuð óskýr þegar eftir upplýsingum um það var leitað hjá hinum ýmsu opinberu stofnunum. Í svari við fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins um eftirlit með samvinnufélögum kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi ekki eftirlitsskyldu gagnvart Kaupfélagi Skagfirðinga.

„Lánastarfsemi er aðeins starfsleyfisfiskild samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki ef hún er fjármögguð með innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Fljótt á litið sýnist okkur hér í Seðlabankanum það ekki eiga við hér.“

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands starfar í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og hefur m.a. eftirlit með lánastofnunum á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki. En samvinnufélög eru ekki fjármálafyrirtæki. Þau mega ekki starfrækja innlánsdeildir, enda var slík heimild felld úr lögum um samvinnufélög árið 2020.

Fjármálaeftirlitið benti því á Neytendastofu, þar sem aðili sem veitir lán og tekur ekki við endurgreiðanlegum fjármunum gæti fallið undir löggjöf um neytendalán. Í svari við fyrirspurn til Neytendastofu segir hins vegar að ef fyrirgreiðslan er að öllu leyti tengd atvinnustarfsemi lántakans falli félagið ekki undir eftirlit Neytendastofu. KS sé því ekki skráningarskyld hjá stofnuninni.

Lög um samvinnufélög heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneyti. Í þeim er ekki kveðið á um að sérstakur eftirlitsaðili fari með eftirlit með starfsemi samvinnufélaga. Samkvæmt upplýsingum frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu fer því eftirlitið eftir almennum reglum um markaðseftirlit og eftirlit með skráningu slíkra félaga. Sem dæmi þá fer Samkeppniseftirlitið með eftirlit samkvæmt samkeppnislögum, Skatturinn fer með skatteftirlit og svo framvegis.

Að öðru leyti hafa samvinnufélögin eftirlit með sjálfum sér. Því samkvæmt lögum um fjármálaáhrif samvinnufélagsins að annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Fulltrúanefnd á að hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjórn ráða málum félagsins. Undir tilteknum kringumstæðum geta félagsaðilar farið fram á rannsókn á tilgreindum atriðum varðandi starfsemi samvinnufélagsins og farið þess á leit við menningar- og viðskiptaráðherra að hann tilnefni rannsóknamenn til þess.



**Bilanaust**  
FYRIR FÓLK  
Á FERÐINI

Skoðaðu vöruúrvalið á  
[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)



ÖFLUGIR VARTA RAFGEYMAR  
HJÁ BÍLANAUST

**STÓRVERSLUN**  
BÍLDHÖFÐA 12  
110 REYKJAVÍK  
S. 535 9000

**STÓRVERSLUN**  
BÆJARHRAUNI 12  
220 HAFNARFIRÐI  
S. 555 4800

Hafnargata 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Miðvangi 2-4  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

## Samkeppniseftirlitið:

# Bændur telja samningsstöðu sína gagnvart afurðastöðvum veika

Aðstöðumunur kúabænda vegna mismunandi stuðnings við kvótakaup milli landsvæða hefur ekki komið til skoðunar Samkeppniseftirlitsins. Fyrri athuganir eftirlitsins á framkvæmd samkeppnisreglna í landbúnaði gefa skýrt til kynna að bændur hafi og telji sig hafa mikla hagsmuni af því að viðsemjendur þeirra búi við samkeppnislegt aðhald. Stofnunin getur tekið mál til skoðunar berist þeim ábendingar eða kvartanir.

Fyrirspurn var send Samkeppniseftirlitinu og varpað var fram spurningum um samkeppnisstöðu bænda á milli er kemur að vaxtalausum óverðtryggðum fyrirgreiðslum Kaupfélags Skagfirðinga til handa sínum félagsmönnum annars vegar og einnig er varðar stöðu bænda gagnvart lánardrottnum sínum.

Í svari frá Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra stofnunarinnar, kemur fram að Samkeppniseftirlitinu hafi ekki borist erindi eða ábendingar varðandi fyrirgreiðslur KS til bænda á starfssvæði félagsins og hefur því ekki tekið viðskipti með greiðslumark til skoðunar.

„Þannig hefur ekki verið tekið til skoðunar hvort þessi aðkoma KS að viðskiptunum geti farið gegn banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, þ.e. hvort KS, sjálfstætt eða með MS, sé markaðsráðandi í þessu tilliti og þá hvort lánasamningar eða kjör þeirra geti talist misnotkun á þeirri stöðu. Ekki hefur heldur komið til skoðunar hvort viðskiptin geti átt undir bann 10. gr. samkeppnislaga við samkeppnishamlandi ákvæðum í samningum afurðastöðva við bændur. Þyrfti Samkeppniseftirlitið að afla frekari gagna og upplýsinga til að taka afstöðu til þessa.“

Um áhrif slíkra fyrirgreiðslna á stöðu bænda gagnvart KS segir Páll Gunnar: „Þekkt er í samkeppnisrétti að samningar sem fela í sér einhvers konar sérkjör geta verið til þess fallnir að hindra samkeppni, þ.e. með því að binda viðskiptavinum í viðskiptum við fyrirtækið sem veitir kjörin, annaðhvort á sama markaði eða tengdum mörkuðum.



Páll Gunnar Pálsson.

Fyrir liggur að KS selur bændum ýmsa þjónustu og aðföng og mikilvægt að virk samkeppni ríki á viðkomandi mörkuðum, m.a. til þess að bændum bjóðist samkeppnishæf kjör og valkostum þeirra fækki ekki. Samningar sem fela í sér bindingu viðskiptavina geta undir vissum kringumstæðum falið í sér brot á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu eða farið gegn 10. gr. samkeppnislaga um bann við ólögmetu samráði. Ítök lánveitanda í rekstri fyrirtækis geta líka undir vissum kringumstæðum vakið spurningar um yfirráð yfir fyrirtækinu.“

### Tryggðarbindandi kjör geta hindrað samkeppni

Þá segir Páll Gunnar að í júlí 2023 hafi Samkeppniseftirlitið beint fyrirspurn til KS vegna tilkynningar á heimasíðu félagsins og Sláturhúss KVH þar sem fram kom að kaupfélagið hygðist veita sauðfjárabændum fjárstuðning ef þeir myndu leggja lömb sín inn hjá fólögnum, en með skilyrðum. Við vissar kringumstæður geta tryggðarbindandi kjör hindrað samkeppni og verið í andstöðu við samkeppnislög.



Í júlí árið 2023 beindi Samkeppniseftirlitið fyrirspurn til KS vegna tilkynningar á heimasíðu félagsins og Sláturhúss KVH þar sem fram kom að kaupfélagið hygðist veita sauðfjárabændum fjárstuðning ef þeir myndu leggja lömb sín inn hjá fólögnum, en með skilyrðum. Við vissar kringumstæður geta tryggðarbindandi kjör hindrað samkeppni og verið í andstöðu við samkeppnislög.

Mynd / ghp

félögnum þá um haustið og hefðu gert slíkt hið sama tvö undangengin haust.

„Í bréfinu sagði að eftirlitið teldi jákvætt að afurðastöðvar kepptu sín á milli með því að veita bændum sem besta þjónustu og verð. Hins vegar staldraði eftirlitið við þau skilyrði sem sett voru fyrir

fjánhagsstuðningnum og vakti athygli á því að við vissar kringumstæður gætu tryggðarbindandi kjör af þessu tagi hindrað samkeppni í andstöðu við samkeppnislög. Leiðbeint var um að samningar af þessu tagi gætu þannig farið gegn banni við ólögmetu samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Var því beint til félaganna að tryggja að fjárstuðningurinn hindraði ekki samkeppni í andstöðu við samkeppnislög. Í svari KS kom m.a. fram að orðalag tilkynningarinnar væri ekki í samræmi við framkvæmd og að hún hefði verið tekin af heimasíðu félaganna. Frekari fjárstuðningur myndi ekki fela í sér skilyrði um áframhaldandi viðskipti.“

### Könnun sem endurspeglar viðhorf bænda

Samkeppniseftirlitið lét gera könnun meðal bænda í tengslum við rannsókn eftirlitsins á samruna Norðlenska, Kjarnaafæðis og SAH-afurða árið 2021. Í könnuninni voru bændur spurðir um tengsl sín við afurðastöðvar og samningsstöðu gagnvart þeim. Þeir bændur sem kváðust vera aðilar eða hluthafar í afurðastöð voru jafnframt spurðir hvaða áhrif þeir teldu sig hafa á stefnu viðkomandi afurðastöðvar.

Niðurstaðan var sú að yfir 90% hrossa- og sauðfjárabænda og 75% nautgripabænda teldu samningsstöðu bænda almennt vera veika eða enga gagnvart afurðastöðvum. Bændur rekja veika samningsstöðu sína m.a. til takmarkaðra valmöguleika og þess að ekki sé hlustað á sjónarmið þeirra.

„Greiningin leiddi í ljós að algengustu skýringar bænda á veikri samningsstöðu má rekja til sterkrar stöðu afurðastöðva, en 60% svara féllu undir þann flokk,“ segir í skýrslunni *Viðhorf bænda og neytenda til samkeppni á mörkuðum bívara*.

Þá var tekið sérstaklega til skoðunar hversu mikil eða lítil áhrif þeir bændur sem eru hluthafar eða félagsmenn í kjötafurðastöðvum teldu sig hafa á stefnu viðkomandi afurðastöðvar.

Mikill meirihluti þeirra, eða 75%, töldu sig hafa lítil eða mjög lítil áhrif á stefnu þeirrar afurðastöðvar sem þeir voru félagar eða hluthafar í.

### Bendir bændum á að senda ábendingar

Páll Gunnar vísar einnig til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2016 en þar komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að MS hefði brotið gegn banni samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni, með háttsemi sem skapaði fyrirtækinu og tengdum aðilum, þ.á.m. KS, verulegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum.

„Leiddi háttsemin til þess að keppinautur samstæðunnar, Mjólka, hrökklaðist af markaði. Síndu gögn málsins að Mjólka skapaði MS mikilvægt samkeppnislegt aðhald sem varð m.a. til þess að vörubrún jókst og hrávörverð til bænda hækkaði. Var ákvörðunin staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 26/2020.“

Það er einnig rétt að nefna í þessu sambandi að Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri úrlausnum fjallað um tengsl MS og KS. Í fyrrgreindri ákvörðun nr. 19/2016 er varpað ljósi á nán tengsl félaganna og byggt á því að um einn og sama aðilann væri að ræða í viðskiptalegu tilliti. Í málinu var m.a. fjallað um samning milli félaganna um verkaskiptingur og viðskiptakjör.“

Páll Gunnar bendir á að bændum og öðrum hagsmunaaðilum standi til boða að senda eftirlitinu ábendingar og kvartanir um framangreint, telji þeir ástæðu til þess. Mun eftirlitið þá taka til skoðunar hvort forsendur séu til frekari athugana. /ghp

# RAFHITUÐ VESTI

Frí sending



Deerhunter raffitað vesti bæði dömu og herra

kr 23.900



Deerhunter Heat Padded M/3 hitaplötur bæði dömu og herra

kr.31.900

## Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)



Silkitoppa. Mynd / Jóhann Óli Hilmarsson

## Garðfuglahelgin

Fuglavernd efnir til talningar á garðfuglum um næstu helgi.

Framkvæmdin felst í því að sjálfbodaðaliðar fylgjast með garði í eina klukkustund á tímabilinu 26. til 29. janúar. Viðkomandi skráir hvaða fuglar koma við og mestan fjölda af hverri tegund á meðan athugunin stendur yfir. Þeir fuglar sem fljúga yfir eru ekki teknir með og ekki má leggja saman þar sem einn fugl getur lent nokkrum sinnum í garðinum á meðan talið er.

Í fréttatilkynningu frá Fuglavernd er mælt með að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að hefja daglegar fôðurgjafir sem lokka fugla. Ekki er nauðsynlegt að eiga garð, heldur er hægt að koma sér fyrir í almenningsgarði og telja fugla. Að lokinni athugun skal skila niðurstöðum rafrænt á vef Fuglaverndar, [www.fuglavernd.is](http://www.fuglavernd.is). Þar er einnig hægt að nálgast frekari upplýsingar um hvaða fôður hentar hverri fuglategund. /ál



Mynd /gbe

## Kúabændur ósáttir

Stjórn deildar nautgripabænda hjá BÍ er sammála um að þörf sé til að ræða stöðu nautakjöts-framleiðslu þótt endurskoðun búvörusamninga sé frá.

Í yfirlýsingu frá stjórninni segir að á fundi samninganefndar þann 14. janúar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að láta staðar numið og lauk endurskoðuninni þann 17. janúar. Strax frá upphafi hafi það verið afdráttarlaus afstaða samninganefndar ríkisins að ekki kæmi til greina að setja aukna fjármuni í samningana.

Vegna þessa eru ekki gerðar neinar tillögur að breytingum á gildandi samningi um starfsskilyrði nautgripaæktarinnar. Samninganefnd bænda leggur áherslu á að vinna við heildarendurskoðun búvörusamnings, sem á að taka gildi 2027, hefjist hið fyrsta.

Deild nautgripabænda lýsir yfir miklum vonbrigðum með afstöðu stjórnvalda til endurskoðunar. Fulltrúar kúabænda muni áfram vekja athygli á brestum í fjárhagsstöðu nautgripabænda og berjast fyrir bættri afkomu með öllum tiltækum leiðum.

Þá bindur stjórn deildar nautgripabænda vonir við nýjan verðlagsgrundvöll kúabúa sem mun fljótlega líta dagsins ljós. /ál

# Bændablaðið mest lesna blað landsins

Samkvæmt niðurstöðum nýrra mælinga Gallup yfir lestur prentmiðla er Bændablaðið nú mest lesna blað landsins.

Meðallestur þess á öllu landinu mælist 29,7% og bætir við sig 3,7% frá því í fyrra. Lestur allra prentmiðla eykst milli ára. Morgunblaðið mælist með 21,7% meðallestur á landsvísi, Heimildin 13,8% og Viðskiptablaðið 6,2%. Lestur Bændablaðsins á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist og er nú nær til jafns við lestur Morgunblaðsins. Aðeins munar tæpu prósentu á lestri miðlanna tveggja.


Að venju ber Bændablaðið höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla í mælingunni þegar litið er til lesturs á landsbyggðinni.

Bændablaðið mælist þar með yfir 40% lestur en Morgunblaðið með minna en 20%.

### Ungt fólk les Bændablaðið

Lesendum á aldrinum 18–29 ára fjölga mikið milli ára og er Bændablaðið nú mest lesna blaðið meðal ungra lesenda. Í reynd er Bændablaðið mest lesna blaðið í öllum aldursflokkum.

Mælingin fór fram á síðasta ársfjórðungi ársins 2023. Í mælingunni er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi, eða um 2.500 svörum á ársfjórðungi. Í úrtakinu eru Íslendingar á aldrinum 18–80 ára af landinu öllu. /ghp



MASSEY FERGUSON

## Mest selda dráttarvélin á Íslandi 2023\*



Eigum fjölbreytt úrval nýrra og notaðra dráttarvéla til afgreiðslu strax.

\*skv. tölfræði Samgöngustofu, dráttarvélar yfir 100 hestöfl



BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | [www.buvelar.is](http://www.buvelar.is)



Loftmynd af Skáldsstöðum í Eyjafirði. Bærinn er um 38 km innan við Akureyri, vestan megin Eyjafjarðarár.



Embla Sól Haraldsdóttir.



Kjartan Júlíusson og Laxness í varpanum á Skáldsstöðum.

## SKÁLDSSTAÐIR OG SKÁLDIN

Kjartan Júlíusson og Finnbjörg Stefánsdóttir bjuggu á gömlu Skáldsstöðum, torfbæ sem nú er hrinn og stóð nokkru ofan við núverandi bæjarstæði Skáldsstaða. Kjartan ritaði bókina Reginfjöll á haustnóttum árið 1978, gefin út hjá Iðunni, og skrifaði Halldór Kiljan Laxness formála og hvatti til útgáfu bókarinnar.

Í Reginfjöllum eru frásagnir „af „skemtingaungum [hans] um reginfjöll á síðhausti“ en einnig sögur af „mönnum sem lenda í skrytlegum lífsháska, tam vegna þrils í klettum ellegar þeir eru eltir uppi af manngum nautum ... Einnegin ... skryturlur um svipti og ýmiskonar spaugelsi sem sveitamanni er títt að hafa uppi til að kollvarpa fyrir okkur vísindum heimsins og umturna náttúrufræðinni“, eins og segir í formála Halldórs.

Kjartan og Finnbjörg bjuggu þá með eithvað á annan tug kinda, eina kú og geldkú af næsta bæ henni til félagskapar. Kjartan var sagður þvilkur unnandi góðra bókmennta að hann bauð Nóbelskáldinu til dvalar á Skáldsstöðum og þáði Halldór það og tókust þá með þeim kynni og sendibréfasamskipti. Hrósaði Halldór stílsnilld Kjartans í hástert. Kjartan bauð raunar líka Þórbergi Þórðarsyni skáldsninglingi að dveljast á Skáldsstöðum en Þórbergur lést áður en af því gat orðið.

Á vefnum Skuggsjá segir: „... Eyfirskur afdalabóndi á síðustu öld, Kjartan Júlíusson á Skáldsstöðum efri, var þekktur af sínu heimilisfólki fyrir áhuga sinn á tímaviddum drauma en einnig af landkönnun sinni á fjöllum; einkum fór hann þessar fjallaferðir að kvöld- og næturlagi þegar skilin dags og nætur runnu saman. Kjartan skræði daglega drauma sína, m.a. á pappírshólkana af Tímanum sem þá var víða keyptur til sjávar og sveita og barst með ötulum póstinum/mjólkurbílnum frameftir. ... Kjartani varð tíðrætt um hreina og tæra loftið á fjöllum og hve létt væri að ganga þar í efstu hæðum ...“

og tollvernd á landbúnaðarvörum,“ segir hún.

### Fjörugt félagslíf

Áhugamálin eru ýmis fyrir utan búskapinn og þau Gunnar Smári hafa m.a. verið á hvolfi í undirbúningi þorablóts. „Mín helstu áhugamál fyrir utan búskapinn er að þrjóna og svo finnst mér skemmtilegt að grípa í bækur af og til,“ segir Embla og bætir við:

„Um mitt ár í fyrra byrjaði ég svo að sjá um bókhaldið fyrir búið og það finnst mér mjög gaman þótt það tengist nú búskapnum. Ég er ekki í kvenfélagi eða leikfélagi hér í sveitinni en er í hóp þar sem ég og níu vinkonur mínar úr sveitinni hittumst reglulega. Einnig vorum við Gunnar svo heppin að vera í þorablótsnefnd Eyjafjarðarsveitar 2024 sem er búið að vera mjög skemmtilegt.“ Flestir í sveitinni séu nokkuð samhentir og þau Skáldsstaðabændur eigi marga vana- og kunningjabei umhverfis. Henni finnst alltaf gaman að fá gesti til þeirra héðan og þaðan úr sveitinni.

„Framtíðin er björt og spennandi og við vonum að umhverfi í íslenskum landbúnaði muni batna á komandi árum,“ segir Embla að lokum.

## Eyjafjarðarsveit:

# Unir glöð og býr að sínu

– Ákvað ung að bindast pilti og búskap tryggðaböndum

Steinunn Ásmundsdóttir  
steinunn@bondi.is



Embla Sól Haraldsdóttir stendur ásamt manni sínum fyrir myndarbýli að Skáldsstöðum í Eyjafjarðarsveit. Þar var nýlega sett upp lausagöngufjós með mjaltþjóni.

Skáldsstaðir eru um 38 km innan við Akureyri, vestan megin Eyjafjarðarár. Eitt íbúðarhús er á jörðinni en henni þó skipt niður á Skáldsstaði og Skáldsstaði 3.

Embla Sól Haraldsdóttir er 22 ára gömul, fædd á Akureyri og ólst upp þar og á Árskógssandi. Hún stundaði nám við Verkmenntaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan 2021 sem sjúkraliði og stúdent. Með námi vann hún á Hlíð og hélt þar áfram eftir útskrift.

### Hugurinn beindist snemma að búskap

„Ég kynntist kærastanum mínum 14 ára gömul og hann er héðan frá Skáldsstöðum, fæddur og uppallinn. Um 16 eða 17 ára aldur fór okkur að langa til að taka við búskapnum,“ segir Embla.

Kærastinn er Gunnar Smári Hólm Ármannsson, árinu eldri en Embla og eiga þau litla dóttur, Freydísi, sem verður tveggja ára á vori komanda. Gunnar Smári er þriðji ættliðurinn sem tekur við búinu á Skáldsstöðum, af foreldrum sínum, Kolbrúnu Elfarsdóttur og Ármanni Hólmi Skjaldarsyni.

### Byggja bjartsýn upp

„Við erum aðallega með kúr og nautgripi,“ svarar Embla, aðspurð um bústofninn á Skáldsstöðum. „Í heildina lítið erum við með u.þ.b. 130 gripi og þar af eru 52 mjólkandi kúr. Einnig erum við með 23 kindur. Svo auðvitað með hund og kött!“ Þess má geta að naut frá þeim hafa farið í Nautastöð BÍ að Hesti, nú síðast nautið Skáldi.

Fjósinu var árið 2022 breytt í lausagöngufjós með Delaval-mjaltþjóni en áður var básafjós. „Við erum enn að fjölga kúm upp í þann fjölda sem fjósið tekur og verður það sjálfsagt orðið fullt innan nokkurra mánaða,“ útskýrir Embla og heldur áfram: „Við stefnum ekki að meiri breytingum eins og er á Skáldsstöðum en við eigum líka



Í nýja lausagöngufjósinu á Skáldsstöðum eru nú 52 mjólkandi kúr og stendur til að fjölga þeim enn. Embla Sól Haraldsdóttir og Gunnar Smári Ármannsson með Freydísi litlu dóttur sína.

Myndir / Aðsendar

Ártún, sem er næsti bær við hliðina, og þar erum við með kindurnar í gömlum fjárhúsum og kvígur í fjósinu. Þar er hlaða sem við stefnum á að breyta fyrir nautgripi og verður sjálfsagt byrjað eithvað á því í ár.“

Húsakostur gæti enn aukist því Skáldsstaðir 3 eru lóð í eigu tengdaforeldra Emblu og þar langar þau að hennar sögn að byggja sér sumarhús.

### Í góðu gengi

Embla hefur, eins og svo margir bændur þurfa að gera, unnið viðbótarstarf við búreksturinn. „Ég hef verið að vinna á Sjúkrahúsinu á Akureyri í 50% starfshlutfalli síðan stelpa okkar byrjaði á leikskóla,“ segir hún. „Mér hefur líka það mjög vel en þó ákveðið að hætta vegna þess að það er bara nóg að gera heima og verður enn þá meira í vor og sumar þegar heyskapur og tilvonandi breytingar á hlöðu í Ártúni byrja. Svo er bara spennandi að fara alveg yfir í það sem mér finnst allra skemmtilegast!“

Hún vill hafa bjartsýni og jákvæðni í forgrunni, jafnvel þótt afkoma bænda sé víða lök og þungt hafi verið í þeim hljóðið að undanförunu gagnvart því rekstrarumhverfi sem íslenskum landbúnaði er búinn. „Auðvitað er umhverfi íslensks landbúnaðar ekki í toppmálum eins og staðan er núna en við verðum bara að vera jákvæð og bjartsýn á að hlutirnir breytist til hins betra,“ segir hún og vill hvorki vil né vil.

„Við skrifuðum undir kaupsamning á Skáldsstöðum fyrir aðeins rúmu hálfu ári síðan og reksturinn hefur gengið mjög vel hingað til þannig ég get ekki sagt að við höfum átt við einhverja erfiðleika með reksturinn,“ bætir hún við.

Embla áréttar þó að gott væri að sjá nokkra hluti breytast. „Eins og til dæmis afurðaverð í landbúnaði



**DEUTZ FAHR**

# 5D Keyline

Einfaldlega rétta valið



**PÓR.F**

Með þér í meira en 60 ár

Reykjavík, Akureyri og Selfossi  
S: 568-1513, 568-1556 og 568-1559



vfs.is

# JANÚÁR ÚTSALA TVAÐSLIÐ

## VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



### Husqvarna snjóblásarar - finndu kraftinn



**Snjóblásari ST424T**  
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, belti, rafstart.



**Snjóblásari ST424**  
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST330**  
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST327**  
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST224**  
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



**Snjóblásari ST124**  
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



### Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



**Traktor TC238T**  
Sláttutraktor - 18 hestöfl



**Rider 320X AWD**  
Sláttutraktor - 20 hestöfl



**RC320TS AWD**  
Sláttutraktor - 12.6 kW



**FS400**  
Gólfsög  
Sögunardýpt 16,2cm



**K770**  
Steinsög  
Sögunardýpt 12,5cm



**K970**  
Steinsög  
Sögunardýpt 15,5cm



**K3600 MK II**  
Steinsög  
Sögunardýpt 27cm



**K7000**  
Steinsög / forsög  
Sögunardýpt 14,5cm



**550XP MKII**  
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjór liggur yfir gróðri og húsum en þess er ekki mjög langt að bíða að vorið og gróandinn taki við sér.



Hinn snjalli og afkastamikli priklunar-róbót í Sólskógum gerir stöðinni kleift að framleiða um sjö milljónir plantna fyrir næsta ár, mest birki og stafafuru en einnig lerki, ösp og sitkagreni.

Myndir / Aðsendar

## Skógrækt:

# Skógfræðidúx tekur við gróðrarstöð

– Rannsaði aðferðir til að efla lifun skógarplantna

Ungur skógfræðingur norðan heiða hugar að hvernig efla mætti lifun skógarplantna með svepprotarsmiti og undirbýr sig til að taka við rekstri Sólskóga ásamt manni sínum.

Álfsól Lind Benjaminsdóttir stundaði nám við NMBU, norska landbúnaðarháskólann í Ási. Þar tók hún BS- og mastersnám, auk hálfis árs skiptináms í Göttingen í Þýskalandi.

Hún varði meistararitgerð sína í ágúst sl., hlaut hæstu einkunn á meistaraprófinu og fékk verðlaun frá samtökum norskra skógareigenda fyrir vikið; um 750 þúsund krónur.

Meistaraverkefni Álfsólar snerist um þróun aðferða við að koma svepprotarsmiti inn í ræktunarferla í skógarplöntuframleiðslu.

### Tvísmitun skilar betri lifun

„Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta verkefni er að lifun [plöntur sem lifa enn u.þ.b. 3 vetrum eftir gróðursetningu, innsk.blm.] er ekkert sérstök á Íslandi, oft frekar lítil, og mér varð tíðhugað um hvernig hægt væri að bæta lifun,“ segir Álfsól.

„Ég skrifaði verkefni í skólanum

um áhrif svepprotarsmits á lifun, flestar fræðigreinar sem ég las fyrir verkefnið fundu jákvæð tengsl milli smitunar sveppróta og lifunar.“

Þá segir Álfsól hugmynd hafa kviknað um hvort hægt væri að setja svepprotarsmit inn í venjuleg framleiðsluferli skógarplantna og hún valið það sem lokaverkefni.

„Helsta niðurstaðan er að ég tel vera mögulegt að koma svepprotarsmiti inn í framleiðslu skógarplantna,“ segir hún og heldur áfram:

„Ég var með nokkrar aðferðir í gangi við smitun lerkis og ein alveg sérstaklega sem gaf góða raun og skilaði mestu en það var að smita í tvígang. Þeim sérfræðingum sem ég bar þetta undir fræðilega, m.a. framleiðendum svepprotarduftsins, leist svo sem ekkert á það og töldu að óreyndu tvísmitun ekki myndu bæta smitið.“

Hvatning var frekar á þann veg að sleppa tvísmitun því enginn hafði trú á slíku. Ég ákvað samt að prófa og það reyndist einmitt gefa betri niðurstöður.“

Smitunin fór þannig fram að hún blandaði þýsku svepprotardufti,

sérhæfðu fyrir vökvun á skógarplöntum, í vatn og drekkti plöntunum.

Við tvísmitun tók hún plöntur úr bökkunum, skoðaði eftir fínrotum og þegar þeirra varð vart smitaði hún hluta plantnanna aftur með dýfingu.

### Mun halda rannsóknum áfram

Álfsól er því búin að kasta áhuga-verðum bolta upp í loftið. Hún er í kjöraðstæðum til að skoða þetta áfram þar sem hún starfar á garðyrkjustöðinni Sólskógum og er raunar að taka smám saman við rekstri hennar ásamt maka sínum, Guðmundi Gíslasyni garðyrkjufræðingi. Hann er sonur hjónanna Katrínar Ásgrímsdóttur og Gísla Guðmundssonar sem rekið hafa Sólskóga um árabíl, fyrst á Fljótsdalsheraði og svo í Kjarnaskógi við Akureyri.

„Það er draumurinn fyrir framtíðina að kanna þetta betur,“ segir Álfsól. „Kannski ekki í sumar, maður er svona að koma sér inn í starfseminna hér og sjá alla boltana sem eru á lofti nú þegar á stöðinni. Ég sé þetta þó alveg fyrir mér, eftir tvö til þrjú ár, þegar ég verð búin að koma



Álfsól Lind Benjaminsdóttir, skógfræðingur í Sólskógum, heldur hér á kettinum Kela, öldruðum höfðingja sem fæddur er og uppallinn í gróðrarstöðinni.

mér inn í verkefnið hér, að ég finni mér tíma til að halda rannsóknum áfram. Svepprotarsmitið er mjög sérhæft viðfangsefni og ég veit ekki til þess að neinn annar sé að skoða það núna hér á Íslandi,“ segir Álfsól einnig. Flest allar rannsóknir sem hún hafi fundið, um að smita plöntur og planta þeim út, bendi til að lifun aukist. „Auk þess sýnist mér það skila betri plöntum.“

Þess ber að geta að héraendis starfar aðili sem kallast Rootopia, m.a. að ræktun nytjaplantna í samlífi við svepprotarsveppi. Virðast því vera heilmiklir möguleikar til að efla íslenska skógrækt með áframhaldandi rannsóknum og tilraunum á aukinni lifun með svepprotarsmiti.

### Tæknivæðing hjá Sólskógum

Þessa dagana er Álfsól að koma sér inn í allt sem lýtur að starfsemi Sólskóga og rekstri fyrirtækisins. Þau Guðmundur séu að taka við, hægt og rólega.

Skógarplöntuframleiðsla er um 70% af starfseminni en auk þess er garðyrkjustöðin með skrauttré og -runna, rósir, sumarblóm, matjurtrir og krydd. Stöðugildi séu um 12,5 og fyrirtækið á góðri siglingu.

„Jú, þetta er allt í blóma,“ segir hún. „Við erum búin að vera í uppbyggingu í skógarplöntunum og

verið gífurleg aukning hjá okkur þar.“

Seinasta vor tókum við í gagnið svonefndan priklunar-róbót sem gerir okkur kleift að sá plöntum í bakka með mjög litlum hólfum. Þannig getum við nýtt plássíð í gróðurhúsum mun betur og aukið framleiðsluna án þess að byggja meira.

Svo fara þessar plöntur í litlu bökkunum í gegnum róbótinn sem tekur þær upp og setur í venjulegu bakkastærðirnar,“ útskýrir hún. Þarna sparast því gríðarmörg mannleg handtök og róbótinum að þakka að þau geti aukið framleiðsluna eins og raun beri vitni. Markmiðið sé að anna eftirspurn.

„Fyrir næsta ár held ég að stefnt sé á um 7 milljónir plantna, mest birki og stafafuru en einnig lerki, ösp og sitkagreni,“ segir Álfsól.

Þau stefni jafnframt að innleiðingu sjálfvirkar vökvunar fyrir garðplönturnar á næstu fimm árum eða svo.

Um framtíðaráformin segist hún gera ráð fyrir að verða áfram í Sólskógum eins langt og augað eygi.

„Ég geri ráð fyrir að reyna að framleiða eins og eftirspurnin kallar á og fá meiri skóg sem víðast. Það stuðlar að auknum líffræðilegum fjölbreytileika og myndar svæði fyrir skordýrin, fuglana og fleiri lífverur,“ segir Álfsól að endingu. /sá

**Ekki verða kalt!**

Þú færð hitablásara frá MASTER hjá okkur.

**PÓR**

Með þér í meira en 60 ár



Álfsól Lind Benjaminsdóttir og Ásgeir Þór Ásgeirsson, starfsmaður Sólskóga, taka sér hlé til að kasta mæðinni í grísjunarvinnunni.

# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970  
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''  
Steinsög/Hellusög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel  
BG 245  
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75  
Jarðvegsþjappa  
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400  
LV gólfsög  
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer  
Hoppari LT6005  
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna FS 500  
E rafmagns gólfsög  
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230  
Kjarnaborvél  
150 mm Max

Husqvarna K4000  
Steinsög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600  
Vökvasög  
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000  
Ring  
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000  
Pre Cut  
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur  
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.  
S. 588-0028  
haverslun@haverslun.is  
haverslun.is

# POLARIS

Vélsleðar - Fjór hjól - Sex hjól - Buggy - Vinnubílar



## STORMUR

Klettháls 15 Reykjavík Óseyri 4 - Akureyri  
www.stormur.is - Sími: 5771717

Litla-Hildisey:

# Leitar að gómsætum og sjúkdómapólnum kartöfluyrkjum

– Biobóndinn ræktaði ellefu kartöfluyrki í haust og er auk þess með bygg og hafra til manneldis í ræktun

Gunnar Bjarnason keypti Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjum árið 2018 með það fyrir augum að nýta landið til matvælaframleiðslu.

Fyrir tveimur árum fékk hann lífræna vottun og í haust bárust fyrstu vörurnar frá honum inn í íslenskar verslanir undir vörumerkinu Biobóndinn.

Hann er með skýr markmið til framtíðar um að framleiða hágæða lífræn matvæli án tilbúins áburðar eða eiturs. „Já, það er einn og einn þverhaus sem bætist við í lífræna hópinn,“ segir Gunnar.

## Tugir tilrauna með kartöflur og korn

„Ég hef gert tugir tilrauna með kartöflur og í ár voru 11 yrki í ræktun hjá mér. Ég mun síðan ekki rækta nema tvö eða þrjú þeirra aftur á næsta ári, en taka inn að minnsta kosti átta til tíu önnur yrki fyrir tilraunir næsta og þannásta sumar.

Orðið yrki er notað til að aðgreina mismunandi undirtegundir af jurtum, sem dæmi má nefna að Gullauga og Premium eru sitt hvort yrkið af kartöflum,“ útskýrir Gunnar. Hann segist hafa valið kartöflurnar sem aðaltegund til ræktunar einfaldlega vegna þess að það sé hans uppáhaldsgrænmeti. „En ég rækta líka bygg, hafra og „alls konar“ og hef gert fjölda tilrauna í þeirri ræktun. Ég hef einnig unnið markvisst að því að auka frjósemi og gæði jarðvegarins á jörðinni minni.

Byggið okkar fór síðasta haust til Eyglóar og Eymundar í Vallanesi eftir að ég var búinn að þurrka það í kornþurrkara sem ég keypti af vini mínum hér í sveitinni. Þau verka það áfram og selja undir sínu nafni sem er Móðir Jörð. Ég hef borðað byggið þeirra í meira en 10 ár og mér þykir óskiljanlegt að við Íslendingar



Gunnar Bjarnason í Litlu-Hildisey.

Myndir / Aðsendar

skulum flytja inn hrísgrjón í gríðarlegu magni þegar við getum sjálf ræktað bygg sem inniheldur tvöfalt magn af trefjum og allt að 30 prósent minna af hitaeningum en hrísgrjón. Ég vil að sem mest af minni vöru fari til manneldis og er sérstaklega áhugasamur um plöntur sem eru nægjusamar og þurfa litla hjálp í formi moltu eða húsdýraáburðar.“

## Skiptiræktun nauðsynlegur hluti af lífrænni ræktun

Að sögn Gunnars er skiptiræktun hornsteinn þess að stunda lífræna ræktun og þá sé nauðsynlegt að vera með nokkrar tegundir í ræktun. „Það er merkilegt að þrátt fyrir að forfeður okkar hafi uppgötvað skiptiræktun fyrir sex þúsund árum haldi sumir að efnahernaður geti gert lögmál náttúrunnar óvirk. Maður verður að hvíla lengur land sem er mjög rýrt

og gefa náttúrunni frið til að auka lífrænt efni í jarðveginum. Ég er með svona 40 hektara undir ræktunina hverju sinni, en sumar spildurnar fá hvíld árum saman.

Það er ekki nóg að kartöflurnar séu sjúkdómapólur og bragðgóðar, þær þurfa líka að skila ásættanlegri uppskeru í okkar kalda loftslagi. Þess vegna held ég áfram að þreifa mig áfram með yrki, en ég hef fengið flest yrkin frá Hollandi og Þýskalandi til að prófa hérna hjá mér. Ég legg mig mjög mikið fram um að mæla og vigta kartöflurnar – taka prufur og skoða afurðirnar svo þær standist mínar yftrústu kröfur.

Ef maður skráir ekki upplýsingarnar hjá sér jafnóðum, gleymast staðreyndir fljótt.“

Til að meta hvaða kartöfluyrki hentar hvaða eldunaraðferð hefur Gunnar leitað til matreiðslumeistarans Úlfars Finnbjörnssonar, sem hefur leiðbeint honum.



Undir merkjum Biobóndans voru ellefu kartöfluyrki sett á markað í haust.

„Hvert yrki hefur sín bragð- og áferðareinkenni. Þannig geta kartöflur verið þurrar, blautar, bragðmiklar eða mildar.

Þær sem til dæmis henti síður í „franskar kartöflur“ geti verið stórkostlegar soðnar. Þótt yrki skili finni uppskeru fær það reisupassann ef Úlfar vinur minn er ekki sáttur við eiginleika þess.“


## Jarðvegsauðgandi beitarstjórnun

Til að auka frjósemi og gæði jarð-

vegarins í Litlu-Hildisey notar Gunnar ýmsar aðferðir. „Tilraunir með smára og svarðnauta hafa spilað lykilhlutverk við jarðvegsbæturarnar og í sumar prófaði ég í fyrsta skiptið „regenerative grazing“ [jarðvegsauðgandi beitarstjórnun] með 30 kvígur sem ég fékk að láni hjá góðum vini mínum og nágretta, sem ég sé svo ekki árangur úr fyrr en á næsta ári,“ segir Gunnar.

Hann segir að fyrirtækið Bananar dreifi kartöflunum sínum víða í verslanir. /smh

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

### Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir


Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

**VAGNAR HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Til að auka frjósemi og gæði jarðvegarins eru ýmsar aðferðir notaðar.



SUMAR 2024

## Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á [landsvirkjun.is/sumarstorf](https://landsvirkjun.is/sumarstorf)



## Stöðluð stálgrindarhús

1 x Iðnaðarhurð

2 x Gönguhurð

1 x Gluggi

- Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur
- Úrval lita á þak og vegg
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Reyklosunarplötur á þaki sem hleypa inn birtu
- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja

**Breidd 9m / Lengd 16,8m**

Vegghæð 3,6m

**151 m<sup>2</sup>**



Verð kr. 11.153.000 m. vsk.

**Breidd 11m / Lengd 21,2m**

Vegghæð 3,6m

**231 m<sup>2</sup>**



Verð kr. 15.290.000 m. vsk.

**Breidd 14m / Lengd 21m**

Vegghæð 3,6m

**294 m<sup>2</sup>**



Verð kr. 17.865.000 m. vsk.

**Breidd 14m / Lengd 25,2m**

Vegghæð 3,6m

**353 m<sup>2</sup>**



Verð kr. 20.450.000 m. vsk.

**Breidd 16m / Lengd 25,2m**

Vegghæð 3,6m

**403 m<sup>2</sup>**



Verð kr. 23.280.000 m. vsk.

\*Tilboðsverð gilda til 01.05.2024



H. HAUSSON EHF.

Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | [hauksson.is](https://hauksson.is) | [hauksson@hauksson.is](mailto:hauksson@hauksson.is)

# Með ilmandi umslög í farteskinu

– Fyrirverandi starfsmaður Bændasamtakanna, Jóhanna Lúðvíksdóttir, fetar nýjar slóðir

**Sigrún Pétursdóttir**  
sigrunpeturs@bondi.is



Reykjavíkurmærin Jóhanna Lúðvíksdóttir kvaddi samstarfsmenn sína í Bændasamtökunum nú ekki löngu fyrir áramót, eftir heil 35 ár í starfi.

Jóhanna, sem er fædd og uppalin í Vesturbæ Reykjavíkur, kom í heiminn með aðstoð vinkonu móður sinnar, Björneyjar Jónu Björnsdóttur, hjúkrunarfræðings og ljósmóður. Á uppvaxtarárunum var Jóhanna í sveit á sumrin að Núpum og Bakka í Ölfusi, en hún á ættir að rekja til Suðurlandsins.

„Amma mín og afi í móðurætt voru Skaftfellingar en árið 1927 fluttust þau búferlum með sex börn undir ellefu ára aldri frá Kirkjubæjarklaustri í Ölfusi. Þetta var heimikið ferðalag enda engar ár brúðar og farið á hestum að Núpum þar sem þau settust að, en mamma mín, Gyðriður Jóhannsdóttir, fæddist þar ári seinna,“ segir Jóhanna.

Föðurætt Jóhönnu er úr Reykjavík en faðir hennar, Lúðvík Einarsson, gegndi stöðu sem fulltrúi hjá Björnsbakarí við Vallarstræti. Missi hann því miður heilsuna allt of snemma og lést árið 1978.

Jóhanna giftist Víði K. Arnórssyni árið 1985, en saman eiga þau börnin Lúðvík Kalmar og Láru Ósk, fædd 1976 og 1985 auk dótturdótturinnar, Heiðbjartar Sveinbjörnsdóttur, sem er fædd árið 2006.

## Flókaskór ráðunauta og ilmandi umslög

Árið 1988 hóf Jóhanna störf í tölvudeild Búnaðarfélags Íslands sem staðsett var í Bændahöllinni við Hagatorg, nánar tiltekið þann 1. október. Var félagið formlega stofnað árið 1899, íslenskt hagsmunafélag bænda sem hafði framfarir í landbúnaði að meginmarkmiði. Sameining þess við Stéttarsamband bænda varð árið 1995 og nafninu formlega breytt í Bændasamtök Íslands.

„Hann réð mig til starfa hann Gunnar Hólmsteinsson skrifstofustjóri, en Jónas Jónsson var þá búnaðarmálastjóri og Pétur Þór Jónsson gegndi stöðu yfirmanns tölvudeildar á undan Jóni Baldri Lorange,“ hefur Jóhanna mál sitt. „Ég gleymi því ekki hvað mér fannst allt forneskjulegt á tölvudeildinni! Áður vann ég á skrifstofu þar sem ritvélar og tölvur voru af nýjustu gerð en þarna unnum við á stórri skráningarvél með pínulitlum skjá. Við stúlkurnar sem sátum hvor á móti annarri áttum það svo til að hlæja þegar við heyrðum í flókaskóm ráðunautanna á hæðinni fyrir ofan er þeir strunnuðu um gólfinn.“

Þarna var annars fyrirtaks fólk og mér fannst strax gott að vinna þarna. Starfið fólst í skýrsluhaldsskráningu á sauðfjárnökum, mjólkurskýrslum, loðdýrabókum, frjóttækni-skýrslum og þess háttar skýrslum sem bændur handskrifuðu og sendu í pósti til okkar í Búnaðarfélagið. Oft var lyktin ekki góð þegar við opnuðum þykk og stór umslögin og þá sérstaklega loðdýrabækurnar. Við stelpurnar töluðum oft um að nota hanska við að handfjatla þær,“ segir Jóhanna og hlær.

„Við slógum tölurnar inn með hægri hendinni eins hratt og mögulegt var, auk þess sem seinna var sett á bónuskerfi til að hvetja okkur enn frekar. Best var að vera nógu fingralipur og snöggur til að geta skilað bókum og skýrslum á réttum tíma til ráðunautanna.“



Hressileg í kuldanum með hundinn Bósa í fanginu, eftir gönguferð í Gróttu.

Mynd / Víðir Kalmar Arnórsson.

Þegar bónuskerfið kom til sögunnar gátum við haft töluvert betri laun við að pikka á lykklaborðið. Við vorum fjórar til að byrja með í skráningunni og fyrir jólin þegar mest var að gera, kom Sigga [Sigríður Þorkelsdóttir] á skrifstofunni til að hjálpa okkur vegna mikillar vinnu.

Við skiptum með okkur deginum, tvær fyrir hádegi og tvær eftir hádegið. Yfirvinna var þó nokkur og næturvinna. Það var yfirdrifið að gera í vinnunni, en aldrei leiðinlegt,“ segir hún kímín.

## Tiltektardagarnir afar vinsælir

Félagslífið var líflegt og minnst Jóhanna þriggja daga rútuferðalaga þar sem bændur og aðrir tóku hópnum opnum örmum hvar sem þau bar að garði. Ferðalög í réttir með börn eða barnabörn voru líka árleg og nutu mikilla vinsælda.

„Þau voru ýmis uppátækin. Sem dæmi má nefna tiltektardagarnir svokölluðu, þeir lituðu aldeilis tilveruna! Þá settu allir sig í stellingar svolitlu áður og ákváðu hverju skyldi klæðast. Hvert svið fyrir sig var í samsvarandi búningum í vinnunni og svo voru veitt verðlaun í lok dags. Sá sem gegndi stöðu dómnefndar, ef svo má kalla, var alltaf utanaðkomandi aðili, einhver hlutlaus skrifstofumaður af hótelinu fenginn til að velja sigurvegarana.“

Einhvern vorum við á skrifstofusviðinu í fyrsta sæti - sem hippar. Það var ógurlega gaman.“

## Öllum hnútum kunnug

Eftir að hafa unnið í tölvudeildinni í nokkur ár fór Jóhanna að vinna hálfan daginn á hæðinni fyrir ofan, í skjaladeildinni.

„Árið 2004 sá ég um skjalasafn Bændasamtaka Íslands hluta úr degi á móti skráningarvinnunni. Árið 2007 fór ég svo í fullt starf á skrifstofu Bændasamtakanna við reikningagerð og ýmislegt þar að lítandi auk utanumhalds áskrifenda Bændablaðsins og smáauglýsinganna.“



Í 16. tbl. Bændablaðsins 1997 fylgdi sú tilkynning þessari mynd að hér væru tölvuritariarnir Jóhanna Lúðvíksdóttir og Dagný Þorfinnsdóttir að skrá síðustu færslurnar á IBM 3742 skráningarvélina sem þá hafði þjónað samtökunum í 17 ár, en engin slík vél væri þá lengur í notkun hérlendis og þótt víðar væri leitað.

Myndir / Einkasafn



Jóhanna með Sauðfjárnökina sem inniheldur skrár sauðfjárnökunda og upplýsingar um bústofninn.



Jóhanna með Heiðbjörtu, dótturdóttur sinni, á leið í réttir ásamt öðrum fjölskyldum vinnufélaganna.



Þær Jóhanna og Sigga gefa lífinu lit.



Skrifstofusviðið með Gylfa Þór, fyrirverandi fjármálastjóra, í fanginu, en þarna unnu þau fyrstu verðlaun fyrir búninga á tiltektardegi ... sem hippar.

Til viðbótar sá ég um sölu bóka og plakata, en eftirspurnin eftir bókum var svo mikil að heil geymsla var nýtt undir staflana.“

Henni er minnisstætt þegar félagsgjöldin voru send út í fyrsta sinn árið 2017, en mikil vinna lá þar að baki og stóðu þær stöllur Sigríður Þorkelsdóttir vaktina ásamt góðu fólki undir stjórn Guðbjargar Jónsdóttur, þá verkefnastjóra. Kom svo engum á óvart að starfsfólk var jafn önnum kafið, eftir sendingu félagsgjaldanna, við að svara og vinna úr tölvupóstum og simtölum.

Sú ákvörðun var tekin að bændum voru sendir giróseðlar vegna félagsgjalda, eftir að búnaðargjald var fellt niður og hefðbundin félagsgjöld tekin upp. Með þeirri aðgerð var létt af um 600 milljóna króna útgjöldum af landbúnaðinum en hluti þeirra fjármuna, um 130 milljónir króna, fóru til Bændasamtakanna.

Jóhanna tekur fram að hún hafi alla tíð verið afar heppin með samstarfsfólki.

„Við höfum unnið saman alveg frá byrjun, reyndar alveg upp á dag, við Sigríður Þorkelsdóttir og Gylfi Þór Orrason, fyrirverandi fjármálastjóri Bændasamtakanna, sem hóf störf sín hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins einungis títugur að aldri árið 1979. Við höfum

verið gott teymi í gegnum árin en Gylfi lauk störfum á síðasta ári. „Sigga er enn við störf hjá Bændasamtökunum og þar á ég góða vinkonu og samstarfskonu til margra ára.“

## ... og útgáfusviðinu líka

Þegar kemur að starfi tengdu útgáfusviðinu, segir Jóhanna hafa séð um ýmsa reikningagerð fyrir sviðið og seinna tekið við smáauglýsingum Bændablaðsins.

„Það var nú ekki leiðinlegt að fá að kynnst vinnslu blaðsins sem er í dag mest lesna blaðið hérlendis. Eins og áður sagði tók ég að mér að sjá um smáauglýsingarnar sem sumar hverjar geta verið bráðskemmtilegar. Svoltið hefur verið um það í gegnum árin að fólk sé að hrekkja vini eða félagi og óska eftir birtingu auglýsinga fyrir þeirra hönd – en við sem tökum á móti auglýsingunum könnum alltaf hvort um prakkarastrik sé að ræða.“

Jóhanna hefur annars alltaf nóg að gera þótt hún sé komin á eftirlaun. Hún nýtur þess að fara í göngutúra, heimsækja sveitina, hitta vinkonur á kaffihúsi, hafa það huggulegt með fjölskyldunni, nú eða stökkva í leikfimi, enda bráðungleg og full lífsorku, brosmild að vanda.

## GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!



## BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



 **BK HÖNNUN**

[www.bkhonnun.is](http://www.bkhonnun.is) - [sala@bkhonnun.is](mailto:sala@bkhonnun.is) - Sími 571-3535

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá  
fræjum til  
afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhendum síðan 2016

Suðurlhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000  
[www.samhentir.is](http://www.samhentir.is) [sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is)



**Samhentir**



Kúnum líður best í mikilli rútínu. Eyvindur Ágústsson og Aðalbjörg Ásgeirsdóttir á Stóru-Mörk 1 leggja sig því fram við að hafa alla daga eins og lágmarka allar breytingar á fóðrun og aðbúnaði. Mikilvægt sé að vakta gæði heysins og fylgjast stöðugt með hvort það sé lystugt fyrir kýrnar. Myndir / ál

## Afurðahæsta kúabúið:

# Gott hey og einsleitni lykillinn að árangri

– Markviss ræktun og réttur sláttutími skila góðu fóðri

Stóra-Mörk 1 í Rangárþingi eystra var afurðahæsta kúabúið árið 2023, með 8.903 kílógrömm eftir árskú. Þar eru Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson bændur. Tíðindin leggja vel í þau, en töluverð vinna sé að halda þessu og allt þurfi að ganga upp.

Ástvaldur Lárusson  
astvaldur@bondi.is



Þá keyptu þau Stóru-Mörk 1 af frænku Aðalbjargar árið 2019 og færðu hjörðina yfir í fjósið hjá sér. Þótt gripirnir gangi saman hafa þau haldið hjörðunum alveg aðskildum í skýrsluhaldi frá upphafi. Þegar kýr eignast kvígur halda þær áfram í sömu hjörð og móðirin og engin

tilfærsla er á gripum. „Auðvitað er verið að sæða með sömu nautunum, þannig að þetta er skylt,“ segir Aðalbjörg. „Áhrifin ættu að deyja út en það hefur ekki gert það enn þá,“ skýtur Eyvindur inn í.

Í hjörðinni frá Stóru-Mörk 1 eru fjörutíu kýr, á meðan sú frá Stóru-Mörk 3 telur rúmlega áttatíu. „Það er fróðlegt að sjá muninn milli hjarða,“ segir Eyvindur, en meðalnytin eftir hverja árskú í Stóru-Mörk 3 eru 7.626 kílógrömm.

Þau geta ekki útskýrt af hverju munurinn stendur því kýrnar ganga saman, eru mjólkaðar í sama fjósi og fá sama fóður. Heildarframleiðslan sé tæplega milljón lítrar mjólkur á ári. Spurd út í ástæður þess af hverju þau eru með kúahjarðirnar aðskildar segir Aðalbjörg að þau hafi ekki fengið heimild til að sameina þær og færa greiðslumarkið milli jarða, þó líklega séu þau komin á þann stað að þau geti fengið undanþágu.

„En svo erum við búin að læra inn á þetta flækjustig,“ bætir Aðalbjörg við, þó hún reikni með að þau muni fella þetta allt undir einn hatt fyrr en seinna. Allt skýrsluhald sé tvöfalt núna, en miklu muni um að mjaltþjónarnir haldi utan um afurðirnar eftir hvern einstakling.

orðin tíu um kvöld.“ Þá gangi mjög mikið á gæði heysins ef beðið er eftir aukinni sprettu fyrir fyrsta sláttinn og því hefjist heyskapur alltaf mjög snemma, eða í byrjun júní. Þau bæta við að ef fyrsti sláttur er uppskerulitill, jafnast það oftast út í öðrum og þriðja slátti.

Yfirleitt eru þau búin með annan sláttinn rétt fyrir verslunarmannahelgi og þriðji slátturinn klárast yfirleitt í lok ágúst eða byrjun september. Með því að slá allt þrisvar nái þau kröftugu gróffóðri og eru þau ekki í neinum vandræðum með lystugleika á öðrum sláttinum og er síðasti slátturinn jafnvel enn lystugri.

### Kornrækt of áhættusöm

Til að kúnum líði sem best miða þau að því að hafa alla daga eins og fóðrið mjög einsleitt. Þetta takist þeim með því að hafa góða ræktun á öllum tünnum og bætir Aðalbjörg við að þau reyni aldrei að plata lélegu heyi í kýrnar með því að blanda því við verra fóður. Höfuðatriði sé að allt gróffóður sé vandað, en allt hey er gefið á hefðbundinn fóðurgang þar sem nýjum rúllum er raðað annan hvern dag.

Aðspurð hvort þau þurfi að leggja hart að sér til að viðhalda heilbrigði kúnna, segir Eyvindur að þau kaupi mjög lítið af steinefnum og vítamínum. Þá passi þau upp á að gefa geldkúnum gróft hey. Aðalbjörg bætir við að með því að hafa allt eins og gera engar æfingar sé hægt að viðhalda hraustum og nytháum kúm.

„Þetta er svo óspennandi bú að það er eiginlega ekkert gaman að taka viðtal við okkur,“ segir Aðalbjörg glettin. „Við erum bara með rúllur og fóðurbæti og meira að segja gamalt fjós.“

Helminginn af orkunni fái kýrnar úr aðkeyptu kjarnfóðri, sem þau benda á að sé nálægt meðaltali á landinu. Kosturinn við fóðurbæti sé að hann sé tilbúinn og klár til notkunar þegar hann er keyptur. Það sé hins vegar dýrt fóður og því

### Sláttutími grundvallaratriði

Aðalbjörg og Eyvindur telja að þennan góða árangur megi þakka hversu föstum tókum þau hafi tekið túnrækt og fóðuröflun. Eftir að þau komu inn í búskapinn árið 2010 lögðu þau áherslu á að fara markviss í endurræktun túna og er meðalaldur spildnanna þar sem kúahæði er ræktað sex ár, á meðan sú elsta er tíu ára.

Þau vakta gæði heysins með því að taka heysýni og fylgjast með hversu lystugt það er fyrir kýrnar. Um leið og þau sjá að rúllur af einhverri spildu eru með lakar niðurstöður úr heyfnaþælingum eða ganga illa út leggja þau á ráðin að endurrækta viðkomandi tún næsta vor. Að jafnaði endurrækta þau tuttugu hektara árlega. Heildarræktarlandið er hundrad og áttatíu hektarar, þar af eru hundrad og þrjátíu með mjög góða ræktun og hugsaðir í kúafóður.

„Að vera mjög nákvæm á sláttutíma og heyverkun er grundvallaratriði,“ segir Aðalbjörg. Hún bendir á að það sé dýrt að slá, heyja og rúlla og sá kostnaður sé alltaf sá sami óháð gæðum heysins. „Við leggjum áherslu á að ná sláttinum alveg hárrétt og ekki fara að sofa þótt klukkan sé



## Deildafundir búgreina 2024 Hilton Reykjavik Nordica

12. febrúar

11:00 til 16:00 - Deildafundir búgreina

18:00 til 22:00 - Kokteilboð

13. febrúar

09:00 til 16:00 - Deildafundir hjá nautgripa- og sauðfjárdeild auk aðalfunda LK og LS

Skráning á Deildafundi er til 5. febrúar



Allar upplýsingar á bondi.is



BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS





Stóra-Mörk er bæjartorfa sem samanstendur af þremur býlum. Flestir ábúendur stunduðu búskap áður en nú er ferðaþjónusta farin að skipa stærri sess. Eyvindur og Aðalbjörg eru einu starfandi bændurnir eftir og hafa að mestu sameinað rekstur Stóru-Markar 1 og 3 þótt skýrsluhaldið sé alveg aðskilið. Mjólkurkryrnar eru samtals 140 og árleg framleiðsla nálægt milljón lítrum mjólkur. Eyvindur og Aðalbjörg komu inn í búskapinn árið 2010 og voru foreldrar hennar með í rekstrinum þangað til í fyrra.



Sá mikli árangur sem bændurnir í Stóra-Mörk hafa náð í framleiðslu mjólkur segja þau að flestu leyti gróffóðurframleiðslunni að þakka. Þau hafa lagt mikinn metnað í að rækta upp öll tún og halda réttum sláttutíma.



Með því að allar rúllurnar séu af bestu gæðum tekst Eyvindi og Aðalbjörgu að halda heyninu einsleitu.



Stóra-Mörk er í Rangárþingi eystra og er síðasti bærinn áður en keyrt er upp í Þórmörk. Hér sést Stóri-Dímon í bakgrunni.

keppist þau við að ná sem mestum gæðum úr gróffóðrinu.

Þau eru ekki í kornrækt þar sem þau segja hana of áhættusama. „Stundum er þetta geggið. Svo koma haustlægðir og þetta fýkur niður,“ segir Aðalbjörg. Þar sem þau eigi mikið land hafi þau valið að einbeita sér frekar að gróffóðurrækt, en vel heppnað hey sé gott og tiltölulega ódýrt og öruggt fóður.

#### Áburðarnotkun minnkuð um helming

Eins og áður segir er ræktunin í Stóra-Mörk mjög markviss og miðar hún einnig að því að takmarka áburðarnotkun. Þau hafi notast mikið við grasfræblöndur með rauðsmára, sem bindur köfnunarefni í jarðveginn og hefur heildarnotkunin á tilbúnum áburði minnkað um helming frá árinu 2010. Á sama tíma hafi þau fjölgað túnunum. „Yfirleitt berum við tvö hundruð og sjöttu kíló á hektara í fyrri slætti og hundrað og fimmtíu fyrir aðra umferðina. Svo látum við skítinn yfirleitt duga í þriðja sláttinn,“ segir Eyvindur.

Einn liðurinn í minnkaðri áburðargjöf sé að fylgjast með sýrustigi í jarðvegi allra túna. Með því að bera markvisst kalk á ræktarland hafi pH gildið að jafnaði hækkað um nokkrar kommur, sem þýði að tungrósin nýti áburðarefnið betur. Aðalbjörg bætir við að það hafi ekki komið niður á uppskerunni þótt áburðargjöf hafi minnkað.

Bændur verði að leggja sitt af mörkum til að lágmarka sitt kolefnisspor, en stór þáttur í sótspori landbúnaðarins sé tilbúinn áburður. Þau hafa tekið þátt í verkefni Lofslagsvænn landbúnaður frá upphafi, en bændur þurfi líka að elta markaðinn sem kalli eftir umhverfisvænum vörum.

#### Fimmti ættliður í Stóra-Mörk

Aðalbjörg er fimmti ættliður bænda í Stóra-Mörk. Nú eru þau ein í búskap á torfunni, en Stóra-Mörk samanstendur af þremur bæjum.

„Við flytjum hingað í eldgosinu 2010 og vorum í búskap með pabba og mömmu alveg þangað til í fyrra,“ segir Aðalbjörg. Foreldrar hennar heita Ragna Aðalbjörnsdóttir og Ásgeir Árnason og bendir Aðalbjörg á að þau eigi stóran hluta af heidrinum þar sem ekki sé langt síðan þau drógu sig úr búrekstrinum.

Þegar þau komu inn í búið var þetta blandað bú með þrjú hundruð kindum og sjöttu kúm. „Eftir að



Aðalbjörg og Eyvindur telja að íslenska kúakynið haldi aftur af mjólkurframleiðslu hér á landi.

við tókum við höfum við ákveðið að einbeita okkur enn frekar að mjólkurframleiðslunni, sérstaklega eftir að við bættum við Stóru-Mörk 1,“ segir Aðalbjörg. Þau hafi minnkað ásetning á nautum og fækkað sauðfé niður í fjörutíu og fimm þar sem þau séu að jafnaði bara tvö sem sinni bústörfum.

#### Áhyggjur af þróun mjólkurframleiðslu

Aðalbjörg er nokkuð gagnrýnin á félagskerfi bænda og er hún áhyggjufull yfir þróuninni í mjólkurframleiðslu undanfarin ár.

Rekstrargögn sýni að bændur borgi að meðaltali tæpar nítján krónur með hverjum framleiddum mjólkurlíttra. Þetta þýði að bændur séu farnir að leita sér að vinnu utan bús eða ganga á eigið fé og sína eigin heilsu til að greiða með búrekstrinum. Þeir sem hafi fjárfest standi verst, en það sé líka fólkið sem ætli að byggja upp sinn landbúnað.

„Þeir sem hafa verið í forsvari fyrir bændur og eru í hagsmunagæslunni og kjarabaráttunni hjá heildar-

samtökum okkar bænda, hafa sifið á verðinum og ekki gripið nógu fast inn í. Ég veit að þeir eru að eiga við ríkisvaldið sem þarf líka að gyrða sig í brók. Stjórnmalamenn þurfa að standa við það sem þeir segja í ræðum á tyllidögum,“ segir Aðalbjörg.

Eyvindur nefnir að alltof stór hluti kúabænda nái ekki að mjólka upp í greiðslumarkið hjá sér. Þau telja að það sé vegna langvarandi afkomuvanda bænda en bæta við

að skýringar megi einnig finna hjá íslenska kúakyninu. Á meðan aðrir kúastofnar taki stöðugum framförum í kynbótum dragist íslenska kýrin aftur úr. Meðalnytin hafi ekki vaxið í nokkur ár og hátt hlutfall kvíga á landsvísi festi ekki fang.

„Svo er mikill kálfadaudi það versta í stofninum,“ segir Eyvindur. Þetta geri að verkum að allir gripir séu settir á og úrvalið sé ekki nóg. Þá geti bændur lent í því að eiga ekki nóg af gripum.

# VARAHLUTIR Í KERRUR





QUALITY FOR LIFE



## Bílabúðin Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | [stalogstansar.is](http://stalogstansar.is)







Íslenskar reglugerðir um aðbúnað við alifuglarækt eru sniðnar eftir evrópskri fyrirmynd. Kröfur um hámarksþéttleika eru þó umtalsvert lægri hérlendis.

## Varað við áhrifum lagabreytinga

Samtök alifuglaframleiðenda í ESB (AVEC) vara við áhrifum hugsanlegra breytinga á Evrópusambandslöggjöf um dýravelferð.

Í vísindalegu álitu sem unnið var að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er fjallað um ýmsa áhrifaþætti dýravelferðar í alifuglaframleiðslu. Skilgreindir voru mælikvarðar út frá dýravelferðarsjónarmiðum og mat lagt á margvíslega þætti þeirra í þeim framleiðsluferfum sem í gildi eru innan Evrópusambandsins. Niðurstöður þeirra eru ráðgefandi um tiltekin viðmið í aðbúnaði og framleiðsluferlum. Þar kemur meðal annars fram að samkvæmt mælikvörðum rannsóknarinnar ættu fuglarnir að geta lifað stöðugu ákjósanlegu lífi samkvæmt þessum tilteknu mælikvörðum með þéttleika sem miðar við 11 kílógrömm á fermetra. Í dag miða reglugerðir við hámarksþéttleika upp á allt að 42 kg/fm í mörgum löndum. Niðurstöður höfunda eru því tilmæli um að lækka þennan þéttleikastuðul töluvert.

### Myndi leiða til hruns í kjúklingaframleiðslu í Evrópu

Þessi tilmæli þykja talsmönnum AVEC nokkuð langsótt og hafa gagnrýnt aðferðafræði að baki álitinu. Þá hafa þeir bent á ýmsar afleiðingar þess ef reglugerðum um aðbúnað yrði breytt og þéttleikastuðullinn yrði lækkaður niður í 11 kg/fm. Í ársskýrslu samtakanna kemur fram að ef farið yrði að fullu að þessum ráðleggingum í Evrópusambandinu gæti það leitt til þess að um 70% af framleiðslu alifuglakjöts yrði hætt í Evrópu. Hin þrjátíu prósentin yrðu framleidd með svo miklum tilkostnaði að eingöngu lítill hluti íbúa Evrópu hefðu efni á afurðinni. Þá myndu slíkar breytingar sist af öllu stuðla að sjálfbærni matvælaframleiðslu

Evrópu, sem yrði háð innflutningi á kjúklingi frá öðrum heimshlutum, þar sem framleiðsla er óumhverfisvænni og ítök Evrópusambandsins í að framfylgja löggjöf um dýravelferð væru engin.

### Meira samráð

Birthe Steenberg, framkvæmdastjóri AVEC, hefur kallað eftir viðurkenningu á þeim árangri sem nú þegar hefur náðst í Evrópu. Einnig hefur hún bent á að stefnumótendur skorti raunhæfari sýn á núverandi markaði.

Þannig bendir hún á að þegar neytendur séu spurðir hvort þeir vilji að búfé í Evrópu búi við hærri dýravelferðarkröfur þá sé svarið játandi, en þegar þeir hinir sömu neytendur fara í matvöruhúðina kaupi þeir ekki dýrari vöruna sem framleidd er með tilheyrandi hærri dýravelferð. Þess í stað kaupa þeir ódýrari hefðbundnari vöru. Hún segir evrópska alifuglaframleiðendur tilbúna að framleiða vörur undir hærri dýravelferðarkröfum að því tilskildu að til sé markaður til að selja slíkar vörur.

Samtökin hafa óskað eftir meira samráði stefnumótenda við alifuglaframleiðendur. Þau buðu meðal annars Janusz Wojciechowski, fulltrúa landbúnaðarstjórnar í Evrópusambandinu, til opins fundar um dýravelferð í alifuglabúskap, þar sem hann lét hafa eftir sér að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ætti að hlusta betur á málflytning og hagsmuni framleiðenda enda skiptu þeir sköpum fyrir matvælakerfi Evrópu.

Íslenskar reglugerðir um aðbúnað við alifuglarækt eru sniðnar eftir evrópskri fyrirmynd. Kröfur um hámarksþéttleika eru þó umtalsvert lægri hérlendis og er sambærilegt við Noreg og Svíþjóð. /ghp

## BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundur-greina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.





**DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll**  
Burður 1280kg

**TILBOÐSVERÐ 2.900.000-**  
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

**RAG**  
import - export  
Helluhraun 4, Hafnarfirði  
sími 565 2727 & 892 7502  
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“**



## Góð smurning

Góð smurolía eykur endingu véla og dregur úr sliti og kostnaði við rekstur. Við eigum mikið úrval frá Texaco, Castrol og Cargo Oil fyrir öll hugsanleg tæki.

Komdu við á næstu Olísstöð

**olis**



Haldór Gunnar Hálfánarson, bóndi á Molastöðum í Fljótum, tók þessa mynd með dróna í byrjun janúar. Þarna er unnið að því að handsama kind og lömb hennar við Siglunes í Siglufirði, en hún hafði ekki látið ná sér fram að þessu. Ætlunin var að dróninn myndi stugga við kindunum en þær létu ekki segjast og þurfti gangnamaður á snjóbroddum að sækja þær. Í vikinni vinstra megin á myndinni sést skipið Örkin sem að lokum flutti ærnar til Siglufjarðar. /ál Mynd / Haldór Gunnar Hálfánarson

## Selfoss:

# Kveður mjólkurbúið eftir nær hálfa öld

Jónas Rafn Lillendahl mjólkurfræðingur náði þeim merkilega áfanga að vinna í 47 ár á sama vinnustaðnum um áramótin.

Jónas lét formlega af störfum hjá mjólkurbúinu á Selfossi, nú MS, um áramótin eftir farsælt starf. „Ég hóf störf hjá Mjólkurbúi Flóamanna í apríl árið 1977 og fór á samning þá um haustið. Mjólkuriðnin heillaði mig, ég þekkti til nokkurra manna í mjólkurbúinu og ákvað að sækja um vinnu, sem ég fékk.

Ég hef unnið við svo að segja allar framleiðslugreinar sem voru í búinu, eins og ostagerð, smjör- og skyrgerð, í vélasal, mjólvinnslu og endaði síðustu árin á rannsóknarstofunni við gæðaeftirlit framleiðslunnar,“ segir Jónas Rafn. „Það sem hefur breyst gríðarlega gegnum árin er að tæknin



hefur verið innleidd í nánast allt sem að framleiðslunni kemur. Áður voru nánast allir hlutir gerðir með höndunum en nú fara allar stýringar, stillingar og framleiðsluferlið í gegnum tölvu þannig að það er mikil breyting. Það var ekki óalgengt að maður gengi marga kílómetra í vinnunni dag hvern

en nú er mest setið við tölvur, þó ekki alls staðar,“ segir Jónas Rafn og hlær.

En er ekki skrytið að þurfa ekki að mæta lengur til vinnu? „Jú og nei, en ég hætti mjög sáttur því ég var búinn að gíra mig niður í 50% starf síðustu þrjú árin og búinn að undirbúa mig þannig að ég hef að nógu að hverfa.

Við hjónin erum búsett í Tjarnarbyggð í Árborg og erum með lítið gestahús í ferðaþjónustu, sem ég sé um þannig að ég er ekki hættur að vinna, skipti bara um starfsvettvang. Einnig erum við með hesthús á hlaðinu og tekur það alltaf tíma að hugsa um hrossin og ríða út. Ég hef verið heppinn í lífinu og lífið er mér ljúft í dag, gott að fá að eldast og njóta með fjölskyldunni,“ segir Jónas Rafn, alsæll og kátur með þessi tímamót í lífi sínu nú þegar nýr kafli tekur við. /mhh



## Skagaströnd:

# Ljósalistahátíðin LightUp!

Listamiðstöðin Nes á Skagaströnd stendur fyrir ljósalistahátíðinni LightUp dagana 27.-28. janúar nk.


Um ræðir sýningu listaverka sem nýta kraft ljóssins, en kynningin er hluti af GLOW 2.0 Green Tourism Technologies for Tourism Growth“ sem styrkt er af Evrópska byggðapróunarsjóðnum (ERDF) og samsvarandi styrkjum frá ERDF frá samstarfslöndum. Um ræðir svokallað Norðurlóðaverkefni, sem SSNV vinnur að um þessar mundir og felur í sér ferðaþjónustumöguleika yfir vetrarmánuðina.

Er þetta í annað skipti sem hátíðin er haldin hérlandis, en fyrir tveimur árum auglýsti listamiðstöð Skagastrandar, Nes Listamiðstöð, eftir listamönnum sem áhuga hefðu á þátttöku. Ljósalistahátíðir hafa verið haldnar víðar á Íslandi, t.a.m. má nefna Vetrahátíðina í Reykjavík og List í ljósi á Seyðisfirði sem hafa báðar fengið mikið lof.

Í samtali við Evu Guðbjartsdóttur, stjórnarformann listamiðstöðvarinnar, kemur fram að í ár taka þátt tíu erlendir listamenn víðs vegar utan landsteinanna og einn heimamaður og leggja þeir, ásamt starfsfólki og stjórn Ness, hönd á plóg við uppsetningu hátíðarinnar.

„Það er mikil vinna, skipulagning og fjármunir sem fara í hátíð eins og LightUp! en allt er það þess virði þegar upp er staðið. Það er að segja ef veðrið heldur sig á mottunni,“ segir Eva glaðlega. Hún segir Skagstrendinga, sem og aðra nærsveitamenn afar áhugasama fyrir hátíðinni eins og von er og getur þess að til viðbótar við þau verk sem listamennirnir skapi verði haldnar vinnustofur með börnunum í skólanum sem þá vinni sameiginlega að ljósalistaverkum.

Virkt samstarf hefur lengi verið



## Listamenn LightUp! í ár

- Alison Hemphill - USA
- Alma Moga - USA
- Clay Mohrman - USA
- Daniel Hall - Sweden
- Lavinia Hanachiuc - Romania/USA
- Lucas Gervilla - Brazil
- Margaret Craig - USA
- Sasha Gold - Germany
- Shoshana Fink - USA
- Stevie Thompson - UK
- Ásamt einum ónefndum heimamanni ...

á milli grunnskólans og listamiðstöðvarinnar og því gaman að sjá hver útkoman verður hjá yngri listamönnum.

„Besta leiðin til að meðtaka LightUp! er að taka þátt og njóta á sínum eigin forsendum. Þetta er einstakur viðburður á Norðurlandi og það verður enginn svekktur á að koma,“ segir Eva.

LightUp! sem verður dagana 27.-28. janúar hefst formlega klukkan 18.00 á föstudeginum, en stuttu áður verður Ungmennafélagið Fram með viðburð þar sem börn og fullorðnir koma saman og ganga með ljómastafi (glow sticks) niður í Nes og hefja hátíðina.

Nánari dagskrá og staðsetningu listaverkanna er að finna á [www.neslist.is](http://www.neslist.is) og á facebook síðu Nes, [www.facebook.com/nesres](https://www.facebook.com/nesres) /sp



**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**BALEX METAL**

# YLEININGAR

Léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjklæðningum.

Hafðu samband: [bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)

## MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambkjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn v. 2024.



Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhuta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra [hafliði@icelandiclamb.is](mailto:hafliði@icelandiclamb.is)





Ólafur Reykdal.



Mátis vinnur nú að vefriti um grænmeti, allt frá framleiðanda til neytanda, og mun þar verða að finna einkar gagnlegar og aðgengilegar upplýsingar.

Grænmeti:

## Allt um grænmeti í opnu og aðgengilegu vefriti

Vefritið Grænmetisbókin er í vinnslu hjá Mátis og verður þar fjallað um flest það sem snertir grænmeti, allt frá uppskeru til neytandans.

„Það eru mörg tækifæri í grænmetisrátt á Íslandi,“ segir Ólafur Reykdal, verkefnastjóri hjá Mátis. Umtalsvert sé flutt inn af grænmeti og aukin íslensk framleiðsla myndi stuðla að bættu fæðuöryggi landsmanna.

Rannsóknir og upplýsingar í eina gátt



Gott er að vita sitthvað um æskilega meðhöndlun grænmetis.

geymslu, rétt geymsluskipti á lager og í verslunum, hollustu íslensks grænmetis og hvernig hægt er að draga úr soun á grænmeti.

Markmið að auka þekkingu og áhuga

„Markmið verkefnisins eru að auka þekkingu á bestu meðferð grænmetis og auka þannig gæði grænmetis á markaði og stuðla að minni soun,“ útskýrir Ólafur. „Jafnframt er vonast til þess að áhugi neytenda aukist á íslensku grænmeti og hollustu þess.“

Samning vefbókarinnar stendur nú yfir og Ólafur segir allar ábendingar og tillögur vel þegar en þær má senda á netfangið olafur.reykdal(hja)matis.is.

Reiknað er með að vefbókin verði aðgengileg á vefsíðu Mátis í mars næstkomandi og ef til vill á fleiri vefsíðum. Vefbókin verður öllum opin. /sá

„Nýjar norrænar næringarráðleggingar hvetja til aukinnar grænmetisneyslu og áhugi á vegan fæði fer vaxandi,“ heldur hann áfram. „Allmörg rannsóknar- og þróunarverkefni um grænmeti hafa verið unnin hjá Mátis og forverum þess á undanföllum árum en nokkuð hefur vantað upp á að hægt sé að finna aðgengilegt yfirlit um allar niðurstöðurnar. Því varð til sú hugmynd að búa til vefbók með góðu yfirliti og tengingum á ítarlegri skýringar og heimildir,“ segir hann.

Samstarfsaðilar um verkefnið eru Deild garðyrkjubænda í BÍ og Sölufélag garðyrkjumanna. Sótt var um styrk í Þróunarfé garðyrkju og fékkst hann. Viðfangsefni Mátis eru matvælin frá uppskeru og alla leið á borð neytenda. Ræktunin sjálf er því undanskilin í vefbókinni.

Um það hver meginviðfangsefni vefbókarinnar verða segir Ólafur þau vera meðhöndlun grænmetis, aðgerðir til að hámarka gæði grænmetis í flutningum og við

## FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Til sölu er útfararþjónustan Sólsetur ehf. Um er að ræða rekstur, bifreiðar, vélar, tæki og vörubirgðir. Félagið hefur rekið útfararþjónustu frá árinu 1999 með aðsetur á Hellu. Auk hefðbundinnar útfararþjónustu hefur félagið með höndum framleiðslu og sölu á líkkistum.



Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Einarsson Igf í síma 863-9528.

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárþingi eystra.

### Austurvegur 14 – Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir 1-3 hæða hótélbyggingu með 282 gistiherbergjum ásamt sýningar- og ráðstefnusal.

Hámarks byggingarmagn fer úr 6.000 m<sup>2</sup>

í 14.000 m<sup>2</sup>, nýtingarhlutfall fer úr 0.19 í 0.46 og fjöldi bílastæða fer úr 158 í 220.

### Rauðuskriður – Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 25 gestahúsum til útleigu til ferðamanna, fjórar frístundalóðir og lóð fyrir nýtt íbúðarhús. Gestahúsin verð 15 m<sup>2</sup> með hámarks 3,5 m. mænishæð, íbúðarlóðin heimilar 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús, bílskúr og allt að 50 m<sup>2</sup> garðhýsi. Hámarks byggingarmagn lóðar má vera allt að 1.000 m<sup>2</sup> og mænishæð 6 m. Á frístundarlóðunum er heimilt að byggja allt að 180 m<sup>2</sup> á hverri lóð, eitt frístundarhús, gestahús, geymslu og gróðurhús. Hámarks mænishæð er allt að 4 m.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17.janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til og með 28. febrúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er aðalskipulagstillaga auglýst í Rangárþingi eystra.

### Rauðuskriður – Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 32,3 ha. landbúnaðarlandi (L1) í verslunar- og þjónustusvæði (PV).

Ofangreind skipulagstillaga verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra, miðvikudaginn 31. febrúar 2024 kl 10:00 til 12:00, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Að auki er hægt að nálgast skipulagslýsingarnar á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 17.janúar 2024 með athugasemdarfrest til og með 28. febrúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra  
Póra Björg Ragnarsdóttir  
fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

## CFMOTO fjórhjólin fáast hjá okkur

CFMOTO 520



LÆKKAD VERÐ!  
Kr. 1.449.000,-  
Án vsk. Kr. 1.168.548,-

CFMOTO 1000



LÆKKAD VERÐ!  
Kr. 2.399.000,-  
Án vsk. Kr. 1.934.677,-

CFMOTO 625



LÆKKAD VERÐ!  
Kr. 1.599.000,-  
Án vsk. Kr. 1.289.516,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, sætisbaki, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvaþremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð. Nánari upplýsingar á [www.nitro.is](http://www.nitro.is)



Umboðsaðilar: Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki. AB varahlutir, Egilsstöðum. Lyngás, Hellu. Bikevik, Reykjanesbæ.

Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848



Höfundur safnar hársýnum úr hrossum fyrir rannsóknina.

Mynd / Tjörvi Bjarnason

## Ný gen uppgötvuð í tengslum við skeiðhæfni íslenskra hrossa

Niðurstöður nýrrar rannsóknar á íslenska hestinum sýna að ákveðin gen hafa mikil áhrif á ganghæfni hrossa. Tvö ný gen hafa nýlega verið skilgreind sem áhrifavaldar á skeiðgæði íslenska hestsins.



Heiðrún Sigurðardóttir.

Heiðrún Sigurðardóttir. Undirrituð hefur síðustu ár unnið að doktorsverkefni um erfðafræðilegan grunn gang-

tegunda íslenska hestsins við Landbúnaðarháskóla Íslands og Sænska landbúnaðarháskólann í Uppsölum. Verkefnið er langt komið og hefur gefið af sér tvær ritrýndar fræðigreinar. Önnur þeirra fjallar um nýju genin tvö (*RELN* og *STAU2*) sem virðast, í samvinnu við hið áður uppgötvaða skeiðgen (*DMRT3*), hafa áhrif á skeiðgetu í íslenska hestinum.

### Samband milli erfðamarka og einkunna fyrir skeið í kynbótadóm

Niðurstöðurnar fengust með því að skoða yfir 360.000 erfðamörk í erfðamengi 362 íslenskra hrossa

með aðferð sem kallast *viðtæk erfðamengjaleit* (e. genome wide association analysis). Öll hrossin höfðu mætt til kynbótadóms og því var hægt að bera saman erfðamengi þeirra og einkunnir fyrir skeið. Í kjölfarið var reiknað út samband einstakra erfðamarka og gangtegundarinnar. Út frá því fengust niðurstöður um að erfðamörk staðsett í genum *RELN* og *STAU2* höfðu tölfraðilega marktæk áhrif á skeiðeinkunn.

Við frekari skoðun á genum tveimur kom í ljós að hvort tveggja hefur áhrif á hreyfimyntur í músun og er tjáð í taugavef. Þar að auki hefur *STAU2* genið áhrif á getu músa til að læra nýjar hreyfingar. Þetta leiddi

rannsakendur til þeirrar niðurstöðu að genin tvö væru líkleg til að hafa sambærileg áhrif í hrossum, eins og viðtæka erfðamengjaleitin gaf til kynna.

### Áhrif mismunandi arfgerða á gangtegundir

Frekari rannsókn staðfesti tvær setraðir (e. haplotype) í hvoru geni, sem höfðu marktæk áhrif á skeið og aðrar gangtegundir. Til einföldunar má segja að setraðirnar gefi til kynna arfgerð genanna, og hér eftir verður annars vegar vísað til RR arfgerðar og hins vegar rr arfgerðar í *RELN* geninu, og SS arfgerðar og ss arfgerðar í *STAU2* geninu.

Þessa áhugaverðu niðurstöðu má mögulega rekja til þess að *STAU2* genið hefur áhrif á getu til að læra ákveðið hreyfimyntur...

Tíðni RR og rr arfgerðanna var nokkuð jöfn, þ.e.a.s. svipaður fjöldi hrossa í gagnasafninu bar hvora arfgerð fyrir sig. Hross með RR arfgerðina fengu að meðaltali hærri einkunn fyrir skeið, en hross með rr arfgerðina fengu að meðaltali hærri einkunn fyrir tölt, brokk, hægt og greitt stökk.

Tíðni SS og ss arfgerðanna var hins vegar mjög ójöfn, en yfir 80% hrossa í gagnasafninu bar SS arfgerðina. Hross með SS arfgerðina fengu að meðaltali hærri einkunn fyrir skeið, en hross með ss arfgerðina fengu hærri einkunn fyrir brokk og greitt stökk.

Tíðni arfgerðanna gefur ýmislegt til kynna hvað varðar úrval ræktenda, en líklegt er að valið hafi verið strangt fyrir SS arfgerðinni í *STAU2* geninu miðað við háa tíðni hennar, en á sama hátt hefur úrval fyrir RR og rr arfgerðunum verið nokkuð jafnt. Miðað við áhrif arfgerðanna á mismunandi gangtegundir og vægi þeirra gangtegunda í ræktunarmarkmiði íslenska hestsins, má leiða að því líkum að tíðnin sé nokkuð lýsandi fyrir mikilvægi arfgerðanna.

### Mismunandi tíðni arfgerða í hópi hrossa með mismunandi skeiðhæfni

Í ljósi mismunandi áhrifa arfgerða á gangtegundirnar, var ákveðið að skipta hrossunum í gagnasafninu niður í hópa eftir skeiðgetu. Hóparnir skiptust í fimmgangshross, fjörgangshross með AA arfgerð í skeiðgeni, fjörgangs-

## Land og skógur

# Mýrin

– Hin lágstemmda auðlind

Það fer ekki mikið fyrir mýrinni, hún kallar ekki á okkur úr fjarlægð með geislandi feðurinn eins og mörg önnur vistkerfi eða aðrar náttúrugersemar svo sem fegurð jökllanna, fjallana eða litskrúðugs gróðursins.



Gerður Stefánsdóttir.

Áhugamenn um fugla skilja mikilvægi þessara vistkerfa en þau eru grundvöllur tilvistar mikilvægra stofna fugla.

Látum við okkur hafa það að fara í stígvél og ösla um sjáum við mun betur fegurð þessara vistkerfa. Hina heillandi lóma á smáum tjörnnum, dansandi óðinshana, syngjandi jadrakaninn og margæsinnar sem fylla orkuforðann fyrir hið langa ferðalag og varp á hánorrænum slóðum. Ef við lítum aðeins nær sjáum við fífurnar blakta, störin teinrétt með

svarta kólfana og elftingarnar sem er svo gaman að taka í sundur og setja aftur saman, barnssálin dafnar. Ef við lítum enn nær sjáum við einstakan barnamosann með sínum bjartgræna lit og einstöku lögun, svo rakadregan að hann var meðal annars notaður í bleyjur ungbarna fyrr á árum. Það er margt að heillast af. Feгурðin mikil þó á smærri skala sé en það sem að jafnaði grípur augað.

### Sagan og staðan

Sagan hefur einnig áhrif á viðhorf okkar til þessa einstaka vistkerfis. Votlendin og jókuárnar voru oft og tíðum mikill farartálmi. Þegar faðir minn fór í sveitina á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu þurfti hann að riða eftir siglingamiðum til að feta rétta leið á áfangastað. Það var ekki að fyrirsynju að gamla konan sem spurð var á 100 ára afmæli sínu hvað hefði verið mesta byltingin á hennar æviskeiði nefndi strax gúmmískóna, ekki bílinn, símann, rafmagnnið eða togarana. Það var eðlilega skelfilegt að vera blautur í fætuna alla tíð. Saga og reynsla forfeðra okkur hefur oft og tíðum talsverð áhrif á okkar lífsskoðanir og áherslur. Á síðustu öld var mikið af mýrum ræstar fram, einkum til að auka og bæta framlegð landbúnaðar. Eftir heimsstyrjaldir á fyrri hluta aldarinnar var okkur Íslendingum mikilvægt að vera sjálfum okkur næg og mikil áhersla því lögð á að bæta aðstæður í landbúnaði. Eftir á að hyggja, af okkar alkunna dugnaði, var þó framræst talsvert umfram nauðsyn. Við grófum um 34.000 km af skurðum en það samsvarar því að



Barnamosi.

Mynd / Sunna Áskelsdóttir

aka rúmlega 27 sinnum hringinn í kringum landið. Af þeim 4.200 km<sup>2</sup> sem ræstir voru fram á liðinni öld eru einungis um 570 km<sup>2</sup> nýttir til ræktunar, eða tæplega 14%. Það eru því þó nokkur tækifæri til að endurheimta votlendi.

Af hverju ættum við að endurheimta votlendi? Auk þess að votlendi eykur líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins, stuðlar að gæðum grunnvatns og lágmarkar áhrif flóða, þá geymir mýrin kolefni eins og enginn sé morgundagurinn. Í mótum safnast kolefnið upp og binst þar að megninu til öldum saman. Einungis

lítill hluti þess berst með einum eða öðrum hætti upp í andrúmsloftið. Við vitum jú öll að olía myndaðist með því að lífrænt efni grófst niður og varð á milljónum ára að olíu sem við með okkar tæknigetu höfum leyst úr læðingi. Langtímabinding lífræns efnis er því vel þekkt.

### Aðeins nánar um kolefnisferlið í mýrinni

Eðlilega verður alltaf einhver ummyndun á lífrænu efni í mýrum og þá einkum fyrir tilstuðlan ýmissa örvera.

Umbreytingin er háð aðstæðum og þá einkum hvort súrefni sé til staðar eða ekki.

Þegar vatnsstaðan er há og mörinn vatnsmettaður eins og er við náttúrulegar aðstæður er afar lítið súrefni til staðar í móluginu. Við slíkar aðstæður verður niðurbrot lífræns efnis fyrir tilstuðlan baktería sem ekki þurfa á súrefni að halda til brunans, einkum vegna virkni metan myndandi baktería (e. metanogens). Áhugaverðar bakteríur sem tilheyra hópi fombaktería (e. Archaea) og eru taldar elsta form líffvera á jörðinni. Þessi leið til niðurbrots er arfaslakur orkugjafi og niðurbrot lífræns efnis er þannig mjög hægt og eðli máls samkvæmt ekki mikið magn metans sem berst þannig upp í andrúmsloftið frá öröskuðu votlendi. Þó svo að metan sé mikilvirkari gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur miðað við þyngdareiningu þá er myndunarferill þess svo hægur að það vegur lítið í stóra samhenginu.

Þegar vatnsstaðan er lág eins og yfirleitt í framræstu eða röskuðu landi nær súrefni auðveldlega niður í móinn og þá gerast hlutir. Það er ekki tilviljun að mannskepnan andar að sér súrefni til bruna, súrefni sem rafeindaviðtaki gefur margfalt meiri orku en aðrir rafeindaviðtakar og er því hið ákjósanlega öndunarferli. Ef súrefni berst í miklum mæli niður í mó mýranna hefst kröftugur bruni sem losar koltvísýring ( $CO_2$ ) hratt út í andrúmsloftið með tilheyrandi áhrifum á loftslagið. Þetta viljum við lágmarka með því að halda mó mýranna vatnsmettuðum. Þrátt fyrir að langt sé liðið frá framræslu er enn umtalsvert magn lífræns



Trymbill frá Stóra-Ási á Landsmóti hestamanna 2022. Hann hlaut einkunnina 10 fyrir skeið í kynbótadómi árið 2012. Knapi er Gísli Gíslason. Mynd / ghp

hross með CA arfgerð í skeiðgeni og skeiðkappreiðahross.

Í ljós kom að fjörgangshross með AA arfgerð í skeiðgeni eru líklegust til að bera rr arfgerðina í RELN geninu og skeiðkappreiðahross ólíklegust til að bera þá arfgerð. Af þessu má leiðar líkur að því að RELN genið greini að hluta til á milli fimmgangs- og fjörgangshrossa með AA arfgerð í skeiðgeni, og mögulega á milli fimmgangs- og skeiðkappreiðahrossa.

Að auki kom í ljós að fjörgangshross með CA arfgerð í skeiðgeni eru líklegust til að bera SS arfgerðina í STAU2 geninu. Þessa áhugaverðu niðurstöðu má mögulega rekja til þess að STAU2 genið hefur áhrif á getu til að læra ákveðið hreyfimylnstur, og SS arfgerðin geti þá verið CA hrossum gagnleg, en þau eiga oft og tíðum erfiðara með að læra hliðstæðar hreyfingar.

#### Hagnýting niðurstaðna

Það er margt sem bendir til að RELN og STAU2 genin hafi mikil áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa, en þessi gen hafa ekki áður verið skilgreind sem slík og eru lítið rannsökuð í hrossum. Frekari rannsókna er því þörf til að staðfesta niðurstöðurnar.

Næsta skref í doktorsverkefningu er að skoða genin niður í kjölinn með raðgreiningu og greina þá erfðarætti

sem hér koma við sögu. Í framhaldinu væri hægt að þróa DNA-próf sem ræktendur gætu nýtt sér í markvissari ræktun á fjörgangs-, fimmgangs- eða skeiðhrossum. Einnig væri hægt að nýta upplýsingar um arfgerðir í þessum genum til stuðnings útreikningum á kynbótamati í einstaka eiginleikum, og taka þannig skref í átt að erfðamengjaúrvali í íslenskri hrossarækt.

#### Fjármögnun

Verkefnið er styrkt af Doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands, Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins, Sænsku Íslandshestasamtökunum (SIF), Blikastaðasjóði, Erfðanefnd landbúnaðarins, Swedish Research Council (VR) og Swedish Foundation for Strategic Research.

#### Tilvísun

Sigurðardóttir, H., Boije, H., Albertsdóttir, E., Kristjánsson, T., Lindgren, G., & Eriksson, S. The genetics of gaits in Icelandic horses goes beyond DMRT3, with RELN and STAU2 identified as two new candidate genes. Genet Sel Evol 55, 89 (2023).

*Höfundur er doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl) og Sænska landbúnaðarháskólann (SLU).*

## Lyftu á gæðum



**CAT**

**KLETTUR**

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is

efnis eftir í votlendinu enda hefur mórinn myndast á mjög löngum tíma. Umbreyting lífræna efnisins sem er til staðar heldur því áfram í afar langan tíma eftir að land var framræst. Mælst hefur virk losun frá landi sem var framræst fyrir meira en einni öld. Samkvæmt skýrslum frá Sameinuðu þjóðunum og Ramsar skýrslum eru óraskaðar mýrar taldar binda um 0,37 gígatonn af koltvísýringi á ári og geyma meira kolefni (um 600 gígatonn) en nokkurt annað vistkerfi þrátt fyrir að þekja aðeins 3% yfirborðs jarðar.

#### Vernd og endurheimt

Hægt er að auka bindingu kolefnis með ýmsum hætti í þeirri vegferð okkar að hægja á loftslagsvánni en flestar aðgerðir eru kostnaðarsamar. Vernd óraskaðs votlendis er æskilegasta vegferð okkar til að lágmarka kolefnislosun út í andrúmsloftið. Það er því afar mikilvægt að raska ekki frekar votlendinu en þegar er orðið.

Þar á eftir er endurheimt votlendis sú leið sem er bæði aðgerðarlega og fjárhagslega hagkvæmust fyrir samfélag okkar og sú leið sem kemur í veg fyrir að kolefnisbindingin skili sér aftur í hringrásina. Horfum til þessa í allri okkar vegferð bæði til sjávar og sveita; í skipulagi, við ræktun og aðra uppbyggingu. Það væri mikil háttur af því að vernda og bæta þessi máttugu en lágstemmdu vistkerfi.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*

**TIL SÖLU Á AKUREYRI**

HÉR BYGGIR

**LÆKJARVELLIR  
IÐNAÐARBIL / GEYMSLUR**

45,2m<sup>2</sup> - 47,4m<sup>2</sup>



**FASTEIGNASALA  
AKUREYRAR**

**Arnar Guðmundsson**

Löggiltur fasteignasali  
Löggiltur leigumiðlari  
Sími: 773 5100  
arnar@fastak.is



# Enn er bætt á nægtaborð nautanna

Nú er hafin notkun á fyrstu nautunum sem valin voru út frá erfðamati á Nautastöðina á Hesti. Þetta er enn eitt skrefið í innleiðingarferli erfðamengisúrvalsins og það verður spennandi að sjá þegar dætur þeirra koma til framleiðslu.



Guðmundur Jóhannesson.

Þessi naut eru fædd á síðasta ársfjórðungi 2022 og eru geysiöflug, standa með 112 og 113 í heildareinkunn.

Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum nautum.

**Flammi 22020** frá Króki í Biskupstungum undan Bikar 16008 og 573 Kláusardóttur 14031. Flammi er alhliða naut með gott mat fyrir afurðir, bæði magn og efnahlutföll, júgur- og spenagerð, mjaltir og skap. Einu neikvæðu þættirnir eru aðeins grannir spenar og mat fyrir frumutölu er 88. Þarna er því á ferðinni öflugt naut sem stendur í 112 í heildareinkunn.

**Strókur 22023** frá Stóru-Reykjum í Flóa undan Herki 16069 og Brynju 884 Kláusardóttur 14031. Strókur er öflugt naut sem sækir mátt sinn og megin í þætti eins og mjólkurlagni, júgurhreysti, júgurgerð, mjaltir og skap. Efnahlutföll mættu vera betri og spenar eru grannir. Strókur er eini sonur Herkis 16069 sem kemur til notkunar. Heildareinkunn 112.

**Drungi 22024** frá Neðri-Þverá í Fljótshlíð undan Mikka 15043 og 1065 Úranusdóttur 10081. Drungi er fyrsti og eini sonur Mikka 15043 sem kemur til notkunar. Þarna er á ferðinni naut með afurðagetu, góða júgurgerð og sérlega góðar mjaltir og skap. Hins vegar eru efnahlutföll og spenagerð um meðallag. Spenar aðeins langir og meðalvel settir. Drungi stendur með hökugóða heildareinkunn upp á 113.

**Krummi 22025** frá Neðri-Þverá í Fljótshlíð undan Bússa 19066 og 1169 Piparsdóttur 12007. Krummi



Flammi 22020 frá Króki í Biskupstungum undan Bikar 16008 og 573 Kláusardóttur 14031.



Drungi 22024 frá Neðri-Þverá í Fljótshlíð undan Mikka 15043 og 1065 Úranusdóttur 10081.

er fyrsti sonur Bússa 19066 sem kemur í notkun. Þetta gott alhliða naut með góða afurðagetu, mjög góða júgurgerð og mjaltir og skap yfir meðallagi. Eini neikvæði þátturinn er að spenar eru aðeins í lengri kantinum. Heildareinkunn Krumma er nú 112.

**Prymur 22027** frá Stóra-Ármóti í Flóa undan Tanna 15065 og Tröllu 1543 Búkkadóttur 17031. Prymur er þriðji sonur Tanna í notkun og styrkleikar hans eru miklir. Afurðagetan er góð, júgurgerðin frábær og mjaltir og skap með miklum ágætum. Spenar eru hins



Strókur 22023 frá Stóru-Reykjum í Flóa undan Herki 16069 og Brynju 884 Kláusardóttur 14031.



Krummi 22025 frá Neðri-Þverá í Fljótshlíð undan Bússa 19066 og 1169 Piparsdóttur 12007.

vegar grannir. Þá er ekki mælt með því að nota Prym á kvígur en mat hans fyrir burð feðraáhrif er 80. Heildareinkunn Pryms er 113.

Ofangreind naut eru þegar komin í eða á leiðinni í dreifingu eftir því hvernig stendur á útsendingu sæðis frá Nautastöðinni.

Afram verða Magni 20002, Gauti 20008, Óðinn 21002, Kaldi 21020, Mjöllnir 21025, Pinni 21029, Vorsi 22002, Drangur 22004, Hnallur 22008, Kajak 22009 og Ægir 22010 í notkun.

Notkun á Bússa 19066, Billa 20009, Garpi 20044 og Svarfðal 22006 verður hætt, ýmist vegna þess að þeir eru búnir að vera lengi í notkun eða þeir eru samfeðra þeim nautum sem nú koma inn.

Nú þegar notkun nauta sem valin voru á grunni erfðamengis er hafin er þess að vænta að ný

naut komi til notkunar örur en verið hefur. Þannig kann listi nauta í notkun að taka breytingum á 4-8 vikna fresti. Breytingar á nautum í notkun verða þannig tíðari en umfangsminni hverju sinni.

Ég vil nota tækifærið og hvetja til notkunar á sæðingum enda hefur nautavalið aldrei verið betra en nú. Einkum og sér í lagi þarf að auka kvígusæðingar en nú er svo komið að innan við 30% fæðra kálfa undan 1. kálfs kvígum er undan sæðingnautum.

Kvígur telja ríflega 30% kúastofnsins á hverjum tíma og undan kvígum koma líka kvígur sem eru settar á. Þannig nýtum við ekki öll þau tækifæri sem við höfum til kynbóta og stöndum uppi með lakari gripi en þörf er á. Ekki láta nægtaborð nautanna fram hjá ykkur fara – sæðið kvígurnar!

Höfundur er ráðgjafi hjá RML



BYKO  
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA

GÆÐI  
IYFIR  
40 AR

HONDA SNJÓBLÁSARAR  
FÁST Í FAGVERSLUN BYKO

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 515-4020



Prymur 22027 frá Stóra-Ármóti í Flóa undan Tanna 15065 og Tröllu 1543 Búkkadóttur 17031.





Guðrún Hildur Gunnarsdóttir við mælingar á kynbótasýningu á Hólum í Hjaltadal. Bjarni Jónasson heldur í hestinn. Mynd/ Anna Guðrún Grétarsdóttir

## Hrossarækt:

# Sýningaáætlun fyrir kynbótasýningar 2024

Á fundi fagráðs í hrossarækt þann 29. nóvember 2023 var eftirfarandi sýningaáætlun samþykkt.



Halla Eygló Sveinsdóttir.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum, fella niður sýningar eða sameina sýningar eftir þörfum. Lágmarksfjöldi skráninga á sýningu eru 30 hross, ná sýning ekki þeim fjölda er sýning felld niður og hrossin færð á aðrar sýningar í samráði við eigendur þeirra eða sýningargjöld að fullu endurgreidd.

Sjálfsagt eru margir ræktendur þegar farnir að vege og meta hvaða hross þeir hyggjast mæta með á sýningar og þá er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema

búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggja fyrir í WF.

- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt



Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ef þess er nokkur kostur þá er farsælast að afgreiða þessi atriði sem fyrst því tíminn til vors er fljótur að líða.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni [www.rml.is](http://www.rml.is)

*Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.*

## Vorsýningar

27. maí til 31. maí Rangárbakkar I
3. júní til 7. júní Víðidalur
3. júní til 7. júní Rangárbakkar II
3. júní til 7. júní Hólar I
10. júní til 14. júní Selfoss I
10. júní til 14. júní Rangárbakkar III
10. júní til 14. júní Sprettur I
10. júní til 14. júní Hólar II
18. júní til 21. júní Selfoss II
18. júní til 21. júní Rangárbakkar IV
18. júní til 21. júní Hólar III
18. júní til 21. júní Sprettur II
1. júlí til 7. júlí Landsmót hestam. Víðidal

## Miðsumarssýningar

22. júlí til 26. júlí Rangárbakkar
22. júlí til 26. júlí Hólar
23. júlí til 24. júlí Stekkhólmi

## Síðsumarssýningar

12. til 16. ágúst Rangárbakkar I
12. til 16. ágúst Hólar
19. til 23. ágúst Rangárbakkar II

# Kaupfélag Borgfirðinga fagnar 120 ára afmæli.

Ekki missa af frábærum afmælistilboðum í hverri viku inn á [www.kb.is](http://www.kb.is)



Sendum um allt land

[WWW.KB.IS](http://WWW.KB.IS)

## Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. janúar 2024 að auglýsa lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir íþrótt- og stofnanasvæði í Borgarnesi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 - Breyting á aðalskipulagi.**

Afmörkun íþróttasvæðis (O1) er breytt og stækkað bæði til suðurs og austurs. Til samræmis minnkar skólasvæðið (Þ3) og íbúðarsvæðið (Í4).

Ofangreind skipulagslýsing er kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar ([www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)) og aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Lýsingin er í kynningu frá 25. janúar til og með 12. febrúar 2024.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu við lýsinguna á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 25. janúar 2024.  
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ



# Það er frost á Fróni

Svæðið hlýnar hratt með vatnshitablásara!


## VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - [vpallar@vpallar.is](mailto:vpallar@vpallar.is) - [www.vpallar.is](http://www.vpallar.is)



Tafla 3. Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2023 (tíu efstu)

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
1382 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li	16,4	412,2	UN U3-	795,5
1650 (naut)	Hofsstaðasel	Óþekktur 99999	AA x Li x Ga x óvíst	14,8	367,0	UN R+2+	779,8
1386 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li	14,6	346,7	UN R3-	744,2
1584 (naut)	Leirulækur	Tindur 19025	IS	14,3	334,5	UN O+2+	734,8
1368	Nýibær	Máttur-ET 19404	AA X IS x Li	13,5	315,4	UN R-2+	729,4
1374 (naut)	Nýibær	Eðall-ET 20403	AA x IS x Li	15,5	352,9	UN R+3-	715,9
1354 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li	15,8	354,2	UN R+3	705,1
1523 (naut)	Hofsstaðasel	S-A Dalmar 14640711166	AA x Li x Ga x IS	16,8	373,6	UN R2+	700,2
1362 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x Li x IS	16,7	370,3	UN U3-	697,8
1505 (naut)	Hofsstaðasel	S-A Dalmar 1464071-1166	AA x Ga x Li x IS	16,2	359,7	UN R+2+	697,5



á að ungneyti eru gripir sem fargað er við 12-30 mánaða aldur. Þetta eru allt gripir sem hafa náð sérlega miklum vexti og þar með þunga en athygli vekur að þarna skila bæði Valur-ET 19402 og Draumur-ET 18402 ákaflega góðu.

Í töflu 3 má sjá þau ungneyti sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir hafi náð a.m.k. 15 mánaða aldri við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestum eða hröðustum vexti ársins náði naut númer 1382 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Sá gripur var holdablendingur, u.þ.b. 2% Limousine, 83% Angus og u.þ.b. 15% íslenskur. Vöxtur þessa grips reiknast miðað við áður nefndar forsendur 795,5 g/dag sem er geysigóður vöxtur.

Þessar tölur og listar yfir þá gripir sem eru þyngstir og vaxa mest sýna vel hve holdablendingarnir skara fram úr, einkum og sér í lagi synir yngri Angus-nautanna frá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Nánast öll þyngstu ungneytin og þau sem náðu mestum vexti eru undan nýju Angus-nautunum eða sonum þeirra en S-A Dalmar í Hofsstaðasel er sonur Draums-ET 18402.

Ef við skoðum meðfylgjandi graf sjáum við að afkvæmi nýju Angus-nautanna ná meiri þunga á styttri tíma, þ.e. þau vaxa hraðar en önnur



Erpur-ET 20402.

ungneyti sem slátrað var á síðasta ári. Þegar reiknaður er meðalvaxtarhraði á dag út frá fallþunga kemur í ljós að afkvæmi nýju Angus-nautanna uxu sem nam 456,4 g/dag meðan að önnur ungneyti náðu vexti sem nam 315,3 g/dag. Þarna munar rúmlega 140 grömmum á dag sem þýðir að á einni viku ná afkvæmi nýju Angus-nautanna 1 kg meira af kjöti en hinir gripirnir. Tölur um flokkun segja sömu sögu. Afkvæmi nýju Angus-nautanna voru með meðalflokkun upp á 7,66 á árinu 2023 þegar sambærileg tala fyrir önnur ungneyti var 4,69. Nýju Angus-nautin skila því gripum í R að jafnaði með að hin ungneytin flokkast í O að jafnaði.

Tölur ársins 2023 sýna að eldi sláturgripa fer fram og vegur þar

tilkoma nýja Angus-erfðafnisins án efa þungt en tilkomu þess er farið að gæta í sláturtölum. Hins vegar er breytileikinn alltof mikill eins og grafið sýnir okkur. Ótrúlegur fjöldi ungneyta nær ekki 200 kg fallþunga við slátrun. Greinilega er enn verk að vinna í því að bæta eldi og atleti þeirra gripa sem aldir eru til kjötframleiðslu þannig að þeir nái ásættanlegum fallþunga. Það er eina leiðin til að framleiða gott nautakjöt á arðbæran hátt.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur.

Höfundar eru ráðgjafar hjá RML

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

**FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN**

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

**JARDIR.IS**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÚTFARAKÓR REYKJAVÍKUR

utfarakor.is

**ÖLL ALMENN MÚRVINNA**

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI

**HÚSRÁÐ**

VERKTAKAR

781 7777

husrad@husradverktakar.is

**Snjallar lausnir**

**Framkvæmdasvæði**

Við bjóðum margar góðar lausnir á aðstöðu fyrir starfsmenn og stjórnendur á framkvæmdasvæðum. Auðvelt og fljótlegt er að setja upp skrifstofur, gistieiningar og salerni í stærðum og gerðum sem hentar best hverju einstaka verkefni.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is

**Stólpi Gámar**

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS





# Tækni til að auka köfnunar- efnisinnihald búfjáraburðar

**Snorri Sigurðsson**

snorri.sigurdsson@outlook.com



Talið er að meira en 22 milljónir tonna af köfnunarefni, m.a. í formi ammoníaks, tapist árlega frá landbúnaði um allan heim.

Köfnunarefni, sem plöntur þurfa til að vaxa og dafna, er því ekki í nægu magni í búfjáraburði og því þarf að bæta við köfnunarefni með öðrum hætti svo sem með notkun á tilbúnum áburði eða með niturbindandi plöntum.


Tilbúinn áburður er kostnaðarsamur og oftast líklega búinn til með notkun jarðefnaeldsneytis en nú kann að vera komin fram lausn sem gæti gjörbreytt stöðunni.

Norska fyrirtækið N2-Applied hefur nefnilega þróað áhugaverða tækni sem nú er verið að prófa í nokkrum löndum.

## Áskorun bænda dagsins í dag

Bændur standa frammi fyrir tveimur, að því er virðist misvísandi áskorunum: Þeir þurfa að fæða ört vaxandi íbúafjölda heimsins en á sama tíma eru gerðar kröfur til bænda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Þetta telur forsvarsfólk N2-Applied að sé hægt að leysa með þeirra aðferð, sem byggir á því að nota sérstaka tækni



Um hátæknibúnað er að ræða sem kostar í dag um 25 milljónir króna.



Borið á tilraunaakur í Noregi.

sem eykur köfnunarefnisinnihald búfjáraburðar með því að taka köfnunarefni úr lofti og binda við ammoníak í búfjáraburðinum.

Tæknin gerir bóndanum því kleift að nýta betur köfnunarefnið sem til fellur við búfjárframleiðsluna og framleiða sinn eigin áburð með minni gróðurhúsalofttegundum.

Hinn köfnunarefnisbætti búfjáraburður hefur sömu eiginleika og venjulegur búfjáraburður en inniheldur s.s. meira köfnunarefni og leiðir til umtalsvert minna sótspors.

## Betri búfjáraburður

Samkvæmt fréttum um þessa tækni þá verður hinn lífræni áburður betri en hann var fyrir, eftir meðhöndlun með tækninni, þar sem ammoníak binst og þar með eykst áburðargildi búfjáraburðarinnar vegna

aukins innihalds köfnunarefnis. Búfjáraburður sem hefur verið meðhöndlaður með þessari aðferð er kallaður NEO (Nitrogen Enriched Organic Fertilizer eða niturbættur lífrænn áburður).

Með notkun á NEO fæst meiri uppskera af túnum bænda, auk þess sem aðferðin dregur úr metanlosun frá búfjáraburðinum en metan er flokkað sem kraftmikil gróðurhúsalofttegund.

Segja má að með aðferðinni verði búfjáraburðurinn enn vistvænni en hann var fyrir, enda er einungis notað rafmagn við framleiðsluna og sé það „grænt“ er um augljósan ávinning að ræða.

## Tvöfalda köfnunarefnið

Aðferð N2-Applied byggir á því að búfjáraburðurinn er sendur í gegnum skilju sem skilur hinn fljótandi hluta

frá og er honum svo dælt í gegnum sérstakan hvarfabúnað N2-Applied, sem kemur til bænda í fyrirfram framleiddum tæknigámi.

Þar er svo andrúmslofti, sem inniheldur um 78% köfnunarefni, blandað saman við hinn fljótandi hluta sem hvarfast þar og binst með hinum sérstaka tæknibúnaði fyrirtækisins. Útkoman er lífrænn áburður sem inniheldur tvöfalt meira köfnunarefni en hann gerði áður og er auk þess lyktarlaus!

## Kostar sitt

Ætli bændur að fjárfesta í svona búnaði þurfa þeir að draga upp veskið og kafa vel ofan í það en búnaðurinn kostar í dag um 25 milljónir íslenskra króna. Það er þó gert ráð fyrir því að kostnaðurinn fari lækkandi á komandi tímum.

Þá krefst búnaðurinn, enn sem komið er, töluvert mikillar orku en til þess að koma einu kíló köfnunarefnis í búfjáraburðinn þarf að nota 65-70 KWh.

Kostnaðurinn er því töluverður en útreikningar sýna að það á að vera hægt að gera þetta mun hagkvæmara og það er það sem vísindafólk N2-Applied vinna nú að hörðum höndum. Samhliða framleiðslunni verður til mikill hiti en 75% af orkunni sem fer í að bæta köfnunarefni í búfjáraburðinn verður að varma.

Tæknin gæti því náð góðri fötfestu þar sem bændur hafa not fyrir slíkan varma og/eða geta selt til fjarvarmaveitna.

## Auka uppskeru um 40 prósent

Fyrstu rannsóknir á áhrifum NEO á uppskeru gefa fyrirheit um einkar góðan árangur en hinn köfnunarefnisríki búfjáraburður hefur nú verið prófaður við mismunandi skilyrði víða um heim.

Niðurstöðurnar sýna að uppskeran eykst að jafnaði um 40%, miðað við notkun á hefðbundnum búfjáraburði. Niðurstöðurnar sýna í raun að ekki er þörf á öðrum köfnunarefnisáburði, þ.e. tilbúnum köfnunarefnisáburði. Þetta þýðir í raun að bændur geta nú framleitt aukið magn matvæla, fyrir hinn ört vaxandi fjölda íbúa heimsins, á sjálfbæran hátt og um leið aukið arðsemi búa sinna.

## Fjárfesta fyrir milljarða

N2-Applied hefur þegar fjárfest fyrir milljarða í tæknibúnaði og þróun hans en fyrirtækið fékk 17,5 milljónir evra í stuðning frá Evrópusambandinu, um 2,6 milljarða íslenskra króna, sem er hámarksstyrkur sem ESB veitir til nýsköpunarverkefna.

Ástæða þess að ESB styrkti N2-Applied felst fyrst og fremst í því að hér er á ferðinni svokölluð græn lausn fyrir landbúnað og smellpassar að „frá búi á borð“ stefnu ESB (EU Farm to Fork Strategy). Fyrirtækið hefur nú þegar komið sér fyrir í nokkrum löndum og er með prófunarstöðvar í Hollandi, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi.

Nánar má fræðast um þetta spennandi fyrirtæki á heimasíðu þess: n2applied.com.



Tæknibúnaðurinn kemur í sérstökum gámi sem er auðvelt að koma fyrir á búum.

# ÚRVAL JEPPADEKKJA

Mastercraft  
TIRES

TOYO TIRES



**Courser CXT**

**Jeppadekk**  
Frábært dekk fyrir flest undirlag, bleytu og vetrarfærð.



**Courser MXT**

**Jeppadekk**  
Hentar við erfiðar aðstæður og veðurskilyrði.




**Open Country A/T**

**Jeppadekk**  
Þrautreynt jeppadekk við allar akstursaðstæður allt árið um kring.



**Open Country M/T**

**Jeppadekk**  
Hentar vel þar sem mikið grip þarf, svo sem í drullu og sandi.



Þú finnur þú jeppadekkinn sem henta þér best á **nesdekk.is**

Hafðu samband við þitt dekkjaverkstæði til að panta jeppadekk frá Mastercraft eða Toyo.

**NESDEKK**  
Nesdekk.is / 561 4200



Sáning sumarblóma er rétt handan hornsins.

Mynd / GH

## Vorið góða, grænt og hlýtt

Kannski finnst lesendum ekki alveg tímabært að hefja raust sína og syngja um sólina, vorið og sumarið á sama tíma og úti geisar harðavetur og hver óveðurslæggðin á fætur annarri leggur leið sína að landinu með tilheyrandi úrkomu og vindhraða sem ruglar jafnvel stífustu hárgreiðslum.

Þetta er hins vegar hárrétti tíminn til að skipuleggja ræktunarárið og velta fyrir sér hvaða plöntu- tegundir eigi að rækta í garðinum og gróðurhúsinu að þessu sinni.

Sáning sumarblóma er rétt handan við hornið og því er tilvalið að skoða vefsíður sem selja slík fræ og jafnvel að panta séu þar tegundir sem heilla mest. Garðyrkjuverslanir eru í óða önn að stilla upp fræhillum sínum og þar má falla í freistni fyrir allan peninginn. Sumarblóm eins og stjúpur, ljónsmunni og silfurkambur, harðgerðar og duglegar tegundir, þurfa langan ræktunartíma og því fræ þarf að sá snemma í febrúar, eigi plönturnar að ná í blóma snemma sumars. Svo koma tegundirnar inn, hver á fætur annarri, þannig að smám saman eykst ræktunarálagið eftir því sem nær dregur sumri og þá bætast að sjálfsögðu matjurtimar við, fyrir þá garðeigendur sem eru áhugasamir um plöntuát.

Uppeldi sumarblóma og matjurta frá fræi krefst þó sérhæfðrar aðstöðu, helst í gróðurhúsi, en þeir garðeigendur sem ekki hafa aðgang að slíkum lúxus þurfa ekki að órvænta. Garðyrkjufræðingar landsins sjá einfaldlega um þetta ómak og tryggja að enginn þurfi að fara svangur, litlaus og blómflur inn í sumarið, garðplöntustöðvar eru stútfullar af gullfallegum sumarblómum og hraustlegum matjurtum á hverju vori.

Fleira þarf þó til en falleg sumarblóm í meðalgarðinn. Tré og runnar ramma garðinn fallega

inn og þar á milli er rými fyrir gróskulegar fjölærar plöntur sem blómstra allar á mismunandi tímum og leggja sitt af mörkum til þess að allt sumarið sé garðurinn í sem mestum blóma. Kosturinn við þessar plöntur er að þær koma ár eftir ár, stækka og bæta við sig laufskrúði og blómamagni og verða því sífellt til meiri þrýði, að því gefnu að þær fái viðeigandi umhyggju og umhirðu. Staðsetningin er líka lykilatriði og því þarf að huga að því að velja plöntur sem þola þau vaxtarskilyrði sem til staðar eru hverju sinni. Að sjálfsögðu eru garðyrkjufræðingar í garðyrkjufræðingum fúsir til ráðlegginga en það er alls ekki vitlaust að undirbúa sig fyrir sumarið.

Félag garð- og skógarplöntuframleiðenda heldur úti sérstökum vef, [www.gardplontur.is](http://www.gardplontur.is), þar sem hægt er að sækja sér upplýsingar um allar helstu garðplöntur sem þrífast við íslenskar aðstæður. Á vefnum er flípi um plöntuleit þar sem hægt er að setja inn hvaða skilyrði plantan þarf að uppfylla miðað við aðstæður í viðkomandi garði, svo sem hversu há plantan má vera, óskir um blómlit og blómgunartíma og hvort plantan er vindþolin, saltþolin eða skuggþolin og eins og fyrir kraftaverk birtist þá listi yfir þær plöntur sem koma til greina fyrir þessi skilyrði.

Það getur verið heilmikið grúsk að velja réttu plöntuna í garðinn sinn og því er um að gera að nota þennan dimmasta og kaldasta tíma ársins í undirbúningsvinnuna og útbúa sér lista yfir þær plöntur sem verða á innkaupalista sumarsins. Þá er hægt að einbeita sér að útivinnunni þegar frost fer úr jörðu og sól hækkar á lofti.

*Guðríður Helgadóttir  
garðyrkjufræðingur.*



## Hvatningarverðlaun skógræktar: Kallað eftir tilnefningum

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt í fyrsta sinn á alþjóðlegum degi skóga, þann 21. mars næstkomandi. Fyrirhugað er að veita þau árlega til einstaklinga, hópa, fyrirtækja, félaga eða stofnana sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands. Tilnefningafrestur er til 14. febrúar.

Tilnefningu má fylla út á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands: <https://www.skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar/>

**Ef þú þekkir einhvern eða einhverja sem eru að gera virkilega góða hluti innan skógræktar og eiga hvatningu skilið - endilega sendu inn tilnefningu!**



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

**ISHURÐIR**

[www.ishurdir.is](http://www.ishurdir.is)

564-0013 | 865-1237

## Snjallar lausnir

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.



Hafðu samband á [stolpigamar.is](http://stolpigamar.is) eða í síma 568 0100

[stolpigamar.is](http://stolpigamar.is)

## Hentugar húseiningar

Hver grunneiningin er 20 fet og vel einangruð í hólfi og gólf og kemur tilbúin með hurð, gluggum, loftljósum, rafmagnsöfn og rafmagnsinnstungum. Auðvelt er að sniða nýjar húseiningar eftir þörfum og óskum hvers og eins.

**Stólpi Gámar**

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | [STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS](mailto:STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS)





# Sókn

Íslenskur landbúnaður hefur um þessar mundir góð tækifæri til þess að snúa vörn í sókn. Í þeim efnum munar miklu að augu og eyru stjórnvalda eru að opnast.



Til að grípa tækifærin þarf að horfa til þess að endurskoðan úverandi rekstrarumhverfi landbúnaðarins því það er ekki að skila bændum nægri afkomu, sóknarfærin innanlands eru mikil vegna fólksfjölgunar og ferðamennsku og neytendur eru að kalla eftir auknum rekjanleika og hreinleika hvers kyns landbúnaðarafurða.

Á undanförunum árum hafa bændur upplifað þrengingar í rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Tollvernd er hætt að virka sem skyldi og veitir ekki þá vernd sem hún þarf að gera til að vera ein af grunnstöðum innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Aðföng í landbúnaði hafa hækkað óhóflega síðustu árin og alvarlegasta birtingarmynd stöðunnar er í fækkun bænda. Um leið erum við að tapa mannaudi sem býr yfir sérþekkingu í framleiðslu landbúnaðarafurða á Íslandi.

Það er áliggjandi að hefjast handa við að undirbúa sókn íslensks landbúnaðar. Það verður hins vegar ekki gert nema um það ríki samstaða. Bændur þurfa að hafa trú á að henni sé hægt að ná og ríkisvaldið þarf að vera tilbúið til samtalsins. Það skiptir nefnilega máli að allir séu með og skili sínu.

Í mínum huga er það verkefni ríkisins að skapa bændum umgjörð sem styður við samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu. Rétt eins og aðrar þjóðir um allan heim gera.

Tollvernd þarf að vera virk. Það þarf að gefa fyrirtækjum í kjötiðnaði raunveruleg tækifæri til hagræðingar og svo þarf að huga að því hvernig staðið er að beinum stuðningi ríkisins við framleiðsluna. Stuðningur ríkisins skiptir máli við að gefa öllum neytendum, óháð stöðu eða stétt, jafnan aðgang að heilnæmum matvælum á viðráðanlegu verði. Það verður ekki gert með þeim hætti að bændur borgi árum saman með framleiðslunni. Það gefur augaleið að sú þróun getur ekki gengið áfram.

Við sem störfum við landbúnað verðum að geta unnið með stjórnvöldum að því að bæta hag okkar og hefja nú þegar vinnu við nýja búvörusamninga. Samhliða fjölgun Íslendinga stækkar markaðurinn og stækkandi markaður kallar á aukna framleiðslu.

„Hæfni og þekking bænda er mikil, ungt fólk hefur brennandi áhuga á að komast í landbúnað og ég er sannfærður um að nú sé komið að þeim tíma að við getum blásið til stórsóknar í íslenskum landbúnaði“

Það á að vera stefna bænda og ríkis að sinna innanlandsmarkaði með innlendri framleiðslu en ekki með þeim hætti sem einkennir síðustu árin að innanlandsframleiðslan ýmist stendur í stað eða gefur eftir. Að sjálfsögðu er það fyrst og fremst innflutningur á landbúnaðarafurðum sem tekur til sín stöðugt stærri sneið af kökunni.

Ég hef tröllatru á íslenskum landbúnaði og er ekki einn um það. Hæfni og þekking bænda er mikil, ungt fólk hefur brennandi áhuga á að komast í landbúnað og ég er sannfærður um að nú sé komið að þeim tíma að við getum blásið til stórsóknar í íslenskum landbúnaði. Ég hef hug á því að taka þátt í þeirri spennandi uppbyggingarvinnu sem er fram undan með öllum bændum og er þess fullviss að með góðu samstarfi bænda og búgreina getum við lyft grettistaki á næstu árum.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til formennsku hjá Bændasamtökum Íslands. Nái ég til þess kjöri mun ég á þeim vettvangi leggja mig allan fram um að sýna festu í störfum mínum, efna til öflugssamstarfs við bændur og búgreinadeildir og nálgast verkefni mín af auðmykt og virðingu fyrir fólki innan samtakanna og utan.

Ég mun því ekki gefa kost á mér til áframhaldandi formennsku í deild sauðfjábænda. Ég vil á þessum vettvangi þakka sauðfjábændum og öllu mínu samstarfsfólki fyrir gott og gefandi samstarf síðustu árin. Það hafa verið hrein forréttindi að fá að leiða stjórn sauðfjábænda síðustu tvö árin.

Fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt vil ég þakka um leið og ég vonast til þess að ég njóti þess áfram þegar Bændasamtökin velja sér forystu til næstu ára.

Höfundur býður sig fram til formennsku í Bændasamtökum Íslands.

## Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum

Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6  
221 Hafnarfirði  
tel. +354 8961083



## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárþingi eystra.

### Eystra-Seljaland F7 – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á 150 herbergja hóteli og starfmannahúsnæði á sitt hvorum byggingarreitum. Heimilt verður að byggja 6.000 m<sup>2</sup> hótél á einni til tveimur hæðum og hámarkshæð byggingar er allt að 11 m. frá gólfkóta. Á öðrum byggingarreitum verður hámarksbyggingarmagn 900 m<sup>2</sup> á einni hæð.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 24.janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til og með 6.mars 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er aðalskipulagstillaga auglýst í Rangárþingi eystra.

### Jarðstrengur milli Rimakots og Vestmannaeyja – Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að heimila að leggja tvo jarðstrengi að Vestmannaeyjum, Vestmannaeyjalínu 4 og Vestmannaeyjalínu 5. Megin markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að koma upp fullnægjandi tvítengingu Vestmannaeyja við flutningskerfi raforku á Suðurlandi.

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 24.janúar 2024 með athugasemdarfrest til og með 6. mars 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

## Sníðug lausn!

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is



## Geymslugámar með bílskúrshurð

Við bjóðum í fyrsta sinn hentuga 20 feta sérútbúna geymslugáma með bílskúrshurð sem auðveldar aðgengið mikið. Gámarnir eru hentug geymslulausn undir búslóðir, frístundatæki eða í raun hvað sem er. Komdu og skoðuðu.

Stólpi Gámar

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS



## Áfram verður pitsu-osturinn teygður

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni, skrifar grein í síðasta tölublað Bændablaðsins.



Ólafur Stephensen.

Þar fjallar hún um deilur um tollflokkan á pitsuosti með íblandaðri jurtaolíu, sem félagsmaður Félags atvinnurekenda flutti inn.

Óhjákvæmi-legt er að gera nokkrar athugasemdir við skrifin.

### BÍ og MS fengu tollflokkan breytt

Í fyrsta lagi lætur Erna það líta þannig út, að fyrirtækið hafi flokkað ostinn ranglega í tollnúmer sem ekki ber tolla, en tollgæzlustjóri gripið í taumana og flokkað ostinn réttilega, þannig að hann bæri tolla. Svona einfalt var það hins vegar ekki. Pitsuosturinn var, samkvæmt fullri vitneskju og ráðleggingum starfsmanna tollgæzlustjóra, fluttur inn á tollnúmeri sem ekki bar tolla. Það tollnúmer var í samræmi við tollflokkan Evrópusambandsins (þaðan sem osturinn var fluttur út) á vörunni og flokkun hennar hjá Alþjóðatollastofnuninni, eins og síðar hefur verið staðfest.

Vinnuveitandi Ernu, Mjólkursamsalan, og Bændasamtök Íslands, sáu hins vegar ofsjónum yfir þessum innflutningi og beittu stjórnvöld þrýstingum að breyta tollflokkinum. Þessir aðilar kröfðust þess við fjármálaráðuneytið og Skattinn að tollflokkan vörunnar yrði breytt og eftir talsverða rekistefnu, þar sem heil deild tollstjóraembættisins sagði sig frá málinu vegna þess að hún vildi ekki taka þátt í að „fremja ólög“ eins og yfirmaður hennar sagði síðar eidsvarinn fyrir dómi, varð það niðurstaðan.

### Tollasvindlið fannst ekki

Erna og fleiri talsmenn hagsmunaaðila í landbúnaði höfðu áður haft uppi stór orð um meint misræmi í tölu um útflutning búvara frá Evrópusambandinu og innflutning sömu vara til Íslands og sakað innflutningsfyrirtæki um stórfellt tollasvindli, þar á meðal í innflutningi á pitsuosti, með því að tollflokka vörur rangt.

Erna endurtók þær ásakanir margoft, meðal annars í sjónvarpsþætti á Hringbraut í apríl 2021. Ríkisendurskoðun átti hins vegar eftir að kveða upp úr um að í þessu tilvikum, hvað varðar pitsuostinn, varð misræmið ekki til fyrr en íslensk stjórnvöld, undir þrýsting frá MS og Bændasamtökunum, breyttu tollflokkinum. Það var allt tollasvindlið.

### Óvönduð stjórnsýsla

Erna veltir því í öðru lagi fyrir sér hvað greinarhöfundur hafi verið að gera á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis 19. apríl 2023, þar sem rætt var um þetta mál. „Síðan hvenær er það hlutverk

þingnefnda að taka við kvörtunum frá einkaaðilum yfir niðurstöðum dómstóla? Getum við ekki örugglega treyst á aðskilnað milli dómvalds og löggjafarvalds eins og mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnskrárinna?“ spyr Erna í grein sinni.

Fulltrúar FA voru ekki mættir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til að kvarta undan niðurstöðum dómstóla, heldur til að gera nefndinni grein fyrir fádæma óvandaðri stjórnsýslu í málinu. Málið hafði komið á dagskrá nefndarinnar árið 2020 og verið rætt þar á þremur fundum, þá út frá ásökunum Ernu og annarra um stórfellt tollasvindli.

Á meðal þess sem fulltrúar FA gerðu þingmönnum grein fyrir á fundinum var hvernig Skatturinn leyndi aðila málsins, félagsmann FA, lykilognum í málinu, hvernig Skatturinn og fjármálaráðuneytið leyndu dómstóla gögnum og hvernig MS og Bændasamtökin höfðu í hæsta máta óeðlilegan aðgang að stjórnsýslunni í hagsmunagæzlu sinni. Þannig er í gögnum málsins tölvupóstur frá starfsmanni Skattsins til lögmans MS, þar sem fyrirtækinu er heitið því að tollflokkan vörunnar sem um ræðir verði breytt – áður en formleg ákvörðun hafði verið tekin þar um – og því auk þess lofað að opinber gjöld yrðu endurálögð á keppinauta MS í samræmi við hina nýju tollflokkan.

Með öðrum orðum fengu fyrirtæki sem höfðu flutt vöruna inn í samræmi við ráðleggingar starfsmanna Skattsins bakreikning frá sama embætti. Ef Erna hefur áhyggjur af óeðlilegum samskiptum einkaaðila og ríkisvaldsins ætti hún kannski frekar að staldra við þetta atriði.

### Málinu er ekki lokið

Í þriðja lagi staðhæfir Erna að hinu svokallaða „Pizza Mix“-máli sé nú lokið. Það er ekki svo. Þegar ríki hafa undirgengið alþjóðlegar skuldbindingar um milliríkjavíðskipti er röng niðurstaða innanlands ekki endanleg. Breytingar íslenskra stjórnvalda á tollflokkan vörunnar, sem hér um ræðir, ganga bæði gegn skuldbindingum þeirra á vettvangi Alþjóðatollastofnunarinnar og gegn EES-samningnum.

Að mati FA og Íslensk-eyrópska viðskiptaráðsins, sem FA starfrækir, skapar þetta mál grafalvarlegt fordæmi um að stjórnvöld geti, þegar það hentar þeim, breytt tollflokkan á vörum þvert á alþjóðlegar skuldbindingar.

Með því er hagsmunum íslenskra innflutningsfyrirtækja í hættu stefnt – og ekki síður myndi það ógna íslenskum útflutningshagsmunum ef stjórnvöld í útflutningsríkjum Íslands teldu sig geta breytt tollflokkan á íslenskum útflutningsvörum að eigin geðþótta. Það má því fastlega gera ráð fyrir að málið fari bæði í formlegt kvörtunarferlið innan Evrópusambandsins og komi til kasta Eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta vona fordæmi má ekki standa.

Höfundur er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

# Hárkollurnar hengu í garðinum

Síðar svartar buxur, stuttar svartar buxur, aðsniðnar svartar buxur. Svartur bómull, svart gerviefni, svartur hampur, svört ull eða gallabuxur. Þunnt efni eða þykkt. Þetta merki eða hitt.



Kristján Friðbertsson.

Mikið svaka-lega getur verið leiðinlegt að kaupa fót. Ég held mig bara vanti ekki svartar buxur lengur.

Gamlar, tættar buxur, götöttar í klofinu, hljóta að vera alveg að koma í tísku.

Skyndilegt óhljóð í símanum varaði mig við því að ég ætti ólesin skilaboð, en bjargaði mér frá frekari buxnahugsunum. Ég beit á jaxlinn og gerði mitt ítrasta til að umbreyta hinu ólesna í lesið. Hef ég hitt hana áður? Ég er ekki viss. Ýmislegt höfum við þó í gegnum raftækin rætt, sendandinn og ég. Indælasta kona, líklega að nálgast sjötugt, kannski áttætt, jafnvel fimmtug. Ég er ekki göður að átta mig á aldri. Hlustar sennilega meira á Rás 1 en Rás 2. Ólíkleg til að vera nógu djörf fyrir Bylgjuna. Deilir með mér áhuga á garðyrkju, náttúru og lífinu. Spyr hvort ég vilji ekki líta við aftur í kaffispjall. Aftur?

Æ. Þá mundi ég það. Ég leit við hjá henni eitt sinn þegar hún ætlaði að fræða mig um allt sem hún vissi varðandi að kynda bál. Hefði alveg getað verið áhugavert. Ég hafði svo sem ákveðinn grun um að hún gæti verið lesblind, eða með einhver málfræslu vandamál.

Misritunin var svo sem ekki augljós. Hefði ég vitað að til staði 4 klst. fyrirlestur um það að binda kál, hefði ég ekki mætt. Ekkert áhugavert er hægt að segja um það að binda kál, sem ekki má afgreiða á innan við mínútu. „Kemst því miður ekki, þarf að versla mér ný fót. Bkv.“

### Samskipti við annað fólk eru ofmetin

Á sama andartaki og ég svaraði skilaboðunum hringdi síminn svo ég óvart svaraði. Enn einn ókosturinn við að hafa allt í sama bólváða tækinu. Teiknaðir takkar breyta um virkni fyrirvaralaust.

Reyndist þar vera vinur að hringja til að spjalla. Svólítið sérstakur reyndar, en ágætis drengur. Þjó eitt sumar í Svíþjóð og talar stundum eins og hann haldi að hann sé sænskur. Segir t.d. ekki „húmor“ heldur „huumöör“ svo orðið hljómar svona mitt á milli „humar“ og „hnoðmör“. Sem ég hef reyndar aldrei smakkað saman. Hann ræktar grænmeti í garðinum á lífrænan máta svo ég spurði aðeins út í það. Vinurinn kannaðist við að það yxi grænmeti í garðinum, jújú, en gerði nú frekar lítið úr því.

„Nej, bara eitthvað sem konan vildi eðlilega, hún var voða organísk.“

Konan? Ekki veit ég hvaða kona þetta á að vera.

Þessi drengur hefur aldrei nokkum tímann verið við kvenmann kenndur, eftir því sem ég best veit. En þæja, hvað veit ég svo sem. Kemur mér heldur ekki við.

„Já, du veist nú hur þessar konur geta verið. Auðvitað lætur maður allt eftir þeim. Eitt sumarið var denna lífræni reitur búinn til. Smá vesen í byrjun og mikið af pöddum, men skánaði mikið þegar ég fór að eitra vikulega. Það er held ég trikkið til að láta lífræna rektun ganga upp, sjáðu til. Svo lengi sem du missir ekki úr viku, so gengur þetta allt upp.“

Aha. En það er nú varla lífrænt að eitra svona mikið?

„Jújú, þetta er allt samt voða natúrlígt, sko. Eitrið skiptir engu máli með það. Það þarf bara hver og einn að finna sinn organíska rytma held ég. Eins með safnkassann. Det kan finnas insekter hvis man passar



Fingreiddar hárkollur í nærmynd.



Bjarmabergsóleypur í blóma, en einnig byrjuð að mynda hárkollu.



Safn af heldur tuskulegri hárkollum.

sig ekki og lyktin ekki alltaf góð í byrjun.“

Ha? Ekki varstu virkilega að eitra safnkassann vikulega?

„Nej, nennti því nú ikke. Bara nokkrum sinnum yfir sumarið. Viktigt að hella miklu sjóðandi vatni ofan í kassann. Kannske var tredje dag. Dreppur bakterien, sjáðu til. Lyktin líka mun skárrí og ekki eins mikið insekter. Flýja öll sjóðandi vatnið, eins og við myndum gera.“

Jæja. Þetta samtál var ekki að fara að skila neinu af viti. Ég sagðist þurfa að kaupa mér ný fót, þakkaði spjallið og skelli á. Hann kvaddi að sjálfsögðu með eitt stykki „hæ doo“ ...

### Kattarspor

Eftir allt þetta gafst ég upp, þakkaði fyrir að eiga mér gríðastað og fór rակleit þangað. Hverjum og einum er nefnilega nauðsynlegt að geta haft sinn gríðastað. Hvort sem það er innandyra eða utan, bílskúr eða garður, félagsleg samverustund eða algjör einvera. Í mínu tilfelli er það garður, en sá sameinar marga mikilvæga þætti í mínu lífi. Á miðri leið mætti ég ketti sem ákvað að slást í fôr með mér.

Slíkum félagsskap fagnaði ég mjög. Ég reyndi að spyrja hann bæði til vegar og nafns, en hann uppljóstraði engu. Ég ákvað að reyna ekki frekar. Tel mig veraldarvanan og spotta fljótt ef köttur hefur klárlega skrifað undir þagnareid. Ekki leið þó á löngu þar til kötturinn beygði af leið til að kynna sig fyrir flugu sem hann tók óvænt eftir. Skömmu síðar var ég kominn á gríðastaðinn, svo það kom ekki að sök.

### Bjarminn úr garðinum

Mánuðurinn var desember og garðurinn var kaldur. Reyndar iskaldur og ekki beint fullur af lífi. Það breytir samt engu.

Fuglar í trjánunum, plönturnar ýmist sigrænar eða í dvala, ferska loftið, gæsir nagandi tumblettinn, meira gat ég nú ekki beðið um.

Fáeinir blómstrandi vetrarkrókusar í miðri, sigrænni þekjunni af blóðbergi stóðu gaddfreðir og steinhissa.

Haustlyng og skrautkál skreytti hin ýmsu beð og lyngrósir með sína stóru knúpa héldu í sér andanum og biðu spenntar eftir að fá að blómstra næsta vor. Vetrarsólin varpaði skuggum látinna sumarblóma á vegg, líkt og afturgöngum blómatíðar. Skriðsóleypin, búin að koma sér vel fyrir, sagði með róandi röddu „engar

Ásamt bergfléttu (og vafningsjurtinni skógartoppi) eru bergsóleypur (Clematis) algengustu klifurjurtir á Íslandi. Þær eru nefnilega nokkuð góðar að sjá um sig sjálfar. Sérstaklega þegar kemur að klifri í trjástofnum, girðingum og hinum ýmsu grindum. Svo lengi sem valið er vandað! Jú, staðsetningin þarf að vera nokkuð sólrík og skjólgóð, en tegunda valið skiptir samt allra mestu.

Fjallabergsóleypur (C.alpina) er ansi algeng hér og oftast talin sú harðgerasta. Algengust í fjölbábláum tónum, en einnig til yfir í hvítt og bleikt. Bjarmabergsóleypin gulblómstrandi finnst mér alveg jafn harðgerð og í þökkabót blómstrar hún oftast aftur að hausti. Báðar eru þær smáblómstrandi.

Mikið framboð er stundum af yndisfögurum stórbómstrandi bergsóleypjum í sölu, en þær eru lotterí. Dugar þeim aðeins það besta. Staðir þar sem sólin skín lengi allt sumarið, svo þær geti þá blómstrað að hausti. Ef þær blómstra yfirhöfuð.

Bergsóleypur skal ávallt gróðursetja u.þ.b. einni kókdós dýpra en þær stóðu í potti, jafnvel rúmlega þann. Ræturnar vilja hvorki vera í rennblautum jarðvegi, né þorna upp, svo það er ágætt að passa aðeins upp á rakann, sérstaklega til að byrja með. Nánast sama hvað ætlunin er að rækta héraðsís er þó reglan alltaf sú sama: kynna sér plöntuna, velja eintakið sem og staðsetninguna vel og vona það besta (eins og ég).

áhyggjur, ég passa beðin fyrir þig í vetur“.

Frænka hennar, bjarmabergsóleypin (Clematis tangutica), vafin utan um staura við gamla rólu, var orðin heldur liflaus um laufin en ljómaði þó engu að síður. Gulu, hangandi blómin löngu farin, en eftir sátu fræin. Líkt og hárbúðan hjá annari frænku, holtasóleyp, mynda fræhalarnir fjaðurhærðu eins konar hárlökka. Hvítir, gráir, gisnir, þéttir, stuttir, síðir. Í stað þess að standa beint upp í loft, hanga þessir hvítu lokkar þó oftast niður, jafnvel með ágætis sveip.

Stundum leiðir þetta hugann að finasta nýársballi hjá Félagi eldri borgara. Allir nýþvegnir með dýrasta sjampóinu, djúpnærðir, vel greiddir og léttblásnir. En frá hausti og fram eftir vetri hanga þær þarna, sem hið finasta skraut; silfurgráur hárkollurnar sem biða þess að verða afkvæmi bjarmabergsóleypjarinnar.

Höfundur er plöntunörð.

# Samtök smáframleiðenda matvæla fjögurra ára

Árið 2023 var fjórða starfsár Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og aðildarfélag þess, Beint frá býli (BFB), fagnaði 15 ára afmæli sínu um land allt.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Í SSFM/BFB eru á þriðja hundrað fyrirtæki. Rúmur helmingur á lögbýlum, fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu og fimmtungur í bæjarfélögum hringinn í kringum landið.

## Einföldun regluverks og samræmt eftirlit

Samtökin halda áfram að láta að sér kveða á mörgum sviðum. Lykilverkefnið er að stuðla að einföldun regluverks og samræmingu í eftirliti, hafa áhrif á þróun regluverks með umsögnum og vekja athygli á bákunum með greinaskrifum og aðgerðum í kjölfarið.

Á síðasta ári tókst okkur sem dæmi að koma í veg fyrir gjaldskrárhækkanir MAST (a.m.k. í bili) og ná í gegn reglugerðarbreytingu svo matvælaframleiðendur sem selja forpökkuð matvæli í eigin hagnaðarskyni þurfi ekki að sækja um og greiða fyrir starfsleyfi til heilbrigðiseftirlitsins fyrir hvern matarmarkað sem þeir taka þátt í. Fleiri mál eru í skoðun hjá ráðuneytinu.

## Auka þekkingu og bæta kjör

Fræðsla og gerð verkfæra sem hjálpa félagsmönnum í sínu starfi er einnig lykilverkefni. Grunnur að gæðahandbók, forrit til að reikna næringargildi út frá uppskrift, handbók fyrir smáframleiðendur, fjölbreytt örnámskeið og námskeiðsraðir eins og Matsjain er það helsta sem samtökin hafa staðið fyrir.

Markmiðið er að halda námskeiðsröðina Veganesti á næsta ári sem er hugsuð fyrir þá sem vilja

taka fyrirtækið upp á næsta stig. Örnámskeið vorannar eru m.a. um styrkumsóknaskrif, notkun næringargildisforritsins, hugverk, rafrænar lausnir, viðskiptaskilmála, markaðs- og kynningarmál, verðlagningu og tengslanet.

Að semja um betri kjör til handa félagsmönnum hefur verið mikilvægt áherslumál og hefur afsláttarsamningur við innanlands-svið Eimskip sem dæmi haft mikið að segja fyrir marga félagsmenn, en á þriðja tug aðila veitir nú félagsmönnum sérkjör og sífellt fleiri bætast við.

## Viðburðir og samstarf

Stærsti viðburður síðasta árs var afmælishátíð Beint frá býli í ágúst sem þúsundir sóttu og var haldin í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaganna á sex stöðum á landinu. Sá viðburður verður árviss undir nafninu Beint frá býli dagurinn. Samhliða því var nýr vefur BFB settur í loftið.

Árlegur rafrænn málefnafundur með félagsmönnum verður haldinn 6. febrúar. Þann 7. mars munu SSFM/BFB standa fyrir málþingi og matarmarkaði á Hvanneyri í samstarfi við Lbhl og fleiri. Þann 8. verða aðalfundur, heimsóknir til félagsmanna á svæðinu og árs hátíð á Hótel Hamri.

Við höfum átt gott samstarf við önnur félagsamtök og verið samstarfsaðilar á viðburðum eins og Bragðagarði Slow Food Reykjavík í Grasagarðinum í október og Matarmóti Austfirska krása í nóvember og verðum einnig í ár.

Við munum jafnframt halda okkar góða samstarfi við Samtök iðnaðarins og Matvælaráð áfram, m.a. sem samstarfsaðilar að viðburðum tengdum matvælum.

Við litum á það sem mikla viðurkenningu á okkar starfi þegar fjármunir gamla bakhjarlsins okkar, Landbúnaðarklasans, voru látnir renna til SSFM þegar honum var slitið sl. vor.

## Þróun og fjölga söluleiðum

Enn eitt lykilmarkmiðið er að þróa og fjölga söluleiðum og eigum við því í góðu samstarfi við verslanakeðjur og stórverslanir um land allt sem miðar að því að þær taki markvisst inn í sitt vöruval vörur félagsmanna, vekja athygli á þeim og geri þeim hátt undir höfði. Dæmi um það eru Matarbúr Krónunnar, Heimabyggð Samkaupa, Matarmarkaður íslenskra smáframleiðenda í Hagkaup, Uppspretta Haga og Frumkvöðladagar Fjarðarkaupa. Ómetanlegar eru svo ferðamanna- og sérvörslanir eins og Taste of Iceland í Reykjavík og hringinn í kringum landið sem kynna vörur frumkvöðla fyrir ferðamönnum og íbúum. Síðast en ekki síst að kynna rafrænar sölulausnir enda milliliðalaus viðskipti mikilvæg og vaxandi, bæði í gegnum netið og á matarmörkuðum.

## Gátt inn til smáframleiðenda

Samtökin veita félagsmönnum ráðgjöf og stuðning, miðla gagnlegum upplýsingum og vekja athygli á málefnum sem þá varða. Þau eru einnig gátt inn til smáframleiðenda matvæla sem þýðir að þeir sem þurfa að ná til þeirra geta gert það í gegnum póstlistann og lokaða Facebook-hópinn.

## Landbúnaðarverðlaun og fálkaorða

Félagsmenn samtakanna rökðu til sín verðlaunum á liðnu ári. Hjónin á Erpsstöðum, þau Helga og Þorgrímur, fengu landbúnaðarverðlaunin; formaður BFB, Jóhanna á Háafelli Geitfjarsetri, var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu og Karólína í Hvammshlíð var valin maður ársins á Norðurlandi vestra. Fleiri félagsmenn hafa fengið hin ýmsu verðlaun, viðurkenningar og glæsilegar umfjallanir enda sannir frumkvöðlar og dugnaðarforkar.

Höfundur er framkvæmdastjóri SSFM/BFB.

Sérstær þjónusta að þínum þörfum

**ALLT**  
FASTEIGNASALA




Kristinn Sigurbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.  
Sími: 560-5502  
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.  
Sími: 560-5501  
Netfang: pall@allt.is

## Gólfhitakerfi Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

## Músa- og kakkalakkafælar SEM VIRKA



Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

## Þökkum frábærar viðtökur

# á Xwolf 700



- Bein innspýting,
- 4x4,
- Driflæsing,
- Rafstýri,
- Sjálfskipt CVT

Verð aðeins  
**1690**  
þús m.vsk

**AFLVÉLAR**



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ  
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

## Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



## Andúð á hernaði og stríði

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Jakobínu Sigurðardóttur.

Jakobína (1918–1994) fæddist og ólst upp í Hælavík á Hornströndum. Hún flutti sautján ára gömul að heiman, árið 1935, til Reykjavíkur og hugðist afla sér menntunar en lítið varð úr þeim áformum því fá tækifæri voru fyrir efnalitlar konur á þeim tíma. Einnig vann húnum tíma sem kaupakona í Árnessýslu. Árið 1949 flutti hún norður í Mývatnssveit og hóf búskap í Garði II ásamt manni sínum, Þorgrími Starra Björgvinssyni, til dánardags. Varð þeim fjögurra barna auðið og bæði settu þau sterkan svip á þjóðlífið á sinni tíð.

Eftir Jakobínu liggja fjórar skáldsögur, þrjú smásagnasöfn, ævintýri, kvæðabók og endurminningabók. Hún var tvisvar tilnefnd fyrir Íslands hönd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hlaut ýmsar viðurkenningar aðrar. Bækur Jakobínu hafa verið þýddar og gefnar út á dönsku, sænsku og rússnesku.

Ljóð Jakobínu fela mörg í sér sterkan boðskap um frið og andúð á hernaði og stríði. Þetta eru ýmist snörp pólitísk ádeiluljóð eða undurfögur náttúru ljóð og ættjörðin og mennskan ætíð nálægt: *Drag helskóna af fótum þér; / leys hönd þína af vopninu; / að við megum lífa / að við megum blómstra / í þúsund líðu.*

Ljóðabókin *Kvæði* kom fyrst út árið 1960 og var endurbætt og aukin 1983. Frægasta kvæði Jakobínu á alþjóðavísu er líklega *Vökuró*, sem hér fer á eftir, en Björk Guðmundsdóttir söng ljóðið við lag Jónunnar Viðar á plötunni *Meðúlla* árið 2004.

Ásta Kristín Benediksdóttir íslenskufraeðingur bjó út fróðlegan vef um líf og starf Jakobínu og ber hann nafn hennar: [jakobinasigurardottir.wordpress.com](http://jakobinasigurardottir.wordpress.com).



Jakobína við skrifborðið í Garði þar sem hún skrifaði flestar sínar sögur. Mynd / jakobinasigurardottir.wordpress.com

### Vökuró

Bæring minn,  
bæring minn og þinn  
sefur sæll í kyrrð.  
Fellur mjöll  
hljótt í húmi á jörð.  
Grasið mitt  
grasið mitt og þitt  
geymir mold til vors.

Hjúfrar lind  
leynt við brekkurót,  
vakir eins og við.  
Lífi trú  
kyrrlát kaldavermsl  
augum djúps  
út í himinfirð  
stara stillt um nótt.

Langt í burt  
vakir veröld stór,  
grimmum töfrum tryllt,  
eirðarlaus,  
óttast nótt og dag.  
Augu þín,  
óttalaus og hrein,  
brosa við mér björt.

Vonin mín,  
blessað brosið þitt,  
vekur ljóð úr værd.  
Hvílist jörð  
hljóð í örmum snæs.  
Liljuhvít  
lokar augum blám  
litla stúlkan mín.

*Kvæði, Heimskringla, 1960, bls. 63–4.*



Líf og fjör við æfingarnar á sviði Litla Leikklúbbsins.



### Leiklist:

# Litli leikklúbburinn

Litli leikklúbburinn, sem stofnaður var árið 1965 á Ísafirði, býður nú upp á *Fiðlarann á þakinu* eftir þá félagi Joseph Stein, Jerry Bock og Sheldon Harnick.

Mikill fjöldi stendur að uppsetningunni sem er, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur, unnin í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Koma því bæði leikarar, dansarar, kór og hljómveit við sögu. Uppsetningin er afar metnaðarfull en telur leikhópurinn 27 manns og níu eru í hljómsveit.

Fiðlarinn á þakinu fjallar um líf og siðvenjur gyðinga Austur-Evrópu árið 1905, þá mjólkurpóstinn Tevje – sem leikinn er af Bergþóri Pálssyni – og fjölskyldu hans, sem með aðstoð hjúskaparmiðlara standa í því vanda-

sama verki að gifta dæturnar fimm.

Hjúskaparmiðlari þorpsins gerir sitt besta til að sinna hlutverki sínu en dæturnar hafa aðrar hugmyndir um örlög sín en foreldramir, miðlarinn og samfélagið. Fékk leikfélagið danshöfundinn frábæra, Chantelle Carey, til sín svo allir á sviðinu gangi nú, hoppi og dansi í takt.

„Tónlistarskólinn átti stórafmæli á síðasta ári og í tengslum við það kom sú hugmynd upp að setja á svið stóran og flottan söngleik aftur og Fiðlarinn á þakinu varð fyrir valinu,“ segir Tinna Ólafsdóttir, gjaldkeri félagsins, en þau settu söngleikinn *Söngvaseið* á sviði í fyrra.

„Okkur í leikklúbbum þótti svo bráðnaðsynlegt að nýta krafta Bergþórs, sem er skólastjóri

tónlistarskólans auk þess að vera einn af bestu söngvurum landsins. Við snerum því upp á höndina á honum þar til hann samþykkti að taka að sér aðalhlutverkið.“

Tinna segir Bergþór þó ekki þann eina úr röðum tónlistarskólans, en einn kennaranna, Beáta Jóó, gegnir hlutverki tónlistarstjóra sýningarinnar.

„Hún hefur áður tekið að sér tónlistarstjórn, bæði með okkur og Leikfélagi Menntaskólans á Ísafirði og það er virkilega dýrmætt að njóta leiðsagnar hennar,“ segir Tinna.

Frumskýning *Fiðlarans* á þakinu verður 1. febrúar og sýningar fram að 16. febrúar. Miðaverð er 5.900 kr. fyrir fullorðna og börn 12 ára og yngri greiða 3.500. Miða má kaupa á vefsíðunni [www.litlileik.is](http://www.litlileik.is) /sp

### Leiklist:

# Freyvangsleikhúsið

Freyvangsleikhúsið skellti sér í gerð meistaraverksins *alkunna, Gaukshreiðrið*, í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar og verður frumsýnt 8. febrúar.

Leikverkið segir sögu indíánahöfðingjans Bromden sem hefur verið lengi á geðsjúkrahúsi í Bandaríkjunum. Bromden segir frá komu McMurphy nokkurs á deildina og hvaða áhrif hann hafði á sjúklinga og starfsfólk hælisins. McMurphy hafði séð sér leik á borði og leikið sig geðveikan til þess að losna við fangelsisvist. Hann lendir þar í útistöðum við frú Ratchet sem stjórnar þar öllu hælina með harðri hendi.

Gaukshreiðrið er í raun hrollvekjandi ádeila á kerfið en lýsir á sama tíma einstöku sambandi sjúklinganna og hvernig þeir glíma við harðræði og niðurlægingu yfirvaldsins. Leikverkið inniheldur í senn sorg, gleði, hrylling og illsku svo áhorfendur ættu að búast við að upplifa allan tilfinningaskalann. Verkið lýsir á beinskeyttan hátt aðstæðum og þann uppreisnaranda sem ríkti á 7. áratug síðustu aldar sem og þeirri meðferð sem geðsjúkri bjuggu við og hvernig lítið var á geðsjúkdóma á þessum tímum.

Óvanalega mikil aðsókn var í samlestur fyrstu helgina í desember, en 40 fullorðnar manneskjur mættu á staðinn og ákvað leikstjórnin fyrir vikið að kasta í fleiri hlutverk en áætlað er samkvæmt handriti. (Enda áhugaleikhús fyrir alla.) Fullmannað var einnig í allar stöður listræns teymis og vel það, hvort sem átti við hljóð, sviðsmenn, leikmuni, smíðar o.þ.h. Kom á óvart að lítill áhugi var fyrir buningahönnun, sem endaði í höndum formannsins sjálfs, hennar Jóhönnu, en í samstarfi við sjúkrahúsið og elliheimilið í grenndinni var máluðum bjargað.



Broadway setti á svið *Gaukshreiðrið* þann 12. nóvember 1963 og stóðu sýningar til 25. janúar árið eftir. Þarna eru þau Kirk Douglas og Joan Tetzel í hlutverkum sínum sem McMurphy og Ratchet yfirhjúkrunarkona. Kirk Douglas keypti svo réttinn að biómyndinni og fór stórleikarinn Jack Nicholson með hlutverk McMurphy í biómyndinni sem kom út árið 1975.

Aðalhlutverk eru í höndum Freysteins Sværissnar sem McMurphy og Aðalbjargar Þorólfsdóttur í hlutverki frú Ratchet. Indíánahöfðinginn er Ingólfur Þórsson og helsta grúpa geðsjúklinganna er leikin af því hressilega teymi Helga Þórssyni, Stefáni Guðlaugssyni, Halli Guðjónssyni, Hjálvari Arinbjarnarsyni, Sindri Swan og rúsinan í pylsuendanum er hinn átján ára gamli Svavar Máni Geislason, efnilegur ungur strákur, sem setur nýtt tvíst í geðsjúklingahópinn enda langyngstur.

Ljósamaðurinn Eiríkur Frímánn Arnarson kemur svo frá Hofsósi en hann hefur getið sér gott orð fyrir einstaka hæfileika á sínu sviði.

Eins og áður sagði verður frumsýning þann 16. febrúar, nánar tiltekið klukkan átta, og svo sýnt næstu helgar í framhaldinu, föstudags- og laugardagskvöld klukkan átta. Miðar fást á [Tix.is](http://Tix.is) og í síma 857-5598. /sp

Merkið sem tryggir að þú fáir íslenskt þegar þú velur íslenskt



[www.stadfest.is](http://www.stadfest.is)

# Vagga flugs á Íslandi

Flugsafn Íslands á Akureyrarflugvelli er einstakt safn á landsvísi. Safnið er eina viðurkennda safnið á landinu sem hefur það meginhlutverk að varðveita íslenska flugsögu.

Í safnkosti þess er að finna marga gersemina og eru safngripirnir af ýmsum stærðum og gerðum. Á sýningu þess má m.a. finna stjórnklefa Gullfaxa, fyrstu þotu Íslendinga, DC-3 landgræðsluvélina Pál Sveinsson, björgunarþyrluna TF-SIF sem bjargaði ófáum mannlífum, og sjúkraflugvél Björns Pálssonar, TF-HIS.

Björgunar- og sjúkraflug skipar stóran sess í íslensku flugi. Sett var upp sýning um það flug á síðasta ári en til þess hlaut safnið styrk úr Safnasjóði. Auk TF-HIS og TF-SIF er björgunar- og eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN varðveitt í safninu og á þessu ári mun björgunarþyrlan TF-LIF bætast í safnkost Flugsafnsins.

Á hverju ári eru settar upp sérsýningar og í ár verða þær tvær. Sú fyrri verður sett upp í tilefni af 80 ára afmæli flugfélagsins Loftleiða, en það var stofnað af flugmönnum og frumkvöðlumum Alfred Eliassyni, Kristni Olsen og Sigurði Ólafssyni 10. mars 1944. Sýningin verður unnin í samstarfi við Sögufélag Loftleiða. Seinni sýningin verður tileinkuð þeim merku tímamótum að 100 ár verða liðin frá því að flugvél kom fljúgandi til Íslands í fyrsta sinn. Það var þann 2. ágúst 1924 að hnattflugssveit bandaríska hersins lenti á Hornafirði, á flugvél af gerðinni Douglas World Cruiser.

Flugdagur Flugsafns Íslands er haldinn árlega í samstarfi við flugsamfélagið á Akureyri og Isavia. Leitast er við að kynna almenningi flug í sinni fjölbreyttustu mynd og verður Flugdagurinn haldinn laugardaginn 22. júní í ár. Flugsafnið og Icelandair vinna saman að því að koma hluta af Boeing 757 þotu fyrir á norðurveggs safnsins, og verður um nokkurs konar flugvélavíðbyggingu að ræða, þar sem innangengt verður í flugvélarhlutann og saga Icelandair sögð um borð í þotunni. Unnið er að hönnun og standa vonir til að hægt verði að hefja verkið á vormánuðum en flugvélarhlutanum var ekið norður í lok október sl.



Landgræðsluvélina Pál Sveinsson, eða „Þristurinn“ eins og flugvélina er oft kölluð, er varðveitt í Flugsafni Íslands.



Listflugvélarnar TF-ABJ og TF-TOP á Flugdegi Flugsafnsins 2023. Flugdagurinn verður haldinn laugardaginn 22. júní í ár.

Myndir / Aðsendar



Fjölmargir skólahópar heimsækja Flugsafnið ár hvert.

Í upphafi árs hófu flugvirkjanemar Tækniskólans verknám sitt í safninu. Flugsafnið og Tækniskólinn hafa átt í afar farsælu samstarfi frá árinu 2013 og er árgangurinn sem nú er við nám í safninu sá tíundi í röðinni. Flugvirkjanamið stendur til 1. mars en safnið er sem áður opið á laugardögum kl. 13-16 og eftir samkomulagi. Aðsókn að Flugsafninu hefur farið vaxandi undanfarin ár og heimsóttu 12.500 gestir safnið á síðastliðnu ári.

Sumaropnun Flugsafnsins tekur gildi 15. maí og er safnið þá opið daglega kl. 11-17. Fram að sumaropnun sinna starfsmenn og hollvinir safnsins ýmsum verkefnum, s.s. skráningu, rannsóknum, viðhaldi, uppsetningu sýninga, og móttöku skólahópa og almennra safngesta. Opnunartími safnsins er lengdur í vetrarfríi og páskafríi grunnskólanna og er auglýstur sérstaklega á heimasíðu og samfélagsmiðlum safnsins.

Flugsafn Íslands óskar lesendum Bændablaðsins og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs, og vonast til að sem flest leggi leið sína á safnið á árinu. Verið öll hjartanlega velkomin.

Steinunn María Sveinsdóttir safnstjóri.

## Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur

og löggiltur fasteignasali,

s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

**MITSUBISHI ELECTRIC**  
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

**Varmadætur - Vörukaup ehf**

516-2600  
vorukaup@vorukaup.is

**VK vörukaup**

## Meirapróf Næsta námskeið 18. janúar 2024

Tilboð:

Öll réttindi C + D + CE + B/far

Minni réttindi C1 + C1E

B/far + Harkari

kr. 640,000

kr. 199,000

kr. 150,000



Skráning ovs@ovs.is

Sími: 5881414

Netfang: www.ovs.is

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

### Helluvað 2, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 3. janúar 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Helluvað dags. 27.7.2020. Breytingarnar gera ráð fyrir viðbótarbyggingareit þar sem gert verði ráð fyrir byggingu þriggja gestahúsa allt að 40 m<sup>2</sup> hverju fyrir sig. Aðkoma er af Suðurlandsvegi (1) um Þrúðvang í gegnum Hellu og áfram um aðkomuveg að Helluvaði 2.

Tillagan liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 7. mars 2024.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

**Haraldur Birgir Haraldsson**  
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra



## Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



**WPL**  
Diamond



**IDNVER**

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Vélabásinn:

# Ekki sækja vatnið yfir lækinn

– Prufuakstur á Tesla Model 3

**Ástvaldur Lárusson**  
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu Tesla Model 3 Long Range með fjórhjóladrifi á dögnum. Þessir bílar gengu í gegnum endurnýjun lífdaga í lok síðasta árs með gagngerum breytingum á ytra byrði og útbúnaði.

Stærsta muninn að utan má sjá á framljósunum sem eru orðin mjórri og endurnýjuðum stuðara. Formið á afturljósunum hefur einnig tekið smá breytingum ásamt því sem búið er að fjarlægja merki bílsins af skothleranum. Í staðinn stendur „TESLA“ stórum stöfum. Myndirnar tala sínu máli en flestir hljóta að vera sammála um að hér er um fríðari bifreið að ræða en áður.

Í þessum tiltekna bíl er innréttingin svört og allt sem er hægt að snerta mjúkt og vandað. Nánast enga takka er að finna, en í stýrinu eru tveir hnappar sem er hægt að skruna upp og niður – annar fyrir hljóð og hinn fyrir hraðastilli. Síðan eru rafrænar takkar í stýrinu fyrir stefnuljós, rúðuburrku og aðalljós.

Sætin sjálf eru mjúk og þægileg og með leðurklæðningu. Bæði framsætin eru stillanleg með rafmagni og breytilegum mjóbaksstuðningi með tökkum við hliðina á sætinu.

Ef öikumannssætið er mjög aftarlega og í lágru stöðu er vont að vera aftursætisfarþegi með fætur. Tærnar komast ekki undir framsætin nema þau séu aðeins hækkuð, en þegar það er komið í lag fara aftursætin vel með fullorðin fólk. Þeir allra hávöxnustu reka höfuðið rétt svo í glerþakið, en nánast allur toppurinn er rúða.

## Skjár á pari við iPad

Gæði margmiðlunarskjásins eru á pari við besta iPad-inn, sem er eins gott, því þar gerist allt. Á heimaskjánum er mynd af bílnum og stórt kort með skörpum gervihnattamyndum frá Google. Leiðsögukerfið er létt í notkun og er hægt að láta það skipuleggja hvar og hvenær skuli stinga bílnum í samband á lengri ferðalögum. Billinn getur því verið búinn að hita rafhlöðuna og tekið við rafmagni af fullum krafti strax til að lágmarka hleðslutímann.

Rétt er að nefna Tesla-appið sérstaklega, en með því er hægt að stjórna ýmsum eiginleikum bílsins úr fjarlægð. Það er til dæmis auðvelt að setja miðstöðina í botn áður en maður fer úr húsi. Þá er líka hægt að tengjast myndavélunum til að njósna um ferðir nágrennanna. Stórbrotust er þó hæfni appsins til að láta bílinn framkvæma prumpuhljóð eftir þörfum. Svona eru tækniframfarirnar orðnar miklar á tuttugustu og fyrstu öldinni!

## Hámark einfaldleikans

Ef notandinn er búinn að setja upp Tesla-appið í símann fer billinn sjálfkrafa úr lás þegar gengið er að bílnum. Þegar dynar eru opnaðar og sest er um borð kviknar á skjánum og miðstöðinni. Síðan þarf ökumaðurinn ekki að gera neitt annað en að setja á sig beltíð og ýta á bremsuna, en þá er billinn kominn í gang og búinn að velja sjálfkrafa víðeigandi gír.

Við upphaf ökuferðarinnar nema skynjarar hvort það sé fyrirstaða fyrir framan, en þá er sjálfkrafa valinn bakkigir og svo öfugt sé hindrun aftan



Tesla Model 3 hefur verið endurnýjaður með breyttu útliti, öflugri hljóðeinangrun og mýkri fjöðrun. Hinar miklu vinsældir Tesla eru auðskiljanlegar, enda afbragðsgóðir bílar á samkeppnishæfu verði.

Myndir / AL



Að aftan eru breytingarnar smávægilegar en aðlaðandi.



Erfitt er að finna mínimalískari innréttingu. Ekki einu sinni stangirnar fyrir stefnuljósinn hafa haldið sér.

við bílinn. Engin stöng eða takki er til að skipta á milli gíra, heldur er sett í D, R og P í gegnum valmynd sem er alltaf uppi á skjánum.

Akstursaðstoðin í Tesla er ein af þeim bestu sem standa til boða. Ökumaðurinn smellir tvisvar á takka í stýrinu og billinn fer inn í miðja akreinina, velur sjálfur hámarkshraðann sem er hverju sinni og heldur hæfilegri fjarlægð frá næsta bíl. Þó er rétt að nefna að í örfáum tilfellum virtist billinn ekki hafa hugmynd um hámarkshraðann og var ekki hægt að skrúfa upp í hraðastillingum, heldur var nauðsynlegt að aka handvirkt á þeim kafla.

## Snjórinn truflar ekki

Þó að ekið sé á illa merktum þjóðvegi með snjóþekju yfir hvítu línunum þá heldur hann sér á miðri akrein, sem er alls ekki sjálfgefinn eiginleiki í nýjum bílum. Ökumaðurinn getur því notið útsýnisins á ferðalaginu í staðinn fyrir að vera stanslaust með augun límd á veginum.

Sjálfvirkni margra bíla er oft hálf-takmörkuð og krefst stanslausrar aðstoðar frá ökumanninum. Í þessum bíl er það hins vegar þannig að hann virðist skynja hugsanir manns og er akstursaðstoðin aldrei yfirþyrmandi. Hér hefur fundist gott jafnvægi milli akstursupplifunar og sjálfvirkni.

Mótorinn er fánarlega kraftmikill og getur hreinlega verið óþægilegt fyrir farþegana að finna iðrin



Aftursætin eru býsna góð svo lengi sem framsætin eru ekki í neðstu stöðu.



Nytsemi skottsins takmarkast nokkuð vegna lítills hlera.

þrýstast að bakinu þegar inngjöfin er sett í botn. Þó svo að malbikið sé blautt og kalt þá ná dekkinn mjög góðu gripi þegar þeyst er af stað.

Það sem skilur þennan bíl mest að frá hinum eldri er að hljóðeinangrunin er orðin meiri og er tvöfalt gler í rúðum. Þá hefur fjöðrunin verið endurbætt og fann blaðamaður aldrei fyrir því að þessi bíll væri hastur, þó hann tæki heldur ekkert sérstaklega eftir því að hann væri áberandi mjúkur.

## Stefnuljósinn hugarleikfimi

Þótt þessi bíll sé að flestu leyti algjört afbragð þá er rétt að nefna örfáa galla. Í fyrsta lagi er lágt undir hann og þarf að gæta varúðar þegar ekið er yfir háar bungur, sérstaklega ef

margir farþegar eru í bílnum. Sætin eru jafnframt mjög neðarlega sem gerir aðgengið erfitt fyrir suma. Billinn er með býsna stórt skott en nytsemi þess takmarkast umtalsvert þar sem skothlerinn er frekar lítill. Því getur verið erfitt að troða inn stórum hlutum eða teygja sig í farangur sem er innarlega. Undir húddinu er nytssamleg hirsra.

Þá er ekki hægt að sleppa því að nefna stefnuljósinn, en í anda hins alltumlykjandi mínimalisma er engin hefðbundin stöng. Í staðinn eru komnir tveir takkar í stýrið og er það gífurleg hugarleikfimi að beita þeim, sérstaklega þegar maður er inni í miðju hringtorgi þegar takkarnir eru komnir akkúrat hinum megin og ökumaðurinn þarf að rifja upp hvor er fyrir ofan og hvor fyrir neðan.

## Að lokum

Eftir þennan prufuakstur skilur undirritaður vinsældirnar á Tesla fullkomlega, en þessi bíll toppar alla sína nánustu samkeppni í gæðum.

Verðið er ekki eins aðlaðandi eftir að stjórnvöld hækkuðu álögur á rafmagnsbíla, en það sama má segja um alla þá bíla sem þessi keppir við. Þeir sem ætla að fá sér nýjan rafmagnsbíl þurfa að hafa mjög góð rök fyrir því að kaupa eitthvað annað en Tesla Model 3.

Þegar þetta er ritað kostar Tesla Model 3 Long Range Dual Motor með Stealth Grey lakki 9.157.388 krónur með vsk. Ödýrasti fjórhjóladrifni billinn er á 8.859.788 krónur með vsk.



Bærinn Ósabakki ehf. er staðsettur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Unnið hefur verið markvisst að því að bæta uppeldið og telur Ísak ungar kvígur koma sterkar inn. Kynjahlutfall kálfanna hefur verið tiltölulega jafnt og endurnýjun því mjög hröð síðustu árin.



Parið Ísak og Sóley Erna á góðri stund.

Bóndinn:

# Horfir fram á veginn

Ísak Jökulsson bóndi rekur búið Ósabakka ehf. í samvinnu við föður sinn, Jökull Helgason, auk þess að vera í stjórn Samtaka ungra bænda (SUB). Ísak kom inn í búskapinn árið 2020 en var þá að klára nám við Lbhí í búvísindum og búfræði.

## Býli og staðsetning

Bærinn heitir Ósabakki 1 og 2. Búið er rekið núna sem Ósabakki ehf. og er staðsett í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

## Ábúendur?

Bændurnir eru ég (Ísak Jökulsson) og hann pabbi minn, Jökull Helgason. En hér búa líka kærastan hans pabba, Ragnheiður Jónasdóttir, og dóttir hennar, Álfheiður Þóra. Kærastan mín, Sóley Erna Sigurgeirsdóttir, sem er að læra dýralækningar í Slóvakíu, og bróðir minn, Logi Jökulsson, sem er að læra búvísindi á Hvanneyri. Það stendur til að ég og Logi munum taka við búskap hér í sameiningu þegar fram líða stundir. Hér búa einnig þrír kettir og fjórar tíkur.

## Gerð bús, stærð jarðar og fjöldi búfjár?

Á bœnum er stunduð mjólkur- og nautakjötsframleiðsla með um 50 +/- mjólkandi árskýr. Við höfum eins og er um 330.000 lítra framleiðslurétt. Ég el einnig flesta nautkálfa til kjötfraðslu. Við erum við með um 300 hausa fjár á vetrarfóðrun með gemlingum og hrútum og um 30-40 hross. Ræktunin telur um 130 hektarar. Á Ósabakka sjálfum eru um 80 hektarar ræktaðir og svo um aðrir 80 sem hægt væri að rækta upp með góðu móti. Við heyjum tún á nágrennabæ sem heitir Álfstaðir og þar eru um 50 hektarar af eldri túnunum.

## Hvers vegna velur þú þessa búgrein og dæmi um bústörf?

Ég kom inn í búskapinn árið 2020 en var þá að klára nám við Lbhí í búvísindum og búfræði. Ég hef að mestu tekið við daglegum rekstri og störfum við nautgripina en pabbi mjólkur með mér enn þá. Við mjólkum enn í mjaltargryfju með 2x6 SAC mjaltarvélum og gengur enn þá sæmilega. Auðvitað viljum við fá okkur mjaltarþjón en það þarf aðeins að undirbúa það og fjármagna aðra hluti fyrst áður en farið verður í það. Kannski á næsta eða þarnæsta ári hendum við upp svoleiðis græju í gamla fjósið. Hins vegar er draumurinn að geta byggt nýtt fjós bráðlega til að gera vinnuádstöðuna þægilegri og bæta aðbúnað gripa sem leiðir af sér meiri afköst og hagkvæmari framleiðslu.

## Hverjar eru áskoranirnar?

Áskoranir eru í raun algjörlega fjárhagslegar. Okkur

skortir þolinmótt fjármagn til að eðlileg kynslóðaskipti geti orðið og til uppbyggingar á tækjum og húsum. Framleiðslan sem slík gengur ágætlega og meðalnytin fer hækkandi en hún var árið 2023 um 6700 l á hverja ársku í mjólkurframleiðslu og á uppleið. Það vantar upp á mjólkurfítuna en hún er að meðaltali 3,95 fyrir 2023 en er einnig á uppleið. Fituskorturinn skýrist mögulega á því að hjörðin er mjög ung.

Ég hef verið markvisst að bæta uppeldið og ungar kvígur eru því að koma sterkar inn. Einnig hef ég verið heppinn með kynjahlutfall kálfa og því er endurnýjun mjög hröð síðustu árin. Prótein í mjólkinni um 3,28. Í sauðfjárræktinni er árangurinn hjá pabba mjög góður og er að ná um meðaltal fallþunga 20 kg/lamb og gerðin 11,7 árið 2023.

Einnig hefur pabbi verið mikið í því að rækta fé af öllum horna- og lítaafbrigðum. Ungnautin ná um 270 kg meðalfalli og meðalaldur slátrunar er um 19 mánuðir.

Stefnan hjá mér fyrir þetta ár er að ná allavega 7000 l meðalnyt árið 2024 og pabbi stefnir á að ná allavega 20 í gerð lambanna. En það er svo margt sem getur komið upp á að það er kannski ekki hollt að setja of mikla pressu á sig í þessu samhengi.

## Hvernig væri hægt að gera búskapinn hagkvæmari?

Framtíðarplönin eru allavega þau að koma upp nýju almennilegu og tæknivæddu fjósi sem fyrst. Auka almenna jarðrækt (þá endurrækta tún örur og auka ræktun á grænifóðri, heilsæði og ertum) og auka kornræktina. En aðaláskorunin við kornræktina er að koma sér upp hagkvæmari lausn til að gefa kúnum það markvisst.

EKKI er beint aðstaða í gamla fjósinu til að hafa blandara inni og hugsa því að það þurfi að biða nýbyggingar. En ég hef verið að rækta um 6 hektara síðustu tvö árin af byggi í nautin og ætla að auka það í um 10 hektara á þessu ári. Svo langar mig rosalega að fara að planta skjólbeltum á stórum skala en kindurnar gera það aðeins flóknara og dýrara að þurfa að girða öll beltin af. Verðum því líkega að byrja smátt.

## Hvernig sérðu landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?

Ég er í stjórn Samtaka ungra bænda (SUB) og hef því tekið þátt í hagsmunabaráttu bænda og mun gera enn. Ég vona innilega að stjórnvöld og samfélagið sem heild muni sjá hag sinn í því að styðja við innlenda framleiðslu og styrkja til framtíðar. Þýðir ekkert annað en að vera bjartsýnn, annars myndi ég ekki nenna þessu braski!

Instagram-síða: „Ísak Jökulsson“

Fylgist með lífi og starfi fjölskyldunnar á Ósabakka á Instagram-síðu Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.

Mikið úrval af flottum bolum

Verð: 1.736 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

Vefverslun: Khvinnufot.is

KH VINNUFÓT

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

**BETRA FÝRIR ÞIG, VÉLINA ÞÍNA OG NÁTTÚRUNA**

Hreinna eldsneyti 0% etanól

ASPEN 4

5L

Finndu þinn söluaðila á [www.aspenfuels.is](http://www.aspenfuels.is)

ASPEN FUEL FOR PROFESSIONALS

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind  
Yleiningar  
PIR  
Steinull

Strúktúr ehf | [www.strukturur.is](http://www.strukturur.is) | [strukturur@strukturur.is](mailto:strukturur@strukturur.is)

Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**Vélaskólinn**

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

[www.velaskolinn.is](http://www.velaskolinn.is)

Matarhornið:

# Boli & brokkólí

Haraldur Jónsson  
haradlur@gmail.com



Nautakjöt og brokkólí er klassískur asísk-amerískur réttur sem á sennilega ættir sínar að rekja til þess þegar fólk frá Asíu fann ekki réttu hráefnin í nýja heiminum.

Hefðbundin aðferð við að elda rétti úr þessari átt er að nota engifer og hvítlauksgrunn og steikja allt hráefnið við svakalega háan hita á wokpönnu. En þar sem wokpanna hússins er með teflonhúð sem þolir ekki neitt sérlega háan hita og aðallega notuð til að poppa, varð 12° pottjárnspanna sem þolir allt nema sápuvatn fyrir valinu.

En byrjum á byrjuninni. Kjötíð; rib-eye steik, keypt útrunnin á tilbóði fyrir jólin og ætluð í samloku. En þar sem ekki alla heimilisfasta langaði í samloku dagaði ein steik uppi. Við erum fjögur í fjölskyldu og til að ein steik metti alla kom fátt annað til greina en að elda brokkolíbola.

## Aðferðin

Nautakjötíð er skorið í sémilega þunnar ræmur. Vöðvaþræðirnir í rifjarauga liggja þannig að það er nánast hægt að skera það hvernig sem er og útkoman verður alltaf lungamjúk. Það eru töfrarnir við þann bita. Aðrir bitar og ódýrari eru til dæmis flanksteik. Hana þarf að passa að skera þvert á vöðvaþræðina.

Nautaræmunum er svo velt upp úr hálfri teskeið eða svo af matarsóða og smá saltklípu. Sódinn brýtur kjötíð niður og minnkar þannig



Mynd / Hari

líkurnar á að það verði seigt. Á meðan kjötíð tekur sig er grænmetið undirbúið.

Þar sem ég hef létt óþol fyrir engifer skipti ég því út fyrir sellerírot. Skar hana ásamt gulrót í netta bita, saxaði tvö hvítlauksrif og setti til hliðar.

Í svona rétt er gott að hver biti passi á gaffal þannig að ég skar brokkólíð niður í litla bita. Best að skera í stilkinn og rífa svo upp þannig að allar kúlurnar haldist á.

Stilkana skar ég svo í litlar skífur. Þeir eru ljúffengir. Ekki henda þeim.

Það má sleppa því að forsjóða brokkólíð en það er betra að skutla því í örlitla stund í sjóðandi léttsaltuð vatn. Sigta brokkólíð svo frá og skola með köldu vatni.

Þá er það sósan. Hún samanstendur af tveimur teskeiðum af kornsterkju hrærðu út í sirka 20 ml af köldu vatni. Út í þá blöndu fer svo góð matskeið af teriyakisósu, sama magn af þúrtvíni, teskeið af

hverju worcestershiresósu, kjótkrafti og svörtum pipar.

Ástæðan fyrir þessum óhefðbundna kokteíl af sósum er að ég átti ekki ostrusósu sem er hefðbundari en teriyaki. Svo átti ég ekki sojasósu þannig að ég notaði worcesterinn. Þúrtarinn smellpassar svo þarna inn en mætti skipta út fyrir hvítvín, rauðvín, sérrí, bjór eða það sem er hefðbundnara, sett ásíkt matarvín. Um að gera að aðlaga réttinn að því sem er til.

Þarf bara að vera í jafnvægi sætu, sýru og salts.

## Háhitasvæði

Þá er bara að hita pönnuna eins hátt og stærsta hella hússins býður. Munum þó að ef eina pannan sem til er er með teflonhúð þá er betra að hita hana bara að þölmörkum þeirrar ágætu húðar.

Nautakjötíð fer út á í tveimur skömmtum. Steikja í rúma mínútu eða þangað til bitarnir hafa tekið smá lit. Flippa nautinu og fá smá steikingu á seinni hliðinni líka. Ekki ofsteikja. Taka svo til hliðar og steikja grænmetið.

Atvinnumenn í fræðunum byrja á hvítlauknum (og engiferinu) en ég er áhugamaður þannig að ég enda á þeim hvíta. Ef ég hefði munað að saxa niður smá lauk eða vorlauk hefði ég byrjað þar en þar sem ég gleymdi því fóru gulræturnar og sellerírotin fyrst á pönnuna. Eftir nokkrar sekúndur fór svo allt brokkólíð. Þessu velti ég um pönnuna þangað til endarnir á brokkólíinu byrja að taka lit og unglungur í sófa kvartar undan steikarilminum. Þá geri ég litla holu í miðjuna á pönnunni og set nokkra dropa af matarolíu sem ég metta svo með saxaða hvítlauknum. Þegar hann byrjar að ilma fer nautakjötíð aftur út í. Þessu er velt saman nokkrar sekúndur áður en sósan fer saman við. Hún þykkar um leið út af maismjölinu. Þegar allt er heitt og klístrað er herlegheitunum skúbbað upp á fat og borið fram með hrísgrjónum.

Ef það eru miklar skófir í botninum er um að gera að veiða þær upp með smá slettlu af þúrtara eða vatni og blanda saman við réttinn. Munar um hvern dropa af sósu.

## KROSSGÁTA Bændablaðsins

212

TAPA	PLOKKA ÚTILOKAÐ	DANS	MEN	SPOTTA	GEYMSLA SLYNGUR
DRYKKUR					
FJÖRGAST			GRETTA		ÖGN
			SÖNG- RÖDD		
MÁLHELDI			ROTNA		
RÁN		KLÁR			DRALLA
DUND		PURR- AUSINN			
	KLINGDI			GANGFÆR	ÁTT
	ÉIPA				FUGL
		TAUG			
		TÆTT	RUSL		BÁTUR
SKÁLMA				NÆGILEGT	
LÉLEGGUR		EINÓMUR		VENJUR	
FLÆMI			RÍKI Í AFRÍKU		
ÞVAÐUR		TAUMUR	AURASÁL		
			TRUFLUN		
		OFFUR		SEPPA	
		MÁLI			
	INNVOLS		PORA		BREKKA
	AD ENDUR- BÆTA		MIKIL		
ÓLAG			FANGI		KALLORD
SAMTÍMIS			TUNNU		LÍFS- HLAUP
				DANS	
		RIMMA		TVÍHLJÓÐI	
SLINGUR		RÖKKUR			ARMÆÐA
HRÆRINGUR					HÆGT

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði

211

SEFA	ÓFAM	TINABILS	NAFN	LEIKTÆKI	RIFTA	LOKADUR	ÁLPAST	STRÁL- INGI
SKRÍN	S	M	Á	H	I	R	S	L
YARNING	V	Ö	R	U	GEY- VONSKA	Ö	L	L
GALSI	Æ	R	S	L	ÁPEKKAR	L	I	K
I RÖD	F	G	SEINLETI	D	R	A	T	T
ATAD	F	G	GÆLUNAFN	D	R	A	T	T
↓	TUD	KASSA	ÓTTIST	M	A	U	K	Ö
VAKA	G	R	Ó	A	RÍKI Í EVROPU HETTA	M	A	L
KEPPA	L	E	I	K	A	BELGJAST	T	Ú
I RÖD	Y	X	POLDI	A	F	B	A	R
	S	E	EIFIND	ED	L	I	HRÆDIR	ÓTSKOTI
NAFN	M	Á	R	Á	S	Ó	K	N
RASK	U	M	R	Ó	T	GRÁTT	S	K
KENST	N	Æ	EFLA	M	A	G	N	A
LÉLEGA	I	L	L	A	FJÓTRA	H	A	F
SMÁ- MJAKA	R	I	K	K	A	FUGL	R	A
								U
								Ð
								Ö
								N
								D

www.bbl.is



Hannyrðir:

# Yrja vettlingar

**EFNI:** 75g Hörpugull og sauðalitaður þingborgarlopi – undið tvöfalt  
**PRJÓNAR:** Sokkaprjónar nr. 4 mm. og 4,5 mm.  
**PRJÓNAFESTA:** 10 cm. = 17 lykkjur  
**STÆRÐ:** M

**VINSTRI VETTLINGUR:**

Fitjað upp 32 lykkjur á prjóna nr. 4.  
 Lykkjunum skipt jafnt á 4 prjóna og prjónað í hring stroff; 1 slétt, 1 brugðið (eða 2 slétt, 2 brugðið) alls 15 umf.  
 Skipt yfir á prjóna nr.4,5 og aukið út um 4 lykkjur, þá eru 9 lykkjur á hverjum prjóni (36 l.). Prjónað slétt 5 cm.  
 Þá eru 6 síðustu lykkjurnar á prjóni tvö prjónaðar með aukabandi fyrir þumal. Lykkjurnar settar aftur á prjóninn og prjónað áfram 12 cm. eftir þumal og að úrtöku.

**ÚRTAKA:**

- prjónn: Prjónað fyrstu lykkjuna slétt, næsta tekin af óprjónuð yfir á hægri prjóninn, prjónað næstu lykkju slétt, óprjónuðu lykkjunni steipt yfir þá lykkju, prjónað prjón á enda.
- prjónn: Prjónað þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, prjónað 2 lykkjur saman sem eina, prjónað síðustu lykkjuna slétt.
- prjónn: prjónað eins og 1. prjónn.
- prjónn: prjónað eins og 2. prjónn.

Prjónað 1 umferð án úrtöku. Síðan tekið úr og úrtakan endurtekin í hverri umferð þar til eftir eru 2 lykkjur á hverjum prjóni; 8 lykkjur alls.  
 Slitið frá og endinn dreginn í gegnum lykkjurnar.

**ÞUMALL:**

Aukaband fyrir þumal tekið úr og aukið út í hvorri vik svo að lykkjurnar séu 14 samtals.  
 Lykkjunum skipt niður á þrjá prjóna nr. 4,5 og prjónaðar 15 umf., tekið úr eins og á vettling.

**HÆGRI VETTLINGUR:**

Prjónaður eins og sá vinstri en nú eru lykkjur fyrir þumal 6 fyrstu lykkjurnar á prjóni þrjú.

**FRÁGANGUR:**

Gengið frá endum og vettlingar handþvegnir með volgu og mildu sápuvatni.

**HÖNNUN:** Harpa Ólafsdóttir, horpugull@gmail.com







**Pingborg**  
 s. 846 9287, 482 1027  
 www.thingborg.is  
 facebook/thingborgull

Ullarverslunin Pingborg selur hágæða lopa úr sérvallinni lambsull í sauðalitum. Hörpugull er handlitaður lopi í ýmsum litatönnum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í vettlingana sem uppskrifin er að hér á síðunni fæst í Pingborg, póstsendum bæði innanlands og utan. Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Pingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga kl. 10:00-17:00.



## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

		2			3	5	9	1
5	1				7	2	3	
9				5	1		7	
6	9		5	1				3
1		3				4		2
			6	4	9			5
	6		7				2	
2			8			3	5	
	8	9	1		6			

Miðlungs

7			5	2				
		6	3	9				
4						7		
5	4							
1					3	2		5
	9	2				8	1	
					9		5	3
			2				6	
			8	3				7

Þung

								1
	9	1		4	7			5
6							7	
3				9		2		6
		5				3		
9	1				8			
	4			2				
			7			9		8
				4		6		

Þyngst

7		6	2					
				6	3			
	8			4				
		2		9		7		4
	6			8		3		
				5				1
1					9		2	
4							1	
					5			9

## Erfingjar landsins: Framtíðarbóndi, hestakona og kennari

**Hún Viktoría Rós** hefur gaman af að horfa á hina sigildu Mary Poppins, borða pasta og pylsur auk þess að klappa hestum nágrannans svo eitthvað sé nefnt.

**Nafn:** Viktoría Rós Pierresdóttir.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Meyja.

**Búseta:** Sjónarhóll í Ásahreppi.

**Skóli:** Laugalandsskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Íslenska og textílmennt.

**Áhugamál:** Föndur, hestar og bakstur.

**Tómstundaiðkun:** Mála og klappa hestum frá nágrannanum.

**Uppáhaldsdýr:** Hestar og kanínur.

**Uppáhaldsmatur:** Pasta og pylsur.

**Uppáhaldslag:** Krumla með Iceguys.

**Uppáhaldslitur:** Gulur.

**Uppáhaldsmynd:** Mary Poppins, The Sound of Music.

**Fyrsta minning:** Þegar ég var búin í baði og fékk mér rúsinur og horfði á barnatímann.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Að fara til Frakklands og fara á hestbaki niður að Rangá með ömmu og afa.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Mig langar að verða bóndi, hestakona og kennari.



Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með! [sigrunpeturs@bondi.is](mailto:sigrunpeturs@bondi.is)

## Stjörnuþá

Vatnsberinn er hress og kátur á nýju ári enda eru honum að opnast fleiri dyr en hann átti von á. Allt sem hefur haldið aftur af honum þarf hann nú að horfa á í nýju ljósi, endurmeta stöðuna og setja stefnuna hátt. Hapattölur: 15, 22, 8.

Fisknum gengur illa að fá sínu framgengt og nokkuð er um misskilning á milli fólks. Þrálát veikindi eru í kortunum sem lagast þegar hann hefur greitt úr sínum málum, enda helst andleg og líkamleg líðan í hendur. Hapattölur: 13, 15, 78.

Hrúturinn á nýju ári skiptist í tvo flokka. Þá kraftmiklu sem sjá ekki annað í stöðunni en að sóla sig og hina sem eiga erfitt með að dragnast upp úr þunga vetrarins. Leggur þetta línurnar fyrir árið og því um að gera að hressa sig við. Hapattölur: 1, 3, 31.

Nautið má, eftir erfiðan vetur, nú njóta lífsins á nýju ári. Hamingjan er því hliðholl og nautið má ekki efast um að það sé varanlegra ástand en áður. Opna svo fyrir jákvæðar upplifanir eins og enginn sé morgundagurinn. Hapattölur: 8, 12, 24.

Tvíburarnir eru rólegir í tíðinni en þurfa að gæta þess að sökkva ekki niður í leti. Gönguferðir og önnur líkamsrækt utandyra er þeim nauðsynleg þessa dagana og gott er að hugsa sig tvisvar um er kemur að mataræðinu. Hapattölur: 15, 32, 67.

Krabbinn er aðeins tvístígandi um framgang þeirra mála sem hann kemur að. Á hann að taka skrefið eða ekki? Réttu svarið finnst einungis innra með honum, en reyndar, hver sem ákvörðunin er, verður niðurstaðan að endingu sú sama. Hapattölur: 13, 16, 88.

Ljónið er í nokkurri sjálfsvinnu. Hvað vill hann, hvert stefnir hann og hverja vill hann hafa í kringum sig? Lauslegar ákvarðanir þyrfti hann að skrifa niður, festa þær skynsamlegustu og standa við ákvarðanir sínar. Hapattölur: 45, 27, 6.

Meyjan tók ákvörðun á síðasta ári sem hefur mikil og jákvæð áhrif á líf hennar. Gangur þess máls er meyjuni enn til bóta og verður svo áfram ef hún heldur sínu striki. Sjálfstraust og bjartir dagar eru í forgrunni. Hapattölur: 31, 6, 16.

Vogin er í rólegheitunum að leggja línurnar fyrir komandi ár. Vinskapur verður styrkari og tilfinningasambönd að sama skapi. Vogin þarf að passa vel upp á svefn og nýta frítíma sinn sér í hag til þess að vera í jafnvægi, bæði andlega og líkamlega. Hapattölur: 8, 17, 29.

Sporðdrekkinn fór eitthvað öfugur inn í nýtt ár, en gerir sér ekki endilega grein fyrir hver orsök er. Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja niður á blað hvað fór miður á síðasta ári og hvað má bæta. Hapattölur: 15, 48, 52.

Bogmaðurinn hefur sjaldan eða aldrei átt eins auðvelt með tjáskipti og ætti að nota þann nýfundna styrk til þess að koma sjálfum sér á framfæri. Atvinnutilboð eru í kortunum og ætti bogmaðurinn ekki að veigra sér við að taka afskarið ef vel ber undir. Hapattölur: 3, 84, 1.

Steingeitin hefur síðastliðna mánuði velt fyrir sér hvers vegna heimurinn er henni ekki hliðhollur þegar hún gerir allt rétt. Það má kannski reyna að horfa á erfið málefni frá hliðum annarra og taka skynsamlegar ákvarðanir í kjölfarið þó þungar séu. Hapattölur: 16, 13, 68.



Rákönd er ekki íslenskur varpflug heldur flækist hingað nokkuð reglulega frá Norður-Ameríku. Hún er nauðalík evrópsku (íslensku) frænku sinni sem heitir urtönd. Mest áberandi og auðveldasta leiðin til að greina þær í sundur er þessi lóðréttá hvíta rák á hliðinni sem hún dregur nafnið sitt af. Fyrir utan þessa hvíta rák getur reyntst kreifjandi að greina þær í sundur í fjarska og þarf nánari skoðun. Þrátt fyrir að vera svona líkar og jafnstórar þá teljast ráköndur og urtöndur vera hvor sín tegundin. Urtönd, sem við þekkjum svo vel, er minnsta önd Evrópu og rákönd minnsta önd Norður-Ameríku. Rákönd er buslönd og er fæða og kjörlendi hennar svipuð og hjá öðrum buslöndum. Þær kafa til háls með því að hvolfa haus, háls og hálfum búknum ofan í vatnið en stélið stendur beint upp í loftið. Þannig leita þær að æti undir yfirborðinu, sem er m.a. fræ, plöntur, mýrlur o.fl. Þær eru hraðfleygar og hefja sig bratt til flugs.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

## Tíska:

# Umhverfisvænn hárlitur

Hárlitun hefur í aldanna rás verið fastur punktur í sögunni, haft mikil menningarleg áhrif, áhrif á tiskustrauma, samfélagsleg viðmið og persónulega tjáningu. Hárlitur hefur verið notaður sem uppreisn, leið til að passa inn í eða einfaldlega sem tjáning hvers og eins.

A meðan okkur flestum þykir eftirsóknarverðast að vera með sem náttúrulegastan hárlit erum við kannski færri sem veltum fyrir okkur hvaða skaðlegu áhrif hárlitun hefur. Einhverjir hrúkku í kút fyrir nokkrum árum þegar í ljós kom að efni í slíkum litum gætu ýtt undir aukningu krabbameinsfrumna, en rannsóknir National Institute of Environmental Health Sciences sýndu að í þeim finnst fjöldi efna sem valda hormónatrufnunum auk þess að geta haft áhrif á myndun krabbameins. Þar má m.a. nefna þalöt, paraben, sýklósiloxan og ýmsa málma sem eru á lista Umhverfisstofnunar vegna slæmra áhrifa þeirra á heilsuna, auk þess að vera áhætta fyrir umhverfið.

### Upphaf hárlitunar

Hárlitur til forna - fyrir þúsundum ára - innihélt vissulega náttúrulegri innihaldsefni en almennt eru í dag.

Má þar nefna henna, indigó og saffran sem voru notuð til að lita bæði hár og reyndar húð. Voru Egyptar hrifnastir af að lita hár sitt svart eða rautt með henna, Grikkir og Rómverjar blönduðu blýi og brennisteinsdufti fyrir sinn hárlit á meðan Kínverjar til forna notuðust við blöndu af svörtu bleki og okkur til að lita hárið. (Okkur, úr grísku, er náttúrulegt leirlitaduft sem inniheldur járnnoxíð, er gulbrúnt á lit og er með elstu litarefnum sem mannkyn hefur notað. Til eru fleiri litaafbrigði okkurs, meðal annars rautt og brúnt.)

Innfæddir Bandaríkjamenn nýttu aftur á móti margs konar plöntur og



Ætli þessi herramaður liti hár sitt með rauðrófum?



Fyrirtæki L'Oréal framleiddi fyrsta tilbúna hárlitinn árið 1907 undir nafninu Auréole, eða geislabaugur.

steinefni til að búa til náttúrulegan hárlit, með litum allt frá rauðu yfir í brúnt til svarts.

Þessar fyrstu aðferðir snerust sem sé ekki aðeins um fagurfræði heldur þjónaði einnig menningarlegum og trúarlegum tilgangi.

### Þróun litunaraðferða gegnum aldirnar

Þróun hárlitunar á miðöldum varð nokkur með aðstoð áls, brennisteins og hunangs sem mynduðu ljósari hárliti. Ítalskar konur endurreisnar-tímabilsins notuðu þessa sömu blöndu, auk kalks, til að bleikja hárið og sátu marga klukkutíma í sólinni til að fá gylltan ljósan lit. Þetta ferli var ekki aðeins tímafrekt heldur einnig skaðlegt fyrir hárið og gat leitt til húðertingar og jafnvel heilsufarsvandamála. En fólk setti það ekkert sérstaklega fyrir sig.

Jæja, iðnyltingin leiddi af sér verulegar framfarir í vísindum og tækni, sem urðu til þróunar á tilbúnum hárlitum. Efnafræðin tók völdin og árið 1907 bjó franskur efnafræðingurinn Eugène Schueller til fyrsta tilbúna hárlitinn sem hann kallaði „Auréole“, eða geislabaug. Hann lét ekki þar við sitja heldur stofnaði fyrirtækið L'Oréal árið 1909, sem margir þekkjast í dag.

Á 20. öld urðu aftur miklar framfarir í hárlitunartækni með þróun nýrra formúla og aðferða en að sama skapi kom í ljós hættan sem efnasamsetningar geta valdið.

Var fyrsta skjalfesta eitrun vegna hárlitunar árið 1924, þá við notkun svarts hárlitar sem innhélt efnið PPD. (Paraphenylenediamine, sem í dag er enn algengt innihaldsefni í varanlegum dökkum hárlit.)

### Slæmt fyrir umhverfið

Eins og nærri má geta innihalda flestir hárlitir efnafræðilega blöndu sem hefur slæm áhrif á lífríkið þegar þeim hefur verið skolað niður um niðurfallið.

Má þar nefna ammoníak, sem veldur skaða, jafnvel í litlum styrk. Ammoníak er stór þáttur í flestum litablöndum sem festir, auk blýs, bensens og tólúen sem öll eru skaðleg lífríki sjávar. Auk fleiri efna er þar áður nefnt PPD einnig á lista, en það gefur hárinu m.a. náttúrulegra útlit. Það er því frekar kaldhæðnislegt að hugsa til þess hve neikvæð áhrif efnið getur haft á erfðaeefni allra lífvera.

Vistvænir hárlitir eru taldir heilbrigðari kostur en þó þarf að gæta að innihaldi þeirra. Svokallað svart henna getur til dæmis einnig

innihaldið PPD og sumar litablöndur, þó gerðar séu úr grænmeti, geta verið blandaðar vetnisperíoxíði svo liturinn haldist lengur.

Heimalitun með grænmeti vekur þó ef til vill forvitni einhverra og má gera tilraunir með sítrónu, gulrót eða rauðrófusafa, kaffi, kamillutei eða túrmerik. Þetta getur fólk dundað sér við með hreinni samvisku, enda er litunin þá án allra aukafna þó ekki sé sjálfgefið hvernig útkoman verður ...

### Hvar finn ég umhverfisvænar hárvörur?

Sem dæmi um hárvörur án kemískra efna er vörumerkið Aveda. Stofnað árið 1978 af austurrísk-ameríska businessmanninum Horst Rechelbacher sem var brautryðjandi í framleiðslu eiturefnalausra hárvara. Erum vörur Aveda með mjög lágt hlutfall ammóníaks, eru að auki lífrænar og nær án rotvarnarefna og upplagt að leita að hárgreiðslustofum héraðs sem nota þær.

(Taka skal fram að önnur vörumerki sem segjast ammoniaklaus innihalda m.a. mikið magn af jarðolíu og ammóníumhýdroxíði, en það á ekki við um Avedavörur Horst Rechelbacher.) /sp

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** [www.bbl.is/smaauglysingar](http://www.bbl.is/smaauglysingar)

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is)



Notuð Cheval Liberte 2ja hesta kerra árg. 2018. Ál í hliðum, harðplasttoppur, 2ja öxla. Sjón er sögu ríkari. Verð kr. 1.400.000 m/vsk. Skipti á ódýrari möguleg. Til sýnis hjá Brimco ehf. Efribraut 6, Mosó. Uppl. s. 894-5111 eða [www.brimco.is](http://www.brimco.is) Opið frá kl.13-16.30



Til sölu - Glimákra vefstóll, 160 cm á breidd. Tvær skeiðar fylgja ásamt öðrum fylgihlutum. Verð kr. 200.000. S. 864-5503



Á einhver hvítt helluborð með 4 pottjárnshellum til að gefa/selja? S. 849-2324, [evatorfi@gmail.com](mailto:evatorfi@gmail.com)



Eldstó Art Café á Hvolsvelli er til sölu. Kjöríð tækifæri fyrir duglegt fólk. Hægt að búa á staðnum. Sjá nánar hér - <https://arborgir.is/soluskra/eign/663394>



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 [www.brimco.is](http://www.brimco.is) Opið frá kl.13-16.30.



Massey Ferguson 7620 Dyna Vt árg. 2012. Stiglaus skipting, vinnustundir 4.392 tímar. 200 hö. Frambúnaður, aflúrtak framán: 1.000 rpm. og aftan: 540, 540E, 1.000. Útskjótanlegur krókur. Lítur mjög vel út, innan sem utan. Verð kr. 10.500.000 án/vsk. Upplýsingar í s. 893-9911 og 611-9911

## SNÖRP BÓKHALD

Get bætt við mig verkefnum í bókhaldi. Nánari upplýsingar s. 691-3440 Hildur Gunnarsdóttir, viðurkenndur bókarí.



Höfum til sölu Furufliis í um 28 kg böllum, brettaafsláttur. Einnig furu spónakögglar og erlendir kögglar í 15 kg pokum. Brimco ehf. s. 894-5111 [www.brimco.is](http://www.brimco.is) Opið frá kl.13-16.30.



Solis 26, árgerð 2017, ekin um 290 vst. Á grasdekkjum, vélardekk fylgja, lítið slitin. Einnig fylgir þriggja þylu sláttuvél. Verð kr. 2.100.000. Upplýsingar í s. 697-5354



Frábær göngu- og hlaupabraut. Verð aðeins kr. 199.000. Nánar á topphjol. is, s. 661-1902.



Erum við að leita að þér? Pfaff á eitt stærsta saumavélasafn landsins og margar gersemur er þar að finna. Við leitum að aðila til að taka við þessu safni, sem hefur metnað til að hafa það til sýnis til frambúðar. Ekkert yrði greitt fyrir safnið en við þyrftum að fá vissu fyrir því að safnið okkar færi á góðan stað þar sem vel yrði hugsað um það. Nánari upplýsingar veitir Margrét í [mk@pfaff.is](mailto:mk@pfaff.is)



Díselhitari, 5kw, 12 og 24v, með öllum aukahlutum og eldsneytisgeymi. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185. Opið frá 15-17

## Jesús sagði:

„Aflið yður eigi þeirrar fæðu sem eyðist heldur þeirrar fæðu sem varir til eilífs lífs og Mannssonurinn mun gefa yður“ *Jóh. 6.27*

# MEIRAÞRÓF

## Ejarkennsla

### Nú stýttist í næsta námskeið

Upplýsingar og skráning inn á [www.aktu.is](http://www.aktu.is)

**AKTÚ**  
ÖKUSKÓLI  
Ökuskóli allra landsmanna

## Hágæða vatnshitara

**VÖRUKAUP**  
Tel. 516-2600 | [vorukaup@vorukaup.is](mailto:vorukaup@vorukaup.is)

**CLAGE**

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

**AL-KO**  
QUALITY FOR LIFE



**UNSIINN**  
TRAILER

**Schmidt**  
FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á [www.brimco.is](http://www.brimco.is) eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

**BRIMCO**

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ  
SÍMI: 894 5111 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)

**VETRARTÆKI**  
- Mikið úrval á lager -



**Fjötlógur PUV „M“ Diagonal**  
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu  
2,6m Verð: 1.290.000 kr.\*  
2,8m Verð: 1.290.000 kr.\*  
3,3m Verð: 1.450.000 kr.\*



**Fjötlógur PUV - Heavy Duty**  
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu  
3,6m Verð: 1.650.000 kr.\*  
4,0m Verð: 1.749.000 kr.\*

**Festiplötur:**  
Verð frá 70.000 kr.\*  
Slétt plata 3-punkta  
EURU/SMS EURO stór  
JCB 3CX hrað CASE 580SR

**Slitblöð**  
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



**Salt- og sanddreifari**  
EPT15, 1,5 m<sup>3</sup>, rafstýrður, 12V  
Verð: 1.650.000 kr.\*



**Fjötlógar VT320 & VT380**  
Sterkir plógar með flotgrind fyrir meiri hraða.  
Verð frá 2.890.000 kr.\*



**Salt- & sanddreifari**  
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.\*  
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr.\*  
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.\*  
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.\*  
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.\*  
Möguleiki á glussa yfirtengi.



**Snjóblásari 241 THS Flex**  
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft.  
Fyrir +70hp  
Verð 2.490.000 kr.\*

\*Verð án virðisaukaskatts



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ  
Gagnheiði 35, 800 Selfossi  
Baldursnesi 4, 603 Akureyri  
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Sólár hleðslutæki. Hafðu rafgeyminn alltaf hlaðinn. 50w sólarcella sveigjanleg með stjóra. Óll þjónusta. Verð kr. 19.900. Orkubóndinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185. Opið 15-17



Girðingastaurar 4 mm. (galv.) 40 mm. x 40 mm. x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Rafstöðvar 70 KVA og 90 KVA. Tilbúnar til notkunar. Verð kr. 1.980.000 +vsk. Upplýsingar í s. 696-9468 eða á husagerdin@husagerdin.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakk. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Snjóplógur til sölu. Verð kr. 590.000 +vsk. Uppl. í s. 899-2962



Rafstöðvar með orginal Hondavélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hjóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Eldri lager af Chevrolet orginal varahlutum á 60% afslætti. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is.



Til sölu glæsilegt málverk eftir Þránd Þórarinsson. Stærð 180/200. Myndefni er Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar. Verð kr. 750.000. Uppl. í s. 898-9475



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager: 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfriú stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfriú stáli. Stíllanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðabjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Létt og meðfærileg kerra. Burðargeta, 505 kg. Heildarþyngd 750 kg. Ekki skráningarskyld. Stærð: L 265, cm B 132 cm. Uppl. í s. 611-4923.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt: 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Glussadrifnar haughræur á ámoksturæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útílön og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m, 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is. S. 892-4163. www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, hak@hak.is



Jcb 130 beltavél. Smurkerfi, notkun 6000 tímar, með tönn að aftan. Nýyfirfarin, nýir led-kastarar. Verð kr. 7.000.000 +vsk. S. 770-0042



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniataczziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Drullutjakkur 48" og hlífðarpoki frá T-max. 25% afsláttur. Verð nú kr. 16.928. Verð áður kr. 22.570. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is



Háprýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Smágröfur í úrvali. Hér er einstaklega lipur og skemmtileg 1,2 tonna vél í verkefni sem bíða. Verð kr. 1.690.000 +vsk. Aukabúnaður í úrvali. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520



Kurlarar í úrvali. Hér er afar duglegur og gráðugur kurlari með 15 hp bensínvél og rafstarti. Verð kr. 385.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520

**Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**

S: 527 2600

**Vélavit**  
Sala - Þjónusta  
www.velavit.is



Ónotuð kamína til sölu, keypt 2017. Gengur fyrir olíu. Verð kr. 100.000. Hún er staðsett í Húsafelli og það þarf að sækja hana þangað. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband við olga@adventures.com



Tæki til framleiðslu á rúllu og screen gluggatjöldum ásamt söluinnréttingum. Ber helst að nefna stórt sniðaborð sem sker með ultrasonic bylgjum, fjöldi vandaðra innréttinga ásamt smærri framleiðslutækjum og þónokkur efnislager. S. 897-7454 eða dadi@non.is



Ég hnita landamerki, hnita nýjar lóðir, útbý skjöl sem þarf að koma til skipulagsfulltrúa, set út merkjahæla eftir hnitum og fl. Vinn á Suður- og Vesturlandi. S. 693-7992, punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is



Mjög vel með farinn Nissan Pulsar til sölu. Árg. 2018, ekinn 133 þ. km, hlaðinn aukabúnaði; Álfelgur, lykillaust aðgengi, lykillaust ræsing, bakkmyndavél, símatengi, gps á íslensku og hraðastillir. Nýir diskar+klossar að framan, nýir diskar+klossar að aftan og ný kert. Hann er á óslitnum nagladekkjum og það fylgja með sumardekk. Verð 1.590 þúsund. Upplýsingar í s. 623-0601



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribráut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Getum útvegað alla varahluti fyrir Hiab krana og fleiri gerðir af krönnum. Einnig flytjum við inn allan búnað frá Rexroth, Danfoss, Parker og fl. Útvegum fjarstýringar frá Danfoss og Scanreco. Viðgerðarþjónusta. Vökvataeki ehf. vt@vokvataeki.is - www.vokvataeki.is - s. 861-4401

Yanmar Vio57-6A beltagrafa. • 2020 árg. • 998 vst. • 5,7 tonn • Gúmibelti • Steelwrist S40 vökvahraðtengi á dipper • Steelwrist X06 rórtortilt með S40 vökvahraðtengi undir. • 2 skóflur Steelwrist 400 mm kaplaskófla og 1.200 mm. snyrtiskófla • Loftkæling • Smurkerfi. Upplýsingar í s. 660-6051. Verð kr. 9.900.000 +vsk. Umboðssala.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari, 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Porsche Cayenne 2015 dísel, sjálfskiptur, ekinn 125.000 km. Verð kr. 6.700.000. Gullfallegur og góður bíll. Upplýsingar s. 698-2312, Jón.



www.Ljardalur.is býður uppá gröfur og vinnuvélar á ótrúlegum verðum. Liðléttingar, beltavélar og allt þar á milli. Arnar@ljardalur.is eða í s. 849-3480



Sjálfsoagandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreinnt vatn (trash), 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

# Æskulýðssjóður

## Umsóknarfrestur er 15. febrúar 2024

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Sérstök áhersla verður að þessu sinni að styrkja verkefni sem stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungs fólks í tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á: [www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/](http://www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/).

Vakin er athygli á að skila þarf inn umsóknum fyrir kl.15.00 fimmtudaginn 15. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 699 2522.



# NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega  
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is  
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar  
Íslensk og ensk námskeið

Klettagördum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

## SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

# ALLAR GERÐIR TJAKKA

# VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

# Topplausnir

## Umboðsaðili Humbaur og Debon kerra

Erum að taka við pöntunum í kerrur fyrir sumarið  
Upplýsingar má nálgast heimasíðu okkar. [www.topplausnir.is](http://www.topplausnir.is)

Smíðjuvegur 12, græn gata - 200 Kópavogur - Sími 517 771 8 - [www.topplausnir.is](http://www.topplausnir.is) - [www.humbaur.com](http://www.humbaur.com)

# ÁSCO

## BÍLARAUFMAGN

### OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsþil. Hléöslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarstýringar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, amperemælar, spennuflúur 24V í 12V, trúflanabéttar, loftnetsframleiðing. Kerutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálvvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 30mm. Postulinsöryggi. Öryggjahlöður. Stór öryggi uppi 250A. Sælmýgis fyrir Landrover. Snúrusett fyrir basakveður. Basakveður. Önduflokkur. Spennustöðlar. Dúkur. Rafþryggingar. Rafþryggingar. Önduflokkur. Spennustöðlar. Dúkur. Rafþryggingar. Rafþryggingar. Önduflokkur. Spennustöðlar. Dúkur. Rafþryggingar.

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • [asco.is](http://asco.is) BÍLARAUFMAGN



# SANY

## ÁREIÐANLEIKI VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



SANY  
SY135C

AFL  
78,5 kW / 2.000 rpm

ÞYNGD  
15.000 kg\*

MOKSTURSGETA  
5.970 mm

Engcon Rótortilt EC214, EC-OIL Automatic quick coupler system.  
3 skóflur Engcon. Árgerð 2022.

NÝ SÝNINGARVÉL TILBOÐ:

Kr 16.900 þús.

SANY  
SY155U

AFL  
78,5 kW / 1.900 rpm

ÞYNGD  
16.000 kg\*

MOKSTURSGETA  
6.020 mm

Engcon Rótortilt EC219, EC-OIL Automatic quick coupler system.  
3 skóflur Engcon. Árgerð 2021.

NÝ SÝNINGARVÉL TILBOÐ:

Kr 17.100 þús.

\* fyrir utan rótortiltið

## NÝ SENDING AF LITLUM GRÖFUM FRÁ 2-9 TONNA. ERUM MEÐ VÖKVA BROTHAMRA FYRIR GRÖFUR FRÁ 3-50 TONN.



SANY  
SY80U

AFL  
53.7 kW / 2.100 rpm

ÞYNGD  
8.800 kg

MOKSTURSGETA  
4.535 mm

Verð með vökva hraðtengi, 2 skóflur 80, 150cm

Kr 10.990 þús.

Verð með STEELWRIST Rótortilt og 2 skóflum

Kr 13.600 þús.

### STEELWRIST RÓTORTILT TRYGGIR AFKÖST

STEELWRIST RÓTORTILT TRYGGIR HÁMARKS AFKÖST VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR OG SPARAR ÞÉR ÞANNIG TÍMA OG PENINGA.



GERÐ  
SY18C

AFL  
14,6 kW / 2.400 rpm

ÞYNGD  
1.925 kg

MOKSTUR  
0,04 m<sup>3</sup>

Breikkanlegur undirvagn, frá 98 cm-135 cm

Verð með hraðtengi  
og 3 skóflum:

Kr. 3.990 þús.

GERÐ  
SY26U

AFL  
15,2 kW / 2.500 rpm

ÞYNGD  
2.760 kg

MOKSTUR  
0,06 m<sup>3</sup>

Verð með 2 skóflum 60, 120 cm  
og vökva hraðtengi:

Kr 4.990 þús

Með STEELWRIST Rótortilt  
og 2 skóflum:

Kr. 6.600 þús.

GERÐ  
SY35U

AFL  
18,2 kW / 2.200 rpm

ÞYNGD  
3.860 kg

MOKSTUR  
0,12 m<sup>3</sup>

Verð með 2 skóflum 60, 120 cm  
og vökva hraðtengi:

Kr 5.990 þús

Með STEELWRIST Rótortilt  
og 2 skóflum:

Kr. 7.600 þús.

GERÐ  
SY50U

AFL  
29,1 kW / 2.400 rpm

ÞYNGD  
5.300 kg

MOKSTUR  
0,152 m<sup>3</sup>

Verð með 2 skóflum 60, 130 cm  
og vökva hraðtengi:

Kr 6.990 þús

Með STEELWRIST Rótortilt  
og 2 skóflum:

Kr. 8.600 þús.

Öll verð án VSK

Sany er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi í heimi og þekkt fyrir endingu.

Þess vegna leiðir Sany markaðinn með 5 ára verksmiðjuábyrgð, eða sem jafngildir 10.000 vinnustundum.

ELFOSS EHF. Skeifunni 17, 108 Reykjavík | elfoss@elfoss.is | www.sany.is | Sími 893-4020

LEIÐANDI  
ÁBYRGÐ  
Á MARKAÐI

5 ÁR  
OG/  
EDA 10.000 VST



**Eucerin**<sup>®</sup>

**LJÓMAÐU  
EINS OG BEST  
ÞÚ GETUR**

RÓSLITAÐ FYRIR  
NÁTTÚRULEGAN LJÓMA

**NÝTT**

+  
BÆTIR  
TEYGJANLEIKA

+  
MINNKAR  
ALDURSBLETTI

+  
FYLLIR  
HRUKKUR

**Eucerin**<sup>®</sup>

HYALURON-FILLER  
+ ELASTICITY ROSÉ

**PATENTED  
THIAMIDOL**